## Veður




Fremur hæg suðaustanátt í dag og rigning um vestanvert landið en skýjað og þurrt að kalla austan til. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast í innsveitum norðaustanlands. SJÁ SÍÐU 44

# Hannes fer yfir athugasemdir

**VÍSINDI** Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, fer nú yfir athugasemdir Félagsvísindastofnunar við skýrslu hans um erlenda áhrifaþætti hrunsins. Eins og Fréttablaðið greindi frá í febrúar hafði Guðlaug Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, skýrsluna til yfirlestrar með hliðsjón af verksamningi við fjármálaráðuneytið.

Guðbjörg segir samstarfið við Hannes gott. Skýrslan er yfir 300 síður og mun stofnunin meðal annars hafa mælst til þess að hún yrði stytt og horft sérstaklega til efnis í skýrslunni sem ekki sé í samræmi við þá verkefnalýsingu sem kveðið er á um í samningi við ráðuneytið. Skýrslunni átti að skila 2015. Vegna sumarfría sem fram undan eru má reikna með að útgáfa frestist til haustsins. **– aá**



**Hannes Hólmsteinn**

# Rændi nýbura

**BANDARÍKIN** 52 ára gömul kona, Gloria Williams, var dæmd í 22 ára fangelsi af dómstól í Jacksonville í Flórída fyrir að nema hvítvoðung á brott af fæðingardeild í Flórída árið 1998. Barnið ól hún upp sem sitt eigið í tuttugu ár.

Mannránið átti sér stað í júlí 1998. Williams hafði dulbúið sig sem hjúkrunarfræðing og gekk inn á kvennadeildina. Þar kom hún stúlkubarninu fyrir í tösku og gekk út með hana.

Williams var handtekin á síðasta ári. Þá hafði hún sagt stúlkunni sannleikann eftir að henni var neitað um að sækja um ökuskírteini þar sem hún átti ekki fæðingarvottorð eða aðrar upplýsingar um sig. **– jóe**

## Strákarnir okkar á HM



**Þeir Eyþór Árnason, Ingvi Þór Sæmundsson og Kristinn Páll Teitsson skipa teymi íþróttablaðamanna og ljósmyndara Fréttablaðsins sem heldur í dag til Rússlands og mun fylgja strákunum okkar hvert fótmál á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Eyþór, Ingvi Þór og Kristinn Páll koma til með að halda utan um og stýra öflugri umfjöllun um Heimsmeistaramótið í blaðinu og á vef blaðsins, frettabladid.is.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ók með farþega á vélarhlífinni

**DÓMSMÁL** Tvítugur karlmaður var í fyrradag dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu 850 þúsund króna sektar fyrir ölvunarakstur og líkamsmeiðingar af gáleysi. Maðurinn hafði hnýtt vélarhlíf af bifreið aftan í ökutæki sitt og látið tvo einstaklinga sitja á hlífinni meðan hann ók um. Fólkið hafði setið að sumbli skömmu fyrir slysið. Fólkið á vélarhlífinni hlaut annars vegar rifbeinsbrot og hins vegar handleggsbrot.

Maðurinn krafðist sýknu af ákæru um líkamsmeiðingar af gáleysi þar sem farþegarnir höfðu tekið áhættu með því að fá far á vélarhlífinni. Á það var ekki fallist. Auk þessa var hann ákærður fyrir fjögur ölvunar- og fíkniakstursbrot og vörslu fíkniefna. Hann var sviptur ökuréttindum í sex ár og dæmdur til að greiða sakarkostnað málsins, um 900 þúsund krónur. **– jóe**




# Seinagangur í kerfinu sé beinlínis hættulegur

**Illa gengur að innleiða veflausnir hugsaðar til að auðvelda fólki aðgengi að þjónustu sérfræðinga á borð við lækna og sálfræðinga í gegnum netið. Svipaða þjónustu má finna í nágrannalöndum. Sérfræðingum oft synjað um starfsleyfi.**

**ATVINNULÍF** Kara er veflausn þar sem sérfræðingum er boðið upp á vinnustöð á netinu í vafra sem felur í sér alla skrifstofuþætti, svo sem bókanir á netinu og reikningagátt, auk öruggs fjarþjónustubúnaðar með svokölluðum dagnótum og myndfundakerfi. Þannig geta sérfræðingar, á borð við geðlækna, talmeinafræðinga eða sálfræðinga, unnið hvar og hvenær sem er, og auðveldlega unnið með fólki hvar sem er á landinu án ferðalaga.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, stofnandi Köru, segir að forrit á borð við hennar séu framtíðin í velferðar-, heilbrigðis- og menntageiranum. Svipuð fyrirtæki hafa skotið upp kollinum erlendis, en Ísland virðist talsvert á eftir í þessum efnum.

„Allir slagir sem við erum að taka til að hreyfa við málum eru nýir, til að mynda að geðlæknar og sálfræðingar megi nota tölvu til að sinna þjónustu í gegnum vefinn. Það eru biðlistar úti um allt og vöntun á sérfræðingum. Það heyrast reglulega fréttir af börnum með kvíða, geðvanda og alls kyns þarfir. Kara getur létt álagið á spítalanum og víðar og veitt fólki þá þjónustu sem það þarf,“ segir Þorbjörg.

Þorbjörg segir íslenska sérfræðinga um allan heim og mikilvægt sé að nota þá til að bæta þjónustustigið hér í gegnum fjarþjónustu. „Við höfum lent í því að sérfræðingar, bæði sálfræðingar og talmeinafræðingar, hafi fengið neitun hjá Landlækni því þeir eru ekki með lögheimili á Íslandi, meira að segja fólk búsett í Skandinavíu. Þetta er algjörlega galin ákvörðun þegar álagið og þörfin er svona mikil. Vísað er hingað og þangað til að réttlæta þetta, meðal annars til reglugerða sem krefjast þess að til þess að öðlast starfsleyfi þarf að gera úttekt á aðgengi á vinnustað. Þetta er auðvitað bara algjörlega úr takti við nútímann,“ segir Þorbjörg.



**Veflausnir sem ætlað er að auðvelda fólki aðgengi að sérfræðingum í gegnum netið skjóta víða upp kollinum um þessar mundir.** MYND/KARA

> **Þetta er auðvitað bara algjörlega úr takti við nútímann.**
>
> Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, stofnandi Köru



Dagur Bjarnason, geðlæknir og stofnandi Tölum saman, sálfræðiþjónustu á netinu, tekur í sama streng. Svipuð fyrirtæki leiti einnig iðulega til íslenskra sérfræðinga í atvinnutilgangi.

„Okkur langar að geta boðið upp á sálfræðiþjónustu í gegnum þennan hugbúnað. Við fengum rosalega góðar móttökur í byrjun árs 2017 og Óttarr Proppé tók þetta upp á sína arma og ráðuneytið skrifaði undir samning. Landlæknir er með þetta mál á sínu borði en það hefur ekkert þokast áfram frá því í ársbyrjun 2017,“ segir Dagur.

„Allt í einu er vinnuafl farið að geta unnið í ýmsum löndum án þess að þurfa að vera á staðnum. Ég fæ reglulega atvinnutilboð um að vinna sem geðlæknir í Svíþjóð í gegnum hugbúnað við að sinna sænskum ríkisborgunum. Ég þyrfti ekki að flytja þangað, bara atvinnuleyfi. Þetta er það sem er að gerast og Íslendingar eru komnir miklu styttra en aðrir. Ég upplifi ekki að neinn sé á móti þessu en skrifræðið er svo hægvirkt að það er hættulegt.“

gunnthorunn@frettabladid.is

# HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**Skoðaðu ótrúleg tilboð í Húsasmiðjublaðinu á husa.is**

# HM veisla

## HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar

ICELAND WORLD CUP 2018

Stjúpur, 10 stk.
**999 kr**

Allt fyrir garðinn

OUTBACK
HM TILBOÐ
**25.990 kr**
~~36.990 kr~~
Gasgrill
3000393

Sjáðu verðið!
Margarita
**999 kr**

Sjáðu verðið!
HM TILBOÐ
**999 kr**
~~1.990 kr~~
Sýpris
80-100 cm.
10327160

20% afsláttur
TEXAS
HM TILBOÐ
**34.956 kr**
~~43.695 kr~~
Bensínsláttuvél Razor 4610
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari.
5085301

3 ltr
JOTUN Treolje
HM TILBOÐ
**1.995 kr**
~~2.495 kr~~
Pallaolía Jotun Treolje
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123, 33, 37

20-30% afsláttur af ÖLLUM Nilfisk háþrýstidælum
20% afsláttur
**18.980 kr**
~~23.725 kr~~
Háþrýstidæla C 110.7-5 PC X-TRA
110 bör, 1,4kW, 440 ltr./klst. Sjálfvirk gangsetning og stöðvun, Click & Clean kerfi.
5254202

25% afsláttur af ÖLLUM garðhúsgögnum
Sjáðu verðið!
HM TILBOÐ
**6.510 kr**
~~8.690 kr~~
Garðstóll Manilla
Staflanlegur.
3899591

25% afsláttur af ÖLLUM hreinlætistækjum
HM TILBOÐ
**10.240 kr**
~~13.655 kr~~
Handlaugartæki
Grohe Start.
7910800
GROHE

BLACK+DECKER
HM TILBOÐ
29% afsláttur
**4.995 kr**
~~6.995 kr~~
Rafmagnsorf GL310
300W, sláttubreidd 25 cm.
5083661

## DAGSKRÁ Í SKÚTUVOGI LAUGARDAG

**Vilmundur Hansen,** garðyrkjufræðingur, gefur góð garðyrkjuráð kl 13-16 fyrir viðskiptavini laugardag og sunnudag í Blómaval Skútuvogi.

Vinnan í garðinum
Gómsætt úr garðinum

**Bókakynning:** Höfundar kynna frábærar handbækur Blómavals frá kl. 14-16

**Allir fá pylsur** frá kl. 12-16

**Börnin fá ís** frá kl. 12-16

**HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar**

**Áfram Ísland**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

**TÖLUR VIKUNNAR** 03.06.2018 TIL 09.06.2018

**200**
milljónir er upphæðin sem hið svokallaða Biblíubréf frá árinu 1876 er metið á. Sagt er að bréfið hafi fundist í Biblíu. Á því eru fyrstu íslensku þjónustuskildingamerkin.



**186**
líffæri hafa 50 líffæragjafar gefið síðastliðinn áratug. Langmest var gefið af nýrum eða 92, og kemur lifur þar á eftir eða 43 talsins.





**502**
voru fyrirspurnir þingmanna til ráðherra þingið 2017-18. Hlutfall skriflegra fyrirspurna var 73,7 prósent.

**89.**
sætið á lista Times Higher Education yfir bestu ungu háskóla heims hlýtur Háskólinn í Reykjavík. Á listanum er að finna háskóla sem hafa starfað í 50 ár eða skemur. Alls eru 250 skólar á listanum.





**5,4**
prósent var hagvöxtur á 1. ársfjórðungi 2018. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 6,8 prósent. Einkaneysla jókst um 5,9 prósent, samneysla um 2,9 prósent og fjárfesting um 11,6 prósent.

**700**
milljónum króna nemur úthlutun ársins úr Tækniþróunarsjóði til 63 verkefna.



## Þrjú í fréttum
## Nektarlist, synjun og lífeyrir

**Hilmar Einarson**
*listspekúlant*



sagði að vissulega gæti fólk haft skoðun á því hvað væri góð og slæm myndlist en kvörtun starfsmanns Seðlabankans vegna nektarmálverka Gunnlaugs Blöndal sem þar prýða veggi er til skoðunar hjá stjórnendum. Hilmar sagði að sér hugnaðist þessi vegferð bankans illa. Þegar umræðan, í þessu tilfelli #metoo, snerist um að ritskoða listina væri farið yfir strikið.

**Anna Björnsdóttir**
*taugalæknir*



skoraði á heilbrigðisráðherra að leyfa henni að koma heim til Íslands til að sinna þjónustu sem mikill skortur væri á. Heilbrigðisráðuneytið synjaði Önnu um að starfa eftir samningi Sjúkratrygginga við sjálfstætt starfandi sérfræðilækna sem sinna taugasjúklingum.

**Sigríður Lillý Baldursdóttir**
*forstjóri Tryggingastofnunar*



sagði að skoða þyrfti lífeyrismál út frá jafnrétti kynjanna. Í Noregi stendur til að jafna muninn. Foreldrar sem eru heima með börn að sex ára aldri safna til dæmis réttindum til lífeyrisgreiðslna á meðan. Sigríður sagði þetta áhugavert en bent hefði verið á að með þessu væri verið að festa óbreytt ástand í sessi.

# Óvissa um uppi um skólavist tveggja heyrnarlausra drengja

**Ekki hefur fundist kennari til að kenna tveimur heyrnarlausum drengjum í Holtaskóla í Reykjanesbæ. Ekki var hægt að taka þá inn í deild fyrir heyrnarlausa í Hlíðaskóla þar sem þeir eru of gamlir. Foreldri kallar eftir því að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra sjái um kennslu. Ráðherra viss um að farsæl lausn finnist í málinu.**

**MENNTAMÁL** Óvissa ríkir um hvar tveir heyrnarlausir drengir munu stunda grunnskólanám næsta haust. Kennari sem hafði kennt þeim í Holtaskóla í Reykjanesbæ mun kenna við annan skóla að sumarfríi loknu. Drengirnir fá ekki inni í sérstakri deild fyrir heyrnarlausa í Hlíðaskóla.

„Þetta er ótrúlega sorgleg staða sem er komin upp. Andri Fannar hefur haft táknmálsfyrirmynd í kennara við Holtaskóla og verið þar þrjá daga í viku. Tvo daga í viku hefur hann síðan verið í Hlíðaskóla," segir Björg Hafsteinsdóttir.

Björg er móðir drengs sem er að fara í 9. bekk, Andra Fannars, en auk Andra er annar heyrnarlaus drengur í skólanum, Óðinn, sem er á leið í 10. bekk. Móðir Óðins, Birgitta Eymundsdóttir, hefur svipaða sögu að segja og Björg. Holtaskóli auglýsti í vor eftir kennara til að kenna drengjunum en auglýsingin hefur ekki skilað árangri.

„Við sóttum um fyrir þá í táknmálsdeildinni í Hlíðaskóla en fengum svarið að drengirnir væru of gamlir til að hefja þar nám og pössuðu ekki inn í módelið. Það væri í raun best fyrir þá að klára sinn grunnskóla í heimabyggð," segir Björg.

Að sögn Bjargar eru Andri og Óðinn mjög einangraðir félagslega í skóla sínum enda hægt að telja skólafélaga þeirra sem hafa vald á táknmáli á fingrum annarrar handar.



Andri Fannar í íslensku landsliðstreyjunni.

„Við höfum rætt við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra um möguleika á því að komið verði á fót hjá miðstöðinni sérstökum skóla fyrir heyrnarlaus börn þar sem þau yrðu saman óháð aldri. Þessi hópur hefur verið út undan allt of lengi," segir Björg.

Þau hafi sent bréf til ráðuneytisins en ekki fengið svar. Áður hafði Björg fundað með Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra en Björg segir Lilju vera fyrsta ráðherrann sem hafi svarað erindum þeirra. Þá hafi hún tjáð þeim að hafin sé vinna við að útbúa sérstakt námsefni fyrir



**Lilja Alfreðsdóttir.**

heyrnarlaus börn. Áður höfðu foreldrar Andra Fannars stefnt ríkinu til útgáfu námsefnis en málinu verið vísað frá þar sem það væri ekki á færi dómstóla að ganga inn á svið framkvæmdavaldsins.

„Við lítum þetta mál alvarlegum augum og erum að leita að mögulegri lausn," segir Lilja Alfreðsdóttir. Málefni grunnskóla eru í höndum hvers sveitarfélags en ráðuneytið hefur eftirlitshlutverk með þeim. Stefnt er að því að fundað verði með Reykjavíkurborg og Reykjanesbæ sem fyrst vegna málsins.

„Íslenska og íslenskt táknmál eru jafnsett í aðalnámskrá og við verðum að tryggja að yfirvöld séu að taka þetta alvarlega til að afstýra því að fólk með fötlun telji að hér séu einhverjir aðgangstakmarkanir," segir Lilja.

Aðspurð um hugmynd Bjargar um sérbekk hjá Samskiptamiðstöðinni telur Lilja að of snemmt sé að ræða það úrræði. „Við byrjum á því að funda með aðilum og kanna hvað fór úrskeiðis og hví ekki sé hægt að veita þjónustuna í sveitarfélaginu. Ég treysti því að aðilar málsins séu til í að koma saman og vinna að farsælli lausn," segir Lilja. **joli@frettabladid.is**


SUMARTILBOÐ Á
CHEROKEE
LONGITUDE
ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
TILBOÐSVERÐ
5.690.000 KR.
LISTAVERÐ 6.390.000 KR.
TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI - ÞVERHOLTI 6 - 270 MOSFELLSBÆR- SÍMI: 534 4433
WWW.JEEP.IS - WWW.ISBAND.IS - ISBAND@ISBAND.IS - OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# TOYOTA Sumargrill

**Í dag, laugardag 9. júní kl. 12–16**




**Sumarsýning hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi**
Seint kom sumar en kom þó – og í tilefni af því blásum við til sumarlegrar stórsýningar hjá Toyota um allt land. Sérstakt sumartilboð á völdum bílum og glóðheitt góðgæti á grillinu frá Kjötkompaníinu. Öllum nýjum seldum bílum á sýningunni fylgja sumarbirgðir af grillkjöti og fimm heppnir reynsluökuþórar hreppa 100.000 kr. gjafakort frá 66°Norður.
Sjáumst um helgina, sólbökuð og svöng.

## YARIS GRMN



**Reynsluaktu Yaris GRMN með Kristjáni Einari**, fyrrverandi akstursíþróttamanni. Hann mun keyra hring með áhugasömum sýningargestum í Kauptúni og útskýra helstu eiginleika bílsins.

**Sértilboð á völdum bílum**

**Reynsluaksturs-happdrætti**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Kjötkompaní

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 88622 06/18

## 19 ljósmæður hætta um mánaðamótin

**KJARAMÁL** Félagsmenn í Ljósmæðrafélagi Íslands felldu í gær kjarasamning sem kjaranefnd ljósmæðra og ríkið undirrituðu í síðustu viku. 63 prósent þeirra félagsmanna sem þátt tóku greiddu atkvæði gegn samningnum en 33 prósent með.



Katrín Sif Sigurgeirsdóttir

Kjaradeila ljósmæðra hefur verið hörð undanfarna mánuði og hafa allnokkrar ljósmæður sagt upp störfum hjá ríkinu í mótmælaskyni vegna slæmra kjara og álags á vinnustað. Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður kjaranefndar ljósmæðra, segir að nítján uppsagnir taki gildi næstu mánaðamót á Landspítalanum.

Katrín segir að þar sem vika sé liðin frá því samningurinn var kynntur og enginn hafi enn dregið uppsögn sína til baka þyki henni ólíklegt að uppsagnir verði dregnar til baka. „Miðað við kosninguna og hitann í konum þætti mér líklegra að það bætist í frekar en hitt.“

Kjaranefndin stefnir á að hittast um eða strax eftir helgi og í kjölfarið verður stöðufundur hjá Ríkissáttasemjara „vonandi sem allra fyrst“.

„Vonandi verður gengið rösklega til verks, gert betur og komið fram við ljósmæður af þeirri virðingu sem þær eiga skilið,“ segir Katrín. – þea

## Dansað á Eiðistorgi



Grunlausum gestum verslunarkjarnans Eiðistorgs á Seltjarnarnesi hefur ef til vill brugðið í brún í gær þegar þeir gengu inn á hóp dansara. Eðlileg skýring var þó á uppákomunni enda var Íslenski dansflokkurinn þar að sýna verkið The Great Gathering. Uppsetningin er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík en verkið er úr smiðju danshöfundanna tveggja Ásrúnar Magnúsdóttur og Alexanders Roberts. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Áhyggjur af atvinnuleysi menntaðra

**Formaður BHM segir að virkja þurfi mannauð og hugvit til að bregðast við breytingum á vinnumarkaði. Aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar segir störfum fyrir háskólamenntaða ekki fjölga nógu hratt. Staða nýútskrifaðra háskólanema skýrist ekki fyrr en í haust.**

**VINNUMARKAÐUR** „Við þurfum að segja skilið við 20. öldina þegar kemur að atvinnuuppbyggingu,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, en hún hefur áhyggjur af langtímaatvinnuleysi háskólamenntaðra.

Rúmlega þrjú þúsund manns verða brautskráðir úr háskólum landsins núna í júní en heildarfjöldi brautskráðra hefur vaxið umtalsvert á síðustu árum. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær fjölgaði umsóknum um háskólanám mikið milli ára vegna breytinga á fyrirkomulagi náms til stúdentsprófa.

Samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun voru rúmlega 1.100 háskólamenntaðir einstaklingar á atvinnuleysisskrá í mars. Þar af höfðu 469 verið án atvinnu lengur en sex mánuði.

Þórunn segir að fjöldi háskólamenntaðra á atvinnuleysisskrá hafi ekki minnkað undanfarin misseri. Nú sé svo komið að háskólamenntaðir séu um fjórðungur allra á atvinnuleysisskrá. Það sé tiltölulega ný staða á vinnumarkaði.

Töluverð fjölgun varð í háskólum landsins í kjölfar hrunsins. „Við vitum ekki hvaða áhrif eftirmál hrunsins hafa haft. Það eru fleiri sem sækja sér háskólamenntun sem er í



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM

sjálfu sér hið besta mál. Hins vegar virðast hvorki vinnumarkaðurinn né umgjörð efnahagslífsins viðbúin þessum breytingum.“

Þórunn segir ekkert benda til að stjórnvöld eða aðrir séu að búa sig undir að stíga inn í 21. öldina. „Við þurfum að fara að gera eins og aðrar þjóðir sem hafa virkjað hugvit og mannauð með öðrum hætti en við höfum gert. Við auglýsum eftir því að hér verði tekin stefna á framtíðina.“

Unnur Sverrisdóttir, aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar, segir stöðu þeirra sem brautskrifast úr háskólum nú í júní ekki verða skýra fyrr en í haust. „Sumartíminn er góður þar sem margir fá vinnu við sumarafleysingar. Svo eru ákveðnar greinar þar sem framboð starfa er meira, sérstaklega heilbrigðis- og tæknigreinar.“

Unnur segir vandamálið að störfum fyrir háskólamenntaða fjölgi ekki nógu hratt. „Þetta er hópur sem er lengur að finna sér vinnu við hæfi. Vöxturinn hefur verið aðallega í ferðamanna- og byggingariðnaði og það eru mest störf sem gera ekki miklar kröfur um menntun.“

Vinnumálastofnun býr yfir sérstöku úrræði sem felst í því að fyrirtæki og stofnanir geta ráðið starfsfólk af atvinnuleysisskrá og fengið styrk á móti. Unnur segir að þetta úrræði hafi verið auglýst sérstaklega með áherslu á háskólamenntaða.

„Úrræðið hefur reynst vel í gegnum tíðina og við vildum láta vita af þeim mannauði sem væri fyrir hendi. Okkur hafa borist 72 laus störf og er þegar búið að ráða í um 40 þeirra.“ sighvatur@frettabladid.is



# Meira gourmet






**Sósur sem gera góðan borgara betri**

**349** kr/stk

ÍSLANDS NAUT

**Smash Style hamborgarar**

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g |
|---|---|---|
| **479** kr/pk | **559** kr/pk | **639** kr/pk |
| Verð áður 599 | Verð áður 699 | Verð áður 799 |




**NÝJUNG**

**Rufus Teague Rub**

**799** kr/stk

Tilboð gilda út 10. júní

**50% afsláttur**




**Katla vöfflu- og pönnsumix**

Hrista & baka

Verð frá **154** kr/pk
Verð áður 309




**NÝJUNG**

**Freyja spyrnur**

Lakkrís-spyrnur og Föds-spyrnur

**399** kr/pk




**Krispy Kreme kaffi**

Hin fullkomna kaffiblanda. 100% Arabica. Baunir og malað. Framleitt af Te & Kaffi

**998** kr/pk

SÓLHEIMAR ECO-VILLAGE

## UPPSKERUHÁTÍÐ 30% AFSLÁTTUR

SÓLHEIMAR ECO-VILLAGE



**Lífrænar Agúrkur**

Verð frá **279** kr/pk
Verð áður 399



**Lífrænir tómatar**

Verð frá **384** kr/pk
Verð áður 549



**Lífrænn kúrbítur**

**489** kr/kg
Verð áður 699

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga

# Ráðuneytið brást Braga

**STJÓRNSÝSLA** Velferðarráðuneytið gerði ekki fullnægjandi ráðstafanir til að upplýsa ávirðingar sem þrjár barnaverndarnefndir báru á Braga Guðbrandsson, forstjóra Barnaverndarstofu, í lok 2017, samkvæmt niðurstöðu óháðrar úttektar. Þá virti ráðuneytið andmælarétt Braga að vettugi með því að hafa kynnt honum þá niðurstöðu að hann hefði farið út fyrir verksvið sitt í tilteknu barnaverndarmáli, án þess að gefa honum kost á að kynna sér gögn málsins og tjá sig um þau.

Í úttektinni kemur einnig fram að samkvæmt gögnum verði ekki séð að Bragi hafi farið út fyrir verksvið sitt í málinu. Ráðuneytið hyggst verða við beiðni Braga um um endurupptöku á athugun málsins. **– aá**



**Bragi Guðbrandsson**


## ÚTHLUTANIR ÚR HÖFUNDASJÓÐI

FK SÍÐAN 1966

Félag kvikmyndagerðarmanna auglýsir eftir umsóknum til úthlutunar úr höfundasjóði félagsins fyrir kvikmyndir sem frumsýndar voru í sjónvarpi eða kvikmyndahúsum, gefnar út á DVD, eða birtar með öðrum hætti fyrsta sinn annarsvegar á árunum 2013-2015 og hinsvegar 2016.

Rétt til úthlutunar skv. samþykktum FK eiga:

- **- Kvikmyndastjórar (ekki leiknar myndir)**
- **- Kvikmyndatökumenn**
- **- Klipparar**
- **- Hljóðhöfundar**
- **- Ljósahönnuðir**

Hægt er að sækja umsóknareyðublað
**www.filmmakers.is**

Umsóknir skulu berast:

Félagi kvikmyndagerðamanna,
pósthólf 1652, 121 Reykjavík.
eða á tölvupósti til filmmakers@filmmakers.is

**Umsóknarfrestur er til 21. júní 2018.**
Ekki verður tekið tillit til umsókna sem berast eftir þann tíma.



## Hagþróun á forsendum jöfnuðar og hlutverk verkalýðsfélaga

**Opinn fyrirlestur og pallborð í boði Eflingar-stéttarfélags**

**mánudaginn 11. júní kl. 16:30 á Grand Hóteli**

**Özlem Onaran** prófessor í hagfræði flytur erindi og að því búnu verður boðið til pallborðsumræðna.
Í pallborði sitja:

- **Gylfi Magnússon**, hagfræðingur
- **Drífa Snædal**, framkvæmdastjóri SGS
- **Róbert Farestveit**, hagfræðingur hjá ASÍ

**Fundarstjóri er Þórhildur Ólafsdóttir**, dagskrárgerðarkona á Rás 1.

Textatúlkun á ensku.

*Fundurinn er hluti af fundaröðinni **Stóra myndin** þar sem Efling býður til umræðna um vinnumarkaðstengd málefni sem kunna að skipta sköpum á komandi kjarasamningavetri.*

EFLING STÉTTARFÉLAG




**Endurnýjun bílaflotans er hröð þessa dagana í takt við aukinn kaupmátt almennings.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aldrei áður fleiri bílum verið hent á haugana

**Íslenski bílaflotinn yngist hratt þessi dægrin þar sem við virðumst kaupa mun fleiri nýja bíla en áður. Met var slegið í fyrra yfir bíla sem var hent á haugana. Formaður FÍB telur markaðinn vera að leita jafnvægis eftir efnahagshrunið.**

**SAMGÖNGUMÁL** Met var slegið í fyrra hvað varðar fjölda afskráðra ökutækja en Íslendingar hafa aldrei hent jafn mörgum bílum á einu ári. Sala nýrra bíla hefur að sama skapi margfaldast frá hrunárunum. Rúmlega 27 þúsund ökutæki voru skráð ný inn á markaðinn í fyrra og hafa 11 þúsund ökutæki verið skráð á þessu ári.

„Þessi aukning afskráðra ökutækja nú á sér ýmsar skýringar. Sú veigamesta er sú að í kjölfar hrunsins hrundi nýbílasala hér á landi og það verður mikill markaður með eldri ökutæki. Í raun má tala um verðbólgu í ódýrustu bílunum á þessu tímabili eftir hrun,“ segir Runólfur Ólafsson, formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda. „Þannig að þar varð til stór hluti íslenska bílaflotans sem ekki gekk í endurnýjun lífdaga eins og algengt er í hefðbundnu árferði.“

Sala nýrra bíla hefur einnig aukist. Með auknum kaupmætti almennings hafa æ fleiri neytendur horft til nýrra bíla á kostnað eldri. „Það sem við sjáum núna er að innflutningur á bílum er að aukast á nýjan leik og þá hrynja þessir ódýrustu bílar í verði. Að einhverju leyti eru þeir að skila sér í endurvinnslu til eyðingar þar sem ekki fæst verð fyrir bílana. Það má segja að tímabilið eftir hrun hafi verið mjög óvenjulegt og því er markaðurinn nú að leita jafnvægis,“ bætir Runólfur við.

Gamlir og úr sér gengnir bílar menga mun meira en þeir bílar sem eru að koma inn á markaðinn í dag. Þetta hjálpar því íslenskum stjórnvöldum að einhverju marki að ná markmiði sínu um minni losun gróðurhúsalofttegunda af völdum samgangna. „Kosturinn við þetta er að eyðsla bílaflotans á óendurnýjanlegum orkugjöfum minnkar. Bæði þar sem fleiri hreinir raforkubílar og tengitvinnbílar eru að koma á markaðinn sem og að nýrri bílar menga mun minna en þeir eldri. Því er þetta jákvætt skref að mörgu leyti,“ segir Runólfur. **sveinn@frettabladid.is**

**Fjöldi fólksbíla sem eru afskráðir á hverju ári**






**Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB**

# Átta hafa dregið uppsögn sína til baka

**HARPA** Átta þjónustufulltrúar hjá Hörpu hafa dregið uppsagnir sínar til baka eftir að stjórn Hörpu ohf. kynnti ákvörðun sína um að tímakaup þeirra muni taka mið af samningum sem voru í gildi á síðasta ári.

Fréttablaðið greindi frá því í byrjun maí að fjöldi þjónustufulltrúa hjá Hörpu hefði sagt upp eftir fregnir af því að laun forstjóra tónlistarhússins hefðu hækkað nánast á sama tíma og þjónustufulltrúum var gert að taka á sig launalækkun í hagræðingarskyni.

Leiðréttingin sem stjórn Hörpu kynnti felst í því að frá 1. júní verði tímakaupið 26,1 prósenti yfir taxta stéttarfélagsins eða að meðaltali 2.935 krónur á klukkustund í kvöld- og helgarvinnu.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, að fjórtán hafi kosið að ljúka störfum og að nú verði farið í það að útfæra starfslok þeirra.

Hún segir að á þriðja tug starfsumsókna liggja fyrir og stefnt er á að ljúka ráðningum þegar líður á sumarið. **– khn**






# Heima

Fáðu þér Heima, allt í einum pakka fyrir heimilið. Bestu fjarskiptin sem við höfum upp á að bjóða og sjónvarpsáskrift sem hentar þér.

**Verð frá 12.990 kr. á mánuði.**

**Kynntu þér málið á Vodafone.is**

## Afþreying

- Þú velur á milli: Stöð 2, Stöð 2 Maraþon, Stöð 2 Sport, Golfstöðin, Skemmtipakkinn, Sportpakkinn eða Risapakkinn.

MARAÞON · Krakkar · BÍÓ · SPORT · Golfstöðin · hopster · 3 · CIRCUS

**+ yfir 60 erlendar stöðvar**

## Nýr Samsung UHD/4K myndlykill

- Vodafone Sjónvarp
- Leigan, Frelsi, Tímavél og Vodafone PLAY appið

## Internet

- 1000 Mb/s, ávallt mesti hraði
- Ótakmarkað gagnamagn

## Heimasími

- Ótakmarkað í alla farsíma og heimasíma á landinu
- Ótakmarkaðar mínútur til útlanda

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

# Segist líða vel í ríkisstjórnarsamstarfinu

**Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir ríkisstjórnarsamstarfið ganga vel og kann vel við samstarfið með Bjarna Benediktssyni og Sigurði Inga Jóhannssyni. Hún segist ekki hugsa um eigin arfleifð, enda ráði maður henni sjaldnast sjálfur. Hún stefnir á að gefa út bók.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Í aðdraganda forsetakosninga fyrir tveimur árum horfðu margir til Katrínar Jakobsdóttur sem næsta forseta lýðveldisins.

„Ég hafði aldrei sjálf neinn metnað til þess að verða forseti. En mér þótti vænt um að fá hvatningu og finna stuðning frá alls konar fólki sem ég met mikils og virði mjög mikils,“ segir Katrín. Þess vegna hafi hún ákveðið að hugsa málið. „En það var einfaldlega þannig að um leið og ég byrjaði að hugsa þetta sem alvöru möguleika fékk ég slíkan hnút í magann að ég svaf ekki í nokkra daga. Svo hugsaði ég að ef þetta væri það sem gerðist þegar ég hugsaði um þetta þá ætti ég ekki að gera þetta.“

Katrín hélt því áfram í hlutverki sínu sem formaður VG og þingmaður. Hún myndaði ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum og nú er liðlega hálft ár liðið frá því að ríkisstjórn Katrínar tók við völdum og það hillir undir lok fyrsta þingvetrar stjórnarinnar.

„Ég hef mest verið heima að sinna verkefnum sem eru kunnugleg að einhverju leyti. En það sem hefur verið mér algjör nýlunda er að koma fram fyrir hönd Íslands á vettvangi erlendis. Fyrst í París í desember, á fundi sem Emmanuel Macron hélt um loftslagsmál en síðan á fundi með Angelu Merkel.“ Katrín segist taka þessu hlutverki alvarlega. „Maður hefur alltaf vitað að það skiptir máli að vera í góðum samskiptum við nágrannaríkin en þarna finnur maður það áþreifanlega hve miklu það skiptir og það er nýja reynslan í þessu starfi.“

**Samstarfið ekki of dýrkeypt**

Það var ekki einhugur um það í VG að ganga til stjórnarsamstarfs við Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn og í Fréttablaðinu í vikunni sagði Edward Huijbens, varaformaður VG, flokkinn hafa fengið yfir sig margar gusur síðan ríkisstjórnin var mynduð. Nýlegt veiðigjaldamál hefur verið gagnrýnt innan flokksins og minnihlutinn á Alþingi gagnrýndi fjármálaáætlunina harðlega. Katrín segir það þó ekki sína upplifun að stjórnarsamstarfið hafi reynst sér eða VG of dýrkeypt.

„Nei, það finnst mér alls ekki. Við getum horft á söguna. Við höfum einu sinni áður tekið þátt í ríkisstjórn. Það var 2009 til 2013 og þá töpuðum við helmingi fylgis okkar. En ég hefði aldrei nokkurn tímann sleppt því að gera það. Af því að við náðum árangri og það sama á við um þetta samstarf. Ég sagði í upphafi að líklega myndi þetta bitna á fylgi okkar og það væri breyta sem



**Katrín Jakobsdóttir er ósammála því að stjórnarsamstarfið hafi reynst sér eða VG of dýrkeypt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



> **Auðvitað hentar það samt sumum að skrifa þetta allt á ríkisstjórnarsamstarfið.**



við skyldum taka til greina. Ég held að sögulega hafi flestir flokkar tapað fylgi á því að taka þátt í ríkisstjórn á undanförnum árum.“

Katrín segist líta á fjármálaáætlunina sem gríðarlega gott mál. „Ég held að hún hafi ekki verið okkur erfið enda sjást okkar áherslur þar skýrt. Við erum í stórsókn í heilbrigðismálum. Við erum að sækja fram í menntamálum og það er mér mikið fagnaðarefni, eftir að hafa verið menntamálaráðherra á mesta niðurskurðartíma á lýðveldistímanum, að sjá að við erum loksins að gefa í í menntamálum. Þau eru undirstaðan fyrir framtíðina. Við erum að sækja fram í samgöngumálum og að boða kjarabætur fyrir öryrkja. Við buðum okkur fram í síðustu kosningum til þess að ráðast í uppbyggingu og fórum í ríkisstjórn til þess. Það er gríðarlega mikil uppbygging fram undan í þessari fjármálaáætlun og við erum stolt af henni.“

### Veiðigjöldin mikið rædd í VG

Katrín segir að aftur á móti hafi verið mikil umræða um veiðigjöldin innan VG, enda hafi hún lagt það til í vikunni að veiðigjöldin yrðu óbreytt fram að áramótum í stað þess að þau lækkuðu eins og frumvarp meirihluta atvinnuveganefndar kvað á um. Málið verður tekið upp á næsta þingi og þá verði menn að gera upp við sig hvort þeir vilji að veiðigjöld miðist við rekstur útgerðarinnar nær í tíma og hvort gjöldin eigi að vera afkomutengd.

Katrín segir ríkisstjórnina leggja áherslu á tvö meginverkefni á næstunni. Annars vegar eru það loftslagsmál. „Þar erum við með öflugan og framsýnan umhverfisráðherra og einbeittan pólitískan vilja innan ríkisstjórnarinnar um að stefna að þeim markmiðum sem við setjum okkur um kolefnishlutleysi. Fyrstu skrefin verða tekin á næstunni. Það er verið að móta aðgerðaráætlun í loftslagsmálum sem verður kynnt á næstunni. Um leið erum við að taka fyrstu skrefin í því að gera Stjórnarráðið kolefnishlutlaust.“

Hitt er að Íslendingar átti sig á því hvernig þeir mæti fjórðu iðnbyltingunni. „Tæknibreytingum; aukinni sjálfvirknivæðingu og hvar ætlum við að vera gerendur í þessari tæknibyltingu. Hvaða áhrif mun þetta hafa á vinnumarkaðinn og réttindi launafólks? Hvað áhrif mun þetta hafa á einstaka greinar og arðsemi þeirra? Hvaða áhrif mun þetta hafa á skattkerfið og atvinnulífið ef það verður fækkun starfa í tilteknum greinum? Hvert mun arðsemin af því skila sér? Þetta eru stóru spurningarnar,“ segir Katrín, sem segist jafnframt hafa sett saman sérfræðihóp sem mun skila samantekt um málið í haust og um leið verður efnt til umræðu.

„Það er mín sýn að þessi ríkisstjórn geti náð miklum áföngum í því að gera góða hluti þegar kemur að nýsköpunarhagkerfinu á Íslandi, að gera atvinnulífið fjölbreyttara þannig að við séum betur í stakk búin til þess að mæta fjórðu iðnbyltingunni en líka gagnvart efnahagssveiflum umheimsins.“

### Ræður sjaldnast eigin arfleifð

Sumir stjórnmálamenn velta því fyrir sér hver arfleið þeirra í stjórnmálum verður. Katrín segist hafa verið spurð að því hver hún vildi að hennar arfleifð yrði sem forsætisráðherra yrði en hún veltir því lítið fyrir sér.

„Í fyrsta lagi þá ræður maður því sjaldnast sjálfur hver arfleifðin verður og ég tek einn dag í einu. Ég er búin að nefna stóru verkefnin sem við höfum sett á dagskrá, en nefna má mörg önnur verkefni. Ég sleppi til dæmis engu tækifæri til þess að ræða kynjajafnrétti og þar stendur Ísland mjög vel í alþjóðlegu samhengi,“ segir Katrín og bætir við að nú hafi ný aðgerðaáætlun gegn kynferðisofbeldi verið fjármögnuð.

„En svo þótti náttúrlega merkilegt í sjálfu sér að reyna svona ríkisstjórn,“ segir Katrín. Þriggja flokka stjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og VG hefur aldrei áður verið mynduð.

### Bjarni og Sigurður Ingi ágætir

Katrín segir samstarf milli ráðherra í ríkisstjórninni ganga vel en víkur sér fimlega undan þeirri spurningu hvort hún kunni betur við Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, eða Sigurð Inga Jóhannsson, formann Framsóknarflokksins.

„Þeir eru mjög ólíkir og báðir ágætir. Ég myndi segja að það sem einkenndi þetta samstarf væru heilindi. Ég upplifi það þannig að mér finnst enginn vera að leyna mig neinu. Ég kann mjög vel við formenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í þessu samstarfi og ég hef reyndar kunnað vel við þá lengi. Frá því áður en ég byrjaði að vinna með þeim,“ segir Katrín og hlær.

### Vonbrigði með sveitarstjórnir

Katrín segir niðurstöðu sveitastjórnarkosninganna ákveðin vonbrigði. „Ég hef nú fyrst og fremst áhyggjur af því hve treglega okkur hefur gengið, frá því að ég byrjaði í þessum flokki árið 2002, að festa okkur í sessi á sveitarstjórnarstiginu. Við vorum í ár með V-listaframboð í 10 sveitarfélögum. Það er sami fjöldi og síðast en okkar fulltrúum fækkar núna um einn á þessum listum. Það voru vonbrigði en fyrst og fremst eru það vonbrigði að við höfum ekki náð að festa okkur í sessi. Við ætlum ekki að láta þessar sveitarstjórnarkosningar líða hjá. Við ætlum að fara í umræðu um okkar mál alveg eins og við gerðum þegar við töpuðum helmingi fylgis í kosningunum 2013,“ segir Katrín.

„Ég skynja mikla einurð í því verkefni. Flokkakerfið er breytt á Íslandi. Við erum ekki lengur með einhvern fjórflokk og eitt fimmta hjól. Sá veruleiki er bara búinn. Núna erum við með átta flokka á Alþingi og sextán framboð í Reykjavík. Það þýðir að staða allra breytist og við þurfum að hugsa okkar sýn og hlutverk.“

Hún útilokar þó ekki að ríkisstjórnarþátttakan geti verið ein ástæða þess hvernig fór í nýliðnum kosningum. „En ég læt ekki segja mér það, þegar ég horfi á sögu okkar í sveitarstjórnarkosningum, að hún hafi ráðið öllu. Auðvitað hentar það samt sumum að skrifa þetta allt á ríkisstjórnarsamstarfið,“ bætir hún við.

### Skemmtilegast að kenna

Katrín segist ekkert hafa ákveðið um framtíðina að loknu kjörtímabilinu. „Ég veit að það verður nóg að gera þegar og ef ég hætti í pólitík. Nú ætla ég að klára kjörtímabilið og svo tekur maður bara nýja ákvörðun þegar næstu tímamót blasa við,“ segir Katrín og bætir við að þegar hún bauð sig fram fyrst til þings árið 2007 hafi hún einungis ætla að vera í tvö kjörtímabil, eða átta ár. Nú séu árin orðin tíu.

„Ég er með fullt af verkefnum óunnum. Ég á eftir að skrifa skáldsögu og á alltaf eftir að taka kennsluréttindi. Það að kenna finnst mér skemmtilegasta starf sem ég hef sinnt. Jafnvel að meðtöldu því starfi sem ég er að sinna í dag. Ég hef yndi af íslensku og íslenskum texta, þó að ég sletti mikið og Kristján Þór Júlíusson skammi mig á hverjum einasta ríkisstjórnarfundi fyrir óvandað málfar,“ segir hún og hlær.






Frá fangabúðum Sovétríkjanna árið 1943. NORDICPHOTOS/GETTY

## Eyðileggja skjöl um Gúlagið

**RÚSSLAND** Yfirvöld í Rússlandi fyrirskipuðu árið 2014 að eyðileggja skyldi skjöl sem tengdust sovéska Gúlaginu. Þetta kemur fram í bréfi sem Róman Rómanov, framkvæmdastjóri Gúlagsafnsins í Moskvu, sendi Vladímír Pútín forseta og Míkhaíl Fedotov, formanni mannréttindaráðs Rússlands.

Lettnesk-rússneski miðillinn Medusa fjallaði um málið í gær og sagði að Sovétríkin hefðu geymt skjöl um skráningu fanga sem létu lífið í Gúlaginu en skjölunum hafi verið fargað ef fangar lifðu vistina af. Þeir fangar sem lifðu vistina af fengu svo sérstakt skírteini um vistina og meðal annars þau skírteini eru rússnesk yfirvöld nú sögð eyðileggja.

Samkvæmt Medusa munu þessar aðgerðir hafa hrikalegar afleiðingar fyrir störf sagnfræðinga sem rannsaka hvað fram fór í Gúlaginu, umfang þess og afdrif fanga. Þá verði erfiðara fyrir Rússa að komast að því hvað varð um ættingja sína sem sendir voru í Gúlagið.

Alexander Makejev, sem sér um skjalsafn Gúlagsafnsins, sagði við Interfax í gær að hann hefði uppgötvað hina leynilegu skipun og komst einnig að því að nú þegar hefði slíkum skjölum verið eytt í Magadan-héraði, þar sem einar stærstu fangabúðir Sovétríkjanna voru.

Fedotov sagði í viðtali við Kommersant að hann myndi rannsaka málið sérstaklega. „Þetta er grundvallaratriði. Við erum að tala um sögufölsun. Þegar skjölin eru til staðar er nær ómögulegt að falsa þau en þegar engin skjöl eru til staðar er hægt að segja hvað sem maður vill," sagði Fedotov.

Vladímír Sjírínovskí, formaður þjóðernishyggjuflokksins Frjálslyndra demókrata, gagnrýndi aðgerðirnar í gær og sagði að upplýsingar sem þessar ætti að opinbera, þeim ætti ekki að eyða. Rússar ættu að vita sannleikann um fortíð ríkisins. **– þea**

# Trump stal senunni

### Allra augu eru á Trump Bandaríkjaforseta á fundi leiðtoga G7-ríkja í Kanada. Kvartaði yfir ósanngjörnum viðskiptaháttum og vildi Rússa aftur að borðinu.

**KANADA** Líkt og svo oft áður voru allra augu á Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, þegar hann mætti á fund leiðtoga G7-ríkjanna í bænum La Malbaie í Quebec í Kanada í gær. Undanfarnar vikur hafa Bandaríkin átt í útistöðum við Evrópusambandsríki, Mexíkó og Kanada vegna tolla sem Bandaríkin settu á ál og stál sem og mótvægisaðgerða fyrrnefndra ríkja.

Á leið til fundar sagði Trump að hann myndi taka á „ósanngjörnum viðskiptaháttum" Evrópusambandsins og Kanada. „Við munum ræða um þessa ósanngjörnu viðskiptahætti. Ef þú skoðar hvað Kanada, Mexíkó og Evrópusambandið hafa verið að gera okkur undanfarna áratugi. Við verðum að breyta því. Og þau skilja að það er að fara að gerast," sagði forsetinn.

En tollamálin eru ekki eini ásteytingarsteinninn í samskiptum Bandaríkjanna og annarra stórvelda um þessar mundir. Langt er á milli Trumps og annarra leiðtoga G7-ríkjanna þegar kemur að kjarnorkusamningnum við Íran og loftslagsmálunum.

Þá sagði Trump einnig að Rússar ættu að fá að koma aftur að borðinu. Rússum var vikið úr hópnum, sem þá kallaðist G8, árið 2014 eftir innlimun Krímskaga. Ríkin sem eftir standa eru Kanada, Bandaríkin, Ítalía, Frakkland, Japan, Þýskaland og Bretland.

„Rússland ætti að vera á fundinum. Af hverju erum við að funda án Rússa? Þið vitið það, hvort sem ykkur líkar það betur eða verr, og það er kannski engin pólitísk rétthugsun fólgin í því, en við þurfum að stjórna þessari veröld. Og á vettvangi G7, sem var áður G8, hentu þau Rússum út. Þau ættu að leyfa Rússum að koma aftur inn. Rússar ættu að fá sæti við borðið," sagði Trump.

Rússar virðast hins vegar ekki hafa eins mikinn áhuga og Trump. Dmítrí Peskov, fjölmiðlafulltrúi Rússlandsstjórnar, var áhugalítill þegar blaðamenn spurðu hann út í orð Trumps. „Við erum að einbeita okkur að öðru," sagði Peskov sem var í fylgd Vladímírs Pútín forseta í Kína.

**thorgnyr@frettabladid.is**



Angela Merkel ræðir við Trump, ef til vill um tollamálið. NORDICPHOTOS/AFP

> **Af hverju erum við að funda án Rússa?**
>
> Donald Trump, Bandaríkjaforseti




5. – 7. september 2018

Norræn ráðstefna um velferð barna

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús Reykjavík

Hvernig getum við tryggt gæði og stuðlað að jafnrétti í barnavernd?

- **Forráðstefna** – 20 ára afmæli íslenska Barnahússins
- **NBK 2018** - Opnunarávarp Próf. Eileen Munro
- **Áhugaverðir** aðalfyrirlesarar frá Norðurlöndunum
- **Mikilvægar** málstofur á ensku og skandinavísku
- **Ráðstefnupartý** með „The Whales of Iceland"

Nýttu tækifærið til að kynnast því nýjasta frá Norðurlöndunum í velferðarmálum barna. Haltu með okkur uppá tuttugu ára afmæli íslenska Barnahússins. Hlustaðu á áhugaverða fyrirlestra frá Íslandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Færeyjum og Englandi. Taktu þátt í málstofum þar sem gefinn er tími til umræðna og skoðanaskipta. Njóttu þess að borða góðan mat og hitta fólk á skemmtilegum stað. Skráðu þig núna á Norræna ráðstefnu um velferð barna. Allir fyrirlestrar og flestar málstofur verða á ensku.

Skráning og allar upplýsingar á **www.nbk2018.is**

BARNAVERNDARSTOFA

NBK 2018 THE NORDIC CONGRESS ON CHILD WELFARE




# Sumarsýning Mercedes-Benz.

## Nýr A-Class frumsýndur í dag kl. 12–16.

Við bjóðum upp á sumarlega stemningu með Mercedes-Benz í dag. Komdu og skoðaðu glæsilegt úrval bíla og finndu hinn fullkomna ferðafélaga fyrir sólríka og bjarta sumardaga.

Við frumsýnum glænýjan A-Class, einstakan bíl sem er hlaðinn tæknilausnum og mun koma þér skemmtilega á óvart. Í salnum verða auk þess C-Class Cabriolet blæjubíll, CLA og C350e Station, GLS með AMG útliti og GLE í Final Edition útgáfu. Gestir sem taka þátt í léttum leik eiga möguleika á að eignast glæsilegt Weber ferðagrill fyrir sumarið. Í tilefni dagsins bjóðum við 30% afslátt af Mercedes-Benz golfvörum aðeins þennan eina dag.

Hlökkum til að sjá þig.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram



# Draumaíbúðin er í 201 Smára

**201 Smári er nútímaborgarhverfi sem uppfyllir þarfir þeirra sem telja mikilvægt að nýta vel og njóta alls þess sem þeir eiga, fermetra jafnt sem tímann. Lifðu í núinu.**

Pipar\TBWA \ SÍA

## Nútímaleg nálgun

Íbúðirnar eru vel skipulagðar og hugað vel að nýtingu allra rýma með áherslu á hagkvæmni og snjallar lausnir. Hönnunin byggist að hluta til á hugmyndum frá almenningi sem fékk tækifæri til að gefa álit sitt á tilhögun íbúða, húsa og hverfis.

Stærð íbúða er frá 50 m$^2$, allt frá stúdíóíbúðum upp í fimm herbergja fjölskylduíbúðir. Borgarhverfi með verslunum og veitingastöðum sem skapa hlýlega miðbæjarstemningu.



**Sala íbúða hefst í ágúst**



## Næaldu þér í draumaíbúðina

Skráðu þig á póstlistann hjá okkur og fáðu upplýsingar áður en formleg sala hefst. **Nánari upplýsingar á 201.is**




# Snjallhverfi hannað frá grunni

201 Smári er hannað frá grunni sem heildstætt hverfi miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem stutt er í þjónustu, verslanir og stofnbrautir. Íbúum verður gert auðvelt að lifa umhverfisvænum lífsstíl þar sem aðgengi að göngu- og hjólabrautum og almenningssamgöngum verður með besta móti. Í hverfinu verða einnig hleðslustöðvar og deilibílar auk þess sem sorphirða og flokkun verður með nýju og betra sniði.

- Snjöll hönnun og lausnir
- Miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu
- Yfir 100 verslanir í göngufæri
- Deilibílar í hverfinu
- Hleðslustaðir fyrir rafbíla við hús og í hverfi
- Stutt að samgönguæðum og í almenningssamgöngur
- Góðar og öruggar göngu- og hjólaleiðir
- Upphitaðar gangstéttir
- Skólar og leikskólar í göngufjarlægð
- Leiksvæði og opnir garðar
- Stutt í íþrótta- og útivistarsvæði Kópavogsdals

LIND FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6
201 Kópavogur
+354 510 7900
201@fastlind.is

Allar upplýsingar veita:
**Hannes Steindórsson** 699 5008, hannes@fastlind.is
**Gunnar Valsson** 699 3702, gunnar@fastlind.is
**Kristján Þórir Hauksson** 696 1122, kristjan@fastlind.is
**Stefán Jarl Martin** 892 9966, stefan@fastlind.is

# Segir mikinn missi vera að Bourdain

**Bourdain svipti sig lífi í Frakklandi. Var að taka upp tólftu þáttaröð Parts Unknown. Kom til Íslands og gerði þátt sem var sýndur 2005. Sigurður Gíslason matreiðslumaður segir að kynni sín af Bourdain hafi verið afar góð.**

**BANDARÍKIN** Sjónvarpskokkurinn og ferðalangurinn Anthony Bourdain svipti sig lífi í Frakklandi í gær. Náinn vinur hans, Eric Ripert, kom að honum á hótelherbergi hans. CNN greindi frá en Bourdain var í Frakklandi við upptökur á þáttaröð sinni fyrir sjónvarpsstöðina, Parts Unknown. Bourdain var 61 árs og lætur eftir sig ellefu ára dóttur.

Annar þáttur fyrstu þáttaraðar einna vinsælustu þátta Bourdains, No Reservations, nefndist „Iceland: Hello Darkness My Old Friend“ og eins og nafnið gefur til kynna kynnti Bourdain sér íslenska matarmenningu í þættinum. Snæddi hann meðal annars kjötsúpu með kraftajötnum í World Class Laugum, blótaði þorra, fékk sér eina með öllu á Bæjarins beztu eftir stífa drykkju í miðbænum og kíkti í Bláa lónið.

„Þetta er það versta, ógeðslegasta og bragðversta sem ég hef nokkurn tímann borðað,“ sagði Bourdain í þættinum þegar hann smakkaði kæstan hákarl.

Sigurður Gíslason matreiðslumaður kynntist Bourdain þegar hann var hér á landi að taka upp þáttinn. Sigurður vann þá á Vox á Hótel Nordica. „Þeir voru á hótelinu og svo komu þeir og borðuðu og við lentum á spjalli og kynntumst aðeins,“ segir Sigurður.

Hann segir Bourdain síðan hafa beðið sig um að elda fyrir hann mat til að taka upp á jökul, eins og sýnt var frá í þættinum. „Við græjuðum það og vorum svo í einhverju fjöri um kvöldið.“

Sigurður segir kynni sín af Bourdain hafa verið góð. „Hann bauð mér að koma og heimsækja sig til New York en ég lét reyndar aldrei verða af því. Hann var einstaklega ljúfur og skemmtilegur.“

Að sögn Sigurðar var Bourdain „hrikalega flottur“. Segir hann að það sé mjög mikill missir að Bourdain úr matreiðsluheiminum, sér í lagi út af þáttum hans þar sem hann ferðaðist út um allan heim. „Hann nálgaðist þetta á allt annan hátt en hefur verið gert. Var svolítið í „street foodinu“ og sneiddi framhjá þessu „fine dining“ dótarii. Svona kokkur fólksins,“ segir Sigurður.

Bourdain gerði fjölda sjónvarpsþátta á ævi sinni. Þeir langlífustu voru fyrrnefndir þættir, No Reservations og Parts Unknown, en sýningar á elleftu syrpu Parts Unknown standa nú yfir í Bandaríkjunum.

Þá hlaut hann einnig mikið lof fyrir Kitchen Confidential: Adventures in the Culinary Underbelly, bók sem hann gaf út árið 2000. Fjallaði hann þar um dekkri hliðar matargerðar og um neyslu sína á kókaíni, heróíni og LSD.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**Anthony Bourdain gerði sjónvarpsþætti um framandi mat.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Hann var einstaklega ljúfur og skemmtilegur.**
>
> Sigurður Gíslason, matreiðslumaður




## Frímerkjasýningin NORDIA 2018

## 8.-10. júní í TM-Höllinni, Skólabraut, Garðabæ

NORDIA 2018

**NORDIA 2018, stærsta og fjölbreyttasta frímerkjasýning Norðurlanda, er haldin á Íslandi helgina 8.-10. júní.**

Ótal mörg áhugaverð söfn á einum stað. Einstakt Íslandssafn Douglas Storckenfeld, þar á meðal hið ómetanlega Biblíubréf. Saga Penny Black, elsta frímerkis í heimi. Íslenskir krónu stimplar, peningabréf, frímerkjamyndir barna og ótal margt fleira.

100 FULLVELDI ÍSLANDS 1918 · 2018

Á afmælissýningu íslenska fullveldisins á NORDIA 2018 eru einnig einstök söfn íslenskra gjaldmiðla frá upphafi, einkagjaldmiðlar, flugpóstsaga Íslands, sparibaukar Seðlabankans o.m.fl.

**Eftirfarandi aðilar eru með sölubása:**

- Pósturinn, Frímerkjasalan
- Posta Føroyar
- Post Greenland
- Posten Åland
- Posten Finland
- Posten Norge
- Postnord Danmark
- Postnord Sverige
- Íslensk frímerki ehf
- Landssamband íslenskra frímerkjasafnara
- Reynir Sverrisson
- Frimærkebutikken
- Philasearch
- Postiljonen

Frímerkjasafnarar veita upplýsingar um frímerki og frímerkjasöfnun auk þess sem ýmislegt er í boði fyrir börn og unglinga.

Póststjórnir allra Norðurlandanna eru með sölubása auk frímerkjasala og uppboðshaldara. Sérstimpill verður í notkun á vegum Íslandspósts alla sýningardagana.




**Opnunartímar NORDIA 2018**

**Föstudagur, 08.06 kl. 14.00-18.00**
**Laugardagur, 09.06 kl. 10.00-17.00**
**Sunnudagur, 10.06 kl. 10.00-16.00**

**AÐGANGUR ÓKEYPIS**

PÓSTURINN Posta POST GREENLAND POSTEN ÅLAND posti posten postnord


# Kosið í öryggisráðið

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna greiddi í gær atkvæði um fimm sæti í öryggisráðinu. Þýskaland, Belgía, Suður-Afríka, Dóminíska lýðveldið og Indónesía urðu fyrir valinu. Kjörtímabil þeirra hefst þann 1. janúar 2019 og stendur yfir í tvö ár.

Indónesía mætti Maldíveyjum í atkvæðagreiðslu um sæti Asíuríkja við Kyrrahaf og var það eina sætið sem fleiri en eitt ríki bauð sig fram í. Indónesía fékk 144 atkvæði en Maldíveyjar fengu 46.

Fimmtán sæti eru í öryggisráðinu. Fimm ríki eiga fast sæti og eru það kjarnorkuveldin Kína, Frakkland, Rússland, Bretland og Bandaríkin. Greidd eru atkvæði um fimm sæti á hverju ári og munu þau fimm ríki sem fengu sæti í gær taka sæti Hollands, Svíþjóðar, Eþíópíu, Bólivíu og Kasakstans.

Á næsta ári verður haldin atkvæðagreiðsla um hvaða ríki taka við af Fílabeinsströndinni, Miðbaugs-Gíneu, Kúveit, Perú og Póllandi. Ekki er búist við spennandi atkvæðagreiðslu, enda koma þeir heimshlutar sem eiga hvert sæti sér venjulega saman um hvaða ríki skuli bjóða sig fram.

Skipting sæta á milli heimshluta er þannig að Afríka fær þrjú sæti, Asíuríki við Kyrrahaf tvö, Rómanska-Ameríka og Karíbahafsríki tvö, Vestur-Evrópa tvö og Austur-Evrópa eitt. Hefð er fyrir því að Arabaríki fái eitt sæti annaðhvort Afríkuríkjanna eða Kyrrahafs-Asíuríkjanna. **– þea**



**Jean-Pierre Bemba í dómsal í Hollandi í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

# Sýknaður af ásökunum um glæpi gegn mannkyni

**HOLLAND** Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn (ICC) í Hollandi sneri í gær við dómi sínum frá árinu 2016 yfir Jean-Pierre Bemba, fyrrverandi varaforseta Austur-Kongó. Bemba var fyrir tveimur árum sakfelldur fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu og dæmdur í átján ára fangelsi.

Glæpirnir sem Bemba var áður sakfelldur fyrir, og nú sýknaður af, voru framdir í Mið-Afríkulýðveldinu árin 2002 og 2003. Fyrir tveimur árum var hann sakfelldur fyrir að hafa ekki haldið aftur af uppreisnarmönnum á hans bandi, sem nauðguðu og myrtu íbúa Mið-Afríkulýðveldisins. Nú í gær komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að gera Bemba ábyrgan fyrir glæpum uppreisnarmannanna.

Christine Van den Wijngaert, dómari í málinu, sagði að dómararnir árið 2016 hefðu ekki tekið tillit til þess að Bemba hafi reynt að stöðva glæpi uppreisnarmanna þegar honum var gert viðvart um ástandið, sagði í frétt Reuters. **– þea**

> **Bemba var dæmdur í átján ára fangelsi árið 2016.**




ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

# FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

# Tækifæri í fúskinu



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Niðurstaðan í veiðigjaldamálinu svokallaða sem hefur verið fyrirferðarmikið í umræðunni undanfarnar vikur er sú að heimild til innheimtu gjaldanna óbreyttra skuli framlengd til áramóta.

Hermt er að þessar málalyktir, ef málalyktir skyldi kalla, séu til komnar að frumkvæði Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og Vinstri grænna. Skyldi engan undra enda hafa þau átt í vök að verjast vegna málsins.

Auðvitað er það óboðlegt að umdeilt mál sem þetta komi fram með ekki lengri fyrirvara. Varla héldu Vinstri græn og samstarfsflokkarnir í ríkisstjórn að málið myndi sigla athugasemdalaust gegnum þingið?

Seint verða það heldur talin góð vinnubrögð að slá málinu einfaldlega á frest. Reikningar úr heimilisbókhaldinu hverfa ekki þótt þeim sé stungið ofan í skúffu. Þá þarf að greiða að endingu og þá með dráttarvöxtum og vanskilagjöldum.

Viðbúið er að veiðigjaldamálið komi aftur fyrir Alþingi í haust. Þetta er jákvæður fylgifiskur klaufagangs ríkisstjórnarinnar. Þá gefst vonandi færi á að ræða innheimtu veiðigjalda heildstætt.

Það er staðreynd að kvótinn hefur safnast á færra hendur undanfarna áratugi. Óhjákvæmilegur fylgifiskur þess hefur verið að áður blómleg sjávarpláss hafa átt erfiða tíma. Sjálfsagt er og eðlilegt að í löggjöf um stjórn sé innbyggt kerfi sem hyglir smærri útgerðum í dreifðum byggðum landsins. Hluti af því gæti verið að slíkar útgerðir fengju afslátt eða jafnvel niðurfellingu veiðigjalda í einhverjum tilvikum.

Önnur staðreynd er sú að stóru útgerðirnar í landinu hafa búið við arðsemi sem ekki þekkist annars staðar í atvinnulífinu. Jafnvel að loknu samdráttarskeiði undanfarinna ára er munurinn sláandi.

Eigendur þessara sömu útgerða hafa einnig verið að hasla sér völl annars staðar í atvinnulífinu. Þau hafa keypt fjölmiðla, heildsölur og verða brátt fyrirferðarmikil í stærsta smásölufélagi landsins. Einboðið er að þessi þróun haldi áfram enda þurfa peningar að finna sér farveg.

Ástæðan fyrir gríðarlegri arðsemi þessara fyrirtækja er ekki einungis sú að þeim stýrir fólk sem kann sitt fag, þótt sú sé vissulega raunin. Nei, munurinn liggur fyrst og fremst í því að útgerðin greiðir smánarlegt gjald fyrir vöru sína – fiskinn í sjónum.

Á tyllidögum er sagt að fiskurinn sé sameign þjóðarinnar. Er þá ekki eðlilegt að þjóðin innheimti eðlilegt gjald fyrir framsal á þessari eign? Hvað mætti byggja marga Landspítala ef sú væri raunin?

Það er þessi spurning sem þingmenn þurfa að svara og velta fyrir sér þegar þing kemur saman. Flumbrugangurinn nú varð þó til þess að rúmur tími og tækifæri munu gefast til þess.

> **Reikningar úr heimilisbókhaldinu hverfa ekki þótt þeim sé stungið ofan í skúffu.**






Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Þetta er pistill um fótbolta – eða hvað?

Mér er sagt að sjálfsvirðing samtímamannsins markist af fjölda Facebook „læka“ – því fleiri „læk“ því ánægðari er maður með sjálfan sig. Mér er einnig sagt að fótboltafréttir séu hvað mest lesnu fréttir á fréttasíðum. Í tilraun til að bæta sjálfsmat mitt í einn dag með lestri og lækum fylgir hér umfjöllun um fótbolta.

Þótt við mér blasi fótboltavöllur út um eldhúsgluggann minn – leikvangur Arsenal í Norður-London – veit ég ekkert um fótbolta. Ég á mér þó uppáhaldslið. Nákvæmlega öld áður en ég fæddist var fótboltaklúbburinn Ipswich stofnaður. Fæðingarár mitt vann Ipswich svo Enska bikarinn. Ég túlkaði þessar tilviljanir sem fyrirmæli örlaganna um að ég fylkti mér að baki liðinu. Gengi þess hefur þó verið misjafnt. Í dag er Ipswich dottið úr ensku úrvalsdeildinni og leikur í svokallaðri meistaradeild. En ég styð Ipswich enn; því í fótbolta stendur maður með sínum mönnum sama hvað.

### Strákarnir okkar

Ég er ekki ein um að gera tilraun til að auka eigið virði með því að bendla mig við fótbolta nú þegar vika er þangað til „strákarnir okkar“ mæta Argentínu í fyrsta leik sínum á HM. Í eldhúsdagsumræðum sagði Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, að þingmenn gætu margt lært af íslenska karlalandsliðinu í fótbolta og ættu að gera hugsunarhátt þeirra að sínum. „Hver og einn þeirra vinnur að sameiginlegu markmiði og gerir sitt besta til að ná því,“ sagði Bjarkey.

### Hollusta kjósenda

„Hvar stendur þú í pólitík?“ er spurning sem við Íslendingar spyrjum gjarnan hver annan. Spurningin er hins vegar tímaskekkja. Sögnin að standa felur í sér kyrrstöðu. Kyrrstaða fer minnkandi í íslenskum stjórnmálum. Fjórflokkurinn er ekki lengur einráður. Ný framboð hafa bæst í leikinn. Kjósendur skjótast liprir um víðan völl.

Flokkarnir reiða sig þó enn í miklum mæli á hollustu kjósenda. Í helstu skoðanakönnunum fyrir þingkosningar árið 2017 sögðust að jafnaði 80% þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn, Samfylkinguna og VG í kosningunum þar á undan ætla að kjósa sama flokk aftur. Í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum var að nokkru sama uppi á teningnum: 80% kjósenda Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hugðust halda tryggð við flokkinn sem þeir kusu síðast. Kjósendur eins flokks skáru sig hins vegar verulega úr.

### Húh!

Fáum dylst dalandi gengi Vinstri grænna. Kjósendur flokksins virðast lítið skilja í vegferð hans eftir að hann tók sæti í ríkisstjórn. Nú síðast var hér á forsíðu Fréttablaðsins greint frá mikilli ólgu innan grasrótarinnar vegna hugmynda um lækkun veiðigjalds. „Ég vil fá atkvæðið mitt til baka,“ sagði einn kjósandi flokksins á samfélagsmiðlinum Twitter.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir talar fyrir því að þingmenn vinni að sameiginlegu markmiði og geri sitt besta til að ná því. Vel má vera að Vinstri græn geri sitt besta nú um stundir. Markmiðið sem VG vinnur að í ríkisstjórn virðist hins vegar allt annað en það sem flokkurinn segist standa fyrir.

Í skoðanakönnunum í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninga fór hlutfall kjósenda Vinstri grænna sem hugðust halda tryggð við flokkinn úr 80% í 50%. Það er því ekki að undra að þingmaður VG óski þess að stjórnmál væru meira eins og fótbolti; leikur þar sem maður stendur með sínum mönnum „sama hvað“.

En tilraun þingmanns VG til að auka hróður síns liðs með því að nudda sér upp við fótboltahetjur er jafnmisheppnuð og þessi pistill er sem fótboltaumfjöllun. Þótt ég segi að þessi pistill sé um fótbolta þýðir það ekki að hann sé um fótbolta. Þótt Vinstri græn segist standa fyrir jöfnuð og sjálfbærni þýðir það ekki að þau geri það.

Góður ásetningur er ekki nóg. Íslenska landsliðið hefði aldrei komist á HM á góðum ásetningi einum saman. Hugarfar, sama hversu jákvætt, uppbyggilegt og göfuglynt það kann að vera skiptir engu ef ekki er staðið við stóru orðin. Húh!

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




## FORD KUGA TITANIUM S AWD

- 150 hestafla dísilvél
- Leðuráklæði á sætum
- Rafdrifnar stillingar á ökumannssæti
- Fjölstillanlegt farþegasæti
- Öryggispakki
- Vindskeið að aftan
- Upphitanlegt stýri
- 2.100 kg dráttargeta
- 9 Sony hátalarar
- Apple Car Play og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Dökklitaðar rúður í farþegarými
- Upphitanleg framrúða
- Lyklalaust aðgengi
- Tölvustýrð tvískipt miðstöð með loftkælingu
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Stöðugleikastýrikerfi fyrir eftirvagn
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Nálægðarskynjari að framan og aftan
- 17" Titanium álfelgur
- Málmlitur
- Varadekk

# YFIRBURÐIR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, akstursegiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8" skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA TITANIUM S AWD SJÁLFSKIPTUR

**VERÐ: 5.610.000 KR.**

**TILBOÐSVERÐ:**

**5.190.000 KR.**

AFSLÁTTUR
-420.000 KR.

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Titanium AWD***

Ford

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

7 DAGAR í HM

| Ragnar Sigurðsson | Jóhann Berg |
|---|---|
| **Aldur:** 31 | **Aldur:** 27 |
| **Staða:** Varnarmaður | **Staða:** Kantmaður |
| **Félag:** Rostov | **Félag:** Burnley |
| **Landsleikir:** 77/3 mörk | **Landsleikir:** 67/7 mörk |



# Ísland fór afar illa að ráði sínu í seinni hálfleik í Vilníus

**Leikur íslenska liðsins var kaflaskiptur þegar það mætti Litháen í umspili um laust sæti á heimsmeistaramótinu í handbolta karla sem fram fer í Danmörku og Þýskalandi. Guðmundur Þórður Guðmundsson, þjálfari liðsins, var hæfilega sáttur við frammistöðuna og veganestið sem liðið fer með í seinni leikinn.**

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta gerði 27-27 jafntefli þegar það mætti Litháen í Vilníus í gær í fyrri leik liðanna í umspili um laust sæti á HM 2019. Eftir góðan fyrri hálfleik var íslenska liðið þremur mörkum yfir og allt leit vel út. Íslendingar mættu hins vegar ekki til leiks af nægilegum krafti í seinni hálfleik og Litháar nýttu sér það og komust yfir í fyrsta skipti í leiknum þegar um það bil tíu mínútur voru liðnar af seinni hálfleik. Liðin skiptust á að hafa forystuna í seinni hálfleik og niðurstaðan að lokum jöfn staða.

Varnarleikur íslenska liðsins var kaflaskiptur og ekki bætti úr skák þegar Ólafur Gústavsson fékk sína þriðju brottvísun um miðbik seinni hálfleiks og var þar af leiðandi vísað af velli með rauðu spjaldi. Íslenska vörnin átti í töluverðum vandræðum með Jonas Truchhanovicius, en hann náði oft og tíðum að brjóta sér leið fram hjá íslensku varnarmönnunum og skora sjálfur eða skapa færi fyrir samherja sína.

Björgvin Páll Gústavsson átti góðan leik á bak við vörn íslenska liðsins sem var fín í fyrri hálfleik, en fremur slök í þeim seinni. Björgvin Páll varði 17 skot í leiknum og þó nokkrum sinnum úr ansi opnum færum.

Hjá Íslandi var Arnór Þór Gunnarsson markahæstur með sjö mörk, en Aron Pálmarsson og Ómar Ingi Magnússon voru öflugastir í opnu spili. Aron skoraði sex mörk og Ómar Ingi bætti fimm mörkum við. Sóknarleikur íslenska liðsins var nokkuð stirður þegar leið á leikinn, en íslenska liðið brenndi af urmul dauðafæra í fyrri hálfleik og hefði getað gert út um leikinn með betri færanýtingu á þeim kafla.

„Þetta var afar sveiflukennd frammistaða af okkar hálfu. Við byrjuðum leikinn vel og vorum bæði að skapa fjölda færa sem við brenndum af og skora góð mörk eftir góðar sóknir. Við misstum svo þau tök sem við höfðum haft í fyrri hálfleik þegar við komum út í seinni hálfleikinn og þeir ná trekk í trekk að keyra í bakið á okkur í upphafi seinni hálfleiks. Þá losnaði um varnarleikinn hjá okkur og við héldum áfram að fara illa með færin. Sóknarleikurinn varð svo stirður þegar leið á leikinn og við fórum að reyna of mikið af erfiðum hlutum þar,“ sagði Guðmundur Þórður í samtali við Fréttablaðið.

„Það var svo blóðtaka að missa Ólaf Gústavsson af velli og mér fannst nú brottvísanirnar helst til grimmar. Við vissum það hins vegar vel að þetta væri erfiður útivöllur og það hafa sterk lið komið hingað undanfarin ár og lent í basli. Það sem við lögðum upp með í leiknum gekk upp að mestu leyti, en við verðum að laga nokkur atriði í varnarleiknum og sýna heilsteyptari frammistöðu í sóknarleiknum í seinni leiknum. Þetta er fín staða fyrir seinni leikinn og nú biðlum við til fólks að koma og styðja okkur í Laugardalshöllinni á miðvikudaginn og hjálpa okkur að komast á HM,“ sagði Guðmundur Þórður enn fremur.

Liðin mætast í seinni leiknum í Laugardalshöllinni á miðvikudaginn, en liðið sem hefur betur í einvíginu er á leiðinni á heimsmeistaramótið sem haldið verður í Danmörku og Þýskalandi á næsta ári.

hjorvaro@frettabladid.is



Guðmundur Þ. Guðmundsson fer yfir málin með leikmönnum sínum á æfingu íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**HM-umspil 2019**

**Litháen 27-27 Ísland**
(10-13)

**Mörk Íslands:** Arnór Þór Gunnarsson 7/4 Aron Pálmarsson 6, Ómar Ingi Magnússon 5, Arnar Freyr Arnarsson 3, Ólafur Andrés Guðmundsson 3, Elvar Örn Jónsson 2, Vignir Svavarsson 1.
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 17/2.

> Þetta er fín staða fyrir seinni leikinn og nú biðlum við til fólks að koma og styðja okkur í Laugardalshöllinni á miðvikudaginn og hjálpa okkur að komast á HM.

## Brynjar kveður KR og heldur í Skagafjörðinn

**KÖRFUBOLTI** Brynjar Þór Björnsson hefur ákveðið að söðla um, flytja norður og segja skilið við KR og leika með Tindastóli í Domino's-deildinni í körfubolta á næstu leiktíð. Brynjar Þór varð átta sinnum Íslandsmeistari með KR og þrívegis bikarmeistari með liðinu. Þá er hann bæði leikja- og stigahæsti leikmaður í sögu félagsins.

Brynjar Þór er uppalinn KR-ingur og hefur ekki leikið með öðru liði hérlendis, en hann lék um skeið í Svíþjóð. Brynjar Þór, sem gerði tveggja ára samning við Norðanmenn, mun auk þess að leika með Tindastóli þjálfa yngri flokka hjá félaginu. – hó

## Guðrún Brá fór holu í höggi

**GOLF** Guðrún Brá Björgvinsdóttir, atvinnukylfingur úr Keili, fór holu í höggi á opna finnska meistaramótinu sem fram fer um helgina, en mótið er hluti af LET Access mótaröðinni.

Hún fór holu í höggi á 15. holu vallarins sem er 159 metra löng par þrjú hola. Þetta er í fyrsta skipti sem Guðrún Brá fer holu í höggi á ferli sínum.

Hún hefur leikið fyrstu tvo hringina á mótinu á samtal þremur höggum yfir pari vallarins og komst í gegnum niðurskurðinn. – hó


FLOREALIS

Lyngonia

Viðurkennt jurtalyf við blöðrubólgu

Eina lyfið við þvagfærasýkingum sem fæst án lyfseðils.
Einstök meðferð án sýklalyfja. Fæst í öllum helstu apótekum.

Meira á florealis.is/lyngonia




Ekki nota Lyngonia ef þú ert með einhverja truflun á nýrnastarfsemi. Hvorki ætlað þunguðum konum né konum með barn á brjósti, körlum eða börnum og unglingum yngri en 18 ára. Notið ekki lengur en í viku. Ef einkenni eru viðvarandi í meira en 4 daga eða versna við notkun Lyngonia skal hafa samband við lækni. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is


Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
1800W
19.999
Háþrýstidæla
1650W
9.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
79.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



## ELLY
Tveggja og þriggja sæta sófar.
Grátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði.

2ja sæta
**45.494 kr.** ~~69.990 kr.~~

3ja sæta: 183 x 82 x 85 cm
**58.494 kr.** ~~89.990 kr.~~

**35% AFSLÁTTUR**

## ELLY
Hægindastóll,
grár eða dökkgrár.
**35.744 kr.** ~~54.990 kr.~~

## DIMA
Borðstofustóll.
Svartur eða hvítur með viðarlitum löppum eða allur svartur.



**35% AFSLÁTTUR**

**8.444 kr.** ~~12.990 kr.~~

## HUNTINGTON
Borðstofustóll.
Cowboy grátt eða svart microfiber áklæði og svartir fætur.



**45% AFSLÁTTUR**

**8.745 kr.** ~~15.990 kr.~~

## ACURA
Borðstofustóll.
Dökkgrátt áklæði og svartir stálfætur.



**60% AFSLÁTTUR**

**14.396 kr.** ~~35.990 kr.~~

## BOSTON
Borðstofustóll.
Dökkgrátt áklæði og olíuborin eik.



**40% AFSLÁTTUR**

**34.434 kr.** ~~57.390 kr.~~

## VALDAR VÖRUR FRÁ RIVERDALE
**50% AFSLÁTTUR**



## VÖRUR FRÁ ALESSI
**40% AFSLÁTTUR**



## RAW FLÖSKUR FRÁ AIDA
**30% AFSLÁTTUR**



## KVARNIR FRÁ MARLUX
**50% AFSLÁTTUR**



# MIKIÐ ÚRVAL SMÁVÖRU MEÐ 20–80% AFSLÆTTI!



*Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 8. júlí 2018, eða á meðan birgðir endast.*



# SUMAR ÚTSALA

## Allt að 60% afsláttur

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

### KAMMA
Þriggja sæta sófi og stóll með viðarfótum. Ólívugrænt, dökkgrátt eða antrazit áklæði.

Sófi: 201 x 84 x 105 cm
**90.994 kr.** ~~139.990 kr.~~

Stóll: 91 x 84 x 105 cm
**58.494 kr.** ~~89.990 kr.~~



50% AFSLÁTTUR

### EBBA
Hægindastóll. Grátt sléttflauel og svartir fætur.

**29.995 kr.** ~~59.990 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

### CANNES
Hægindastóll með skemli. Brúnt, rautt, svart eða grátt leður á slitflötum.

**97.493 kr.** ~~129.990 kr.~~



60% AFSLÁTTUR

### FLOW
Ruggustóll / hægindastóll. Svört eik eða hnota og svart Fantasy leður.

**127.996 kr.** ~~319.990 kr.~~



skovby

### NORDIC
Vandað borðstofuborð. Hvíttuð olíuborin eik með hvítum toppi.
Stærð: 100 x 183/274 x 74 cm.

**177.840 kr.** ~~237.120 kr.~~

25% AFSLÁTTUR

furninova



### ASTERIX NIGHT
Þriggja sæta sófi. Ljós- og dökkgrátt áklæði.
3ja sæta: 230 x 95 x 87 cm

**164.995 kr.** ~~299.990 kr.~~

45% AFSLÁTTUR



45% AFSLÁTTUR

### DIALMA (4718)
Hægindastóll.
Beykigrind og grátt áklæði.

**65.995 kr.** ~~119.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN




María Gunnlaugsdóttir með plötur með tónlist sem er í uppáhaldi hjá henni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Ásrún Emma og Alexander Roberts við Asparfell. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sigurður yngri og Sigurður eldri bjóða upp í dans. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Húsráðendur bjóða í partí

Íbúar blokkarinnar í Asparfelli 2-12 í Breiðholti bjóða gestum í partí heim til sín í tengslum við Listahátíð í Reykjavík. Blaðamaður skrapp í heimsókn og gaf sig á tal við nokkra íbúana.

Í íbúðum blokkarinnar í Asparfelli 2-12 býr mikill fjöldi fólks á öllum aldri, af mismunandi uppruna og kyni. Fjölskyldur jafnt sem einstaklingar, vinir og jafnvel vinnufélagar. Þau Alexander Roberts og Ásrún Magnúsdóttir stýra einum áhugaverðasta viðburði Listahátíðar í Reykjavík í ár og efna til blokkarpartís í samráði við nokkra húsráðendur í blokkinni sem ætla að opna heimili sitt fyrir gestum.

„Við höfum verið að vinna að þessu verkefni í nokkra mánuði,“ segir Alexander.

„Ferlið er frekar viðkvæmt, enda er ekki gefið að fólk vilji taka þátt og bjóða ókunnugum heim til sín,“ útskýrir Ásrún.

„Við bönkuðum á hverja einustu hurð í öllum blokkunum og útskýrðum hugmyndina fyrir íbúum. Auðvitað voru ekki allir heima. En mér fannst þetta gefandi, að fá ræða við íbúa. Af hverju við viljum vinna verkefnið. Hvert markmiðið er,“ segir Alexander.

*Hvert er markmiðið?*

„Markmiðið er að færa fólk saman,“ segir Ásrún sem segir þau hafa verið einlæg við íbúana. „Við útskýrum bara hugmyndir okkar og það að við viljum koma til móts við íbúa. Verkefnið er ekki eftir okkar forskrift. Það verða ekki brjáluð danspartí hjá öllum íbúum. Þetta er alls konar,“ segir hún.

„Einn þátttakenda ætlar til dæmis að hlusta í rólegheitum á Leonard Cohen og segja fólki frá því hvers vegna hann er í uppáhaldi,“ segir Alexander.

Dyraverðir munu leiðbeina gestum við inngang hvers stigagangs. Þá þarf fólk að skrá sig til þátttöku á heimasíðu Listahátíðar. „Það er hluti af verkinu að setja gesti í þær stellingar að bera ríka virðingu fyrir fólkinu sem það er að heimsækja. Þetta snýst fyrst og fremst um kærleika og traust,“ segir Ásrún.

María Gunnlaugsdóttir, íbúi í Asparfelli 8, er ein þeirra sem taka þátt. Hún ætlar að halda hlustunarpartí fyrir gesti sem sækja hana heim. „Fyrst þegar ég var beðin um að taka þátt sagði ég nei og óskaði þeim bara góðs gengis. Flott hugmynd, hugsaði ég samt, og þetta var að naga mig,“ segir María sem langaði til að leggja eitthvað af mörkum.

„Ég leiddi hugann að tónlistinni. Sem hefur bjargað sálarheill minni og margra annarra. Ég hlusta mikið á klassíska tónlist og ákvað á endanum að halda svolítið hlustunarpartí.

Ég ætla að spila tónlist og ræða um minningar og viðburði sem tengjast henni í mínu lífi. Þetta eru hversdagslegar minningar og skrýtnar. Ekkert glamúrus og tengjast ekki Reykjavík. Ég er alin upp úti á landi. Ég er ekkert að velta því fyrir mér hvort tónlistin sem ég hlusta á þyki fín. Ég vel tónlistina algjörlega út frá eigin duttlungum og minningum,“ segir María sem segist hafa ákveðið að slá til eftir töluverðar vangaveltur.

„Listahátíð er fjarri okkur. Við heyrum um hana í útvarpinu, lesum um hana í blöðunum. Ég vildi tengja okkur við hátíðina sem búum hér. Við njótum öll lista og menningar. Og menningin, hún er líka hér,“ segir María.

„Samfélagið hér í blokkinni er mjög fjölbreytt. Það er alls kyns fólk í öllum blokkunum hér í kring. Ég finn til dæmis alls konar matarilm um kvöldmatarleytið. Kannski eitthvað sem minnir á skötu, asískan ilm, mexíkóskan og afrískan. Allt blandast saman,“ segir hún og hlær.

Feðgarnir Sigurður Sigurðsson og Sigurður Þór Sigurðsson ætla að bjóða upp á dans.

„Ég ætla að dansa samkvæmisdansa fyrir þá gesti sem koma hingað,“ segir Sigurður yngri sem er atvinnudansari. Faðir hans kann taktana líka en segist ætla að vera í hlutverki gestgjafa og spjalla við gestina. „Ég ætla bara að vera á kantinum. Ég kann alveg að dansa líka, ég kenndi honum allt sem hann kann!“ segir hann og skellir upp úr.

Sigurður yngri bregður svip. „Svo segir hann. Ég man nú ekkert eftir því!“

„Þetta var í hálfgerðum vitleysisgangi sem við ákváðum að taka þátt, þetta er svolítið að hellast yfir mig í dag,“ segir Sigurður eldri í léttum dúr.

kristjanabjorg@frettabladid.is

ÓKEYPIS ER Á VIÐBURÐINN EN VEGNA TAKMARKAÐS PLÁSS FER SKRÁNING FRAM Á SKRANING@ARTFEST.IS

Fréttablaðið+

Góð ráð til Rússlandsfara frá Önnu Moissevu, sérfræðingi í samskiptum við eftirlitsstofnanir hjá UBS í Zürich, og Christian Burrell, verkefnastjóra hjá Marel. Þau þekkja bæði vel til en Anna er rússnesk og Christian hefur heimsótt landið oft.





# Útsalan er hafin!

## 25- 50% afsláttur af húsgögnum og gjafavöru!



**Luktir Day Home,**
frá kr. 9.800,-, **nú frá kr. 7.350,-**



**Camerich Crescent** tungusófi í áklæði
Stærð: 285 x 163 cm. Litir: brúnt.. Verð kr. 498.000,-. nú kr. **373.500,-**



**Lampi Day Home,**
frá kr. 12.400,-, **nú frá kr. 9.300,-**



**Mikið úrval af púðum,** verð frá kr. 6.800,-, **nú frá kr. 5.100,-**



**SC** mottur,margar stærðir,
verð frá kr. 28.000,- (120x160 cm),
**nú frá kr. 21.000,-**



**idp Sphera** sófasett í svörtu leðri
Verð 3+1+1 frá kr. 696.000,- **nú frá kr. 487.200-,** Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.



**PB Home kertakróna**
kr. 12.900,-, **nú kr. 9.675,-**



**PB Home borðlampi 53 cm**
kr. 29.800,-, **nú kr. 22.350,-**



**Idp coco** Sófasett í leðri 3+2 (ítölsk hönnun og framleiðsla)
Stærð: 3ja 200 x 95 cm, 160 x 95 cm
Litir; svart og grátt. Verð kr. 598.000,- , **nú kr. 388.700,-**



**PB home stóll**
kr. 33.000,-, nú kr. **24.750,-**



LSA kanna, kr. 3.900,-,
**nú kr. 2.925,-**

-30%



**Mondecasa garðhúsgögn**



**Camerich Crescent** sófasett 3+1+1
Verð í áklæði frá kr. 662.000,-, **nú frá 496.500,-.**



**Jason** snúningsstóll
verð kr. 189.000,-, **nú kr. 113.400,-**




pokafjaðrir | áföst lúxus yfirdýna | aukalag af smáum gormum | latex millilag

**Islandia heilsurúm.** Stærð 180x200 cm, verð kr. 180.000,-, **nú kr. 126.000,-**



**Muubs speglar**
frá kr. 26.000,-, **kr. 19.500,-**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.**



# Nokkur ráð fyrir **Rússlandsfara**

Þeir sem stefna á Rússland til þess að hvetja strákana okkar áfram ættu að hafa ýmislegt í huga. Rússnesk menning er frábrugðin þeirri sem við Íslendingar erum vön og fór Fréttablaðið á stúfana í leit að góðum ráðum. **Anna Moisseva**, sérfræðingur í samskiptum við eftirlitsstofnanir hjá UBS í Zürich, og **Christian Burrell**, verkefnastjóri hjá Marel, þekkja vel til en Anna er rússnesk og Christian hefur heimsótt landið oft.

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



## Christian



### Gott er ...

...að fara í banja, sem er rússnesk gufa og gríðarlega vinsæl. Hún stendur í um 3-5 klukkustundir. En þetta er ekki venjuleg gufa þar sem hún er 90°C heit. Þar er drukkið mikið af vodka og borðað mikið af mat.

...að halda stutta en fallega ræðu yfir hópnum áður en haldið er til drykkju.

...að prófa að smakka borsch/lagmann súpur og grískt salat eftir erfiðan leik.

...að hafa í huga að löggan mun sekta þig, en mundu að 500 rúblur duga.

...að passa að prófa að borða síld, brauð og svínafitu ef þú ætlar að lifa kvöldið af án vodka.



### Varist ...

...að heilsa rússneskum konum með handabandi.

...að velja gamla farkosti. Ef flugvélin er með trébekkjum og rifum í glugganum þá er hún gömul.

...að trúa hóteldómum. Ef hótel hefur fimm stjörnur, þá þarf það ekki að vera að þetta sé fimm stjörnu hótel. Af og frá.

...að velja hvaða bílstjóra sem er. Þegar bílstjórinn tekur fram úr og annar bíll kemur á móti þá er það óskrifuð regla að annar fari út í kant.

## Anna Moisseva



### Gott er ...

...að standa upp fyrir öldruðum og ófrískum konum í almennings farartækjum.

...að hafa í huga að þjórfé er 5-15% á veitingastöðum/kaffihúsum.



...að nota lestina frekar en að ferðast um á bíl. Lestarleiðirnar þykja einstaklega fallegar og tekur mun styttri tíma að fara með lest en bíl. Það er mikil umferð í Moskvu.

...að vera með nóg af seðlum. Ekki er tekið á móti kortum alls staðar. Þá er almennt mælt með að skipta gjaldeyri í bönkum, t.d. Sberbank eða VTB. Forðist óþekkta hraðbanka sem eru víða.

### Varist ...



...að drekka kranavatn

...vasaþjófana. Líkt og í stórborgum er gjarnan mikið um vasaþjófa.



...að kaupa áfengi í litlum sjoppum. Það hafa verið dæmi um vatnsblöndun en þó minna með tímanum. Mælt er með Alkoteka.

...að brosa mikið á almannafæri. Rússnesk speki segir að sá sem brosir að ástæðulausu úti á götu sé flón. En þetta er meira í gamni.

...að drekka áfengi á almannafæri

# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fréttablaðið með þér í sumar.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi stöðum víðsvegar um landið:

Kringlan SMÁRALIND FJÖRÐUR bóksala stúdenta Háma

BÓNUS KJÖRBÚÐIN Krambúð nettó N1 olís






FRÉTTABLAÐIÐ

mest lesna dagblað landsins.

## Lilja Dögg Alfreðsdóttir
***menningar- og menntamálaráðherra***

***Hver er í uppáhaldi af liðsmönnunum?***
Hannes! Hann kemur úr Breiðholtinu og er bara frábær!
***Hvar horfir þú á leikinn?***
Ég ætla að horfa á Ingólfstorgi!
***Hefð eða hjátrú?***
Bara vera vel stemmd.

## Sigríður Björk Guðjónsdóttir
***lögreglustjóri Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu***

***Hver er í uppáhaldi í landsliðinu?***
Arnór Ingvi – engin spurning. Skúli fermdi hann og spilaði fótbolta við hann í Vatnaskógi.
***Hjátrú eða hefðir?***
Engin hjátrú nauðsynleg. Veit að þeir gera sitt allra besta! Áfram Ísland!

## Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
***formaður Viðreisnar***

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn?***
Gylfi Sigurðsson, FH-ingur, minn maður.
***Hvar ætlarðu að horfa á leikinn?***
Í faðmi fjölskyldunnar.
***Ertu með hjátrú eða hefðir sem þú fylgir þegar þú horfir á leiki?***
Nei, ekki þegar ég horfi. Var reyndar sérvitur þegar ég var sjálf að spila.

## María Rut Kristinsdóttir
***aðstoðarkona Þorgerðar Katrínar***

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn?***
Uppáhaldsleikmaðurinn minn er Birkir Bjarnason. Er með algjört soft-spot gagnvart honum.
***Hvar ætlarðu að horfa á leikinn?***
Ég ætla að horfa á leikinn á Bragganum í Nauthólsvík. Þar verður frábært HM-svæði!
***Ertu með hjátrú eða hefðir sem þú fylgir þegar þú horfir á leiki?***
Nei, ekki beint, nema ef það er vítaspyrna, þá get ég ekki horft því að alltaf þegar ég horfi klúðrast hún.

## Ólafía Þórunn Kristinsdóttir
***afreksíþróttakona***

***Uppáhaldsleikmaðurinn?***
Ætli það sé ekki Gylfi! Ég hef vitað hver hann er svo lengi, áður en hann varð legend. Vegna þess að bróðir hans, Óli, kenndi mér golf um tíma. Svo er Gylfi bara góður drengur og geggjað flottur.
***Ertu með góð ráð til leikmanna?***
Já, trúa að allt geti gerst.
***Ertu með hjátrú eða hefð sem þú fylgir fyrir helgi?***
Maður þarf „auðvitað“ að passa sig að fara ekki að pissa eða svoleiðis ef það gengur vel hjá þeim. ALLS ekki breyta neinu þá. Sitja alltaf eins, hugsa eins, anda eins, gera allt annað eins. Annars ekkert sko!

## Vigdís Hauksdóttir
***borgarfulltrúi***

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn?***
Hannes Halldórsson.
***Hvar ætlarðu að horfa á leikinn?***
Er ekki búin að ákveða það.
***Hjátrú eða hefð?***
Nei. En ég er alltaf viss um sigur okkar manna fyrir hvern leik.

















# Áfram Ísland!

Það er aðeins vika í spennandi viðureign íslenska landsliðsins við Argentínu á HM í Rússlandi. Blaðamenn ræddu við nokkra eldheita stuðningsmenn liðsins sem sumir halda í nokkuð óvenjulegar hefðir fyrir leik.

## Katrín Jakobsdóttir
***forsætisráðherra***



***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn?***
Þetta er eins og að gera upp á milli barnanna minna. Ég get ekki svarað þessu. En segi þó að allir bókmenntafræðingar halda upp á Jón Daða.
***Hvar ætlarðu að horfa á leikinn?***
Ég ætla að horfa á leikinn heima hjá mér með fjölskyldunni. Popp og kók fyrir drengina og allir í stuði.
***Ertu með hjátrú eða hefð þegar þú horfir á íþróttaleiki?***
Já. Ég sný mér alltaf í þrjá hringi, til vinstri að sjálfsögðu, og raula þjóðsönginn aftur á bak. (Þá er leikurinn reyndar nánast hálfnaður.)

## Steiney Skúladóttir
***Reykjavíkurdóttir***

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn?***
Birkir Bjarna.
***Hvar ætlarðu að horfa á leikinn?***
Ég á ekki sjónvarp þannig að líklega horfi ég í gegnum glugga hjá einhverjum nágranna.
***Ertu með hjátrú eða hefðir sem þú fylgir þegar þú horfir á leiki?***
Ég held niðri í mér andanum allan leikinn.

## Gísli Örn Garðarsson
***leikari***

***Uppáhaldsleikmaðurinn?***
Hannes Þór; enda er hann líka einn efnilegasti kvikmyndaleikstjóri landsins.
***Og hvar ætlar þú að horfa á fyrsta leikinn?***
Er enn að bíða eftir að einhver bjóði mér í partí að horfa á leikinn. Fótbolti og leikhúsið eiga það sameiginlegt að vera hópíþrótt. Velgengnin er í höndum hópsins.

## Kolfinna Nikulásdóttir
***Reykjavíkurdóttir***

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn?***
Rúrik er minn maður, ég held að við séum tvíburar sem voru aðskildir við fæðingu. Við erum alveg eins!
***Hvar ætlarðu að horfa á leikinn?***
Ég fer alltaf á Bjarna Fel, geggjuð stemning og gott verð á bjór.
***Ertu með hjátrú eða hefðir sem þú fylgir þegar þú horfir á leiki?***
Eftir að ég horfði á EM-leikinn þar sem við tókum Englendinga í nefið hef ég alltaf geymt nærbuxurnar sem ég var í þann dag í litlum poka og smokra mér svo í þær þegar það eru mikilvægir leikir.

**EFTIR AÐ ÉG HORFÐI Á EM-LEIKINN ÞAR SEM VIÐ TÓKUM ENGLENDINGA Í NEFIÐ HEF ÉG ALLTAF GEYMT NÆRBUXURNAR SEM ÉG VAR Í ÞANN DAG Í LITLUM POKA OG SMOKRA MÉR SVO Í ÞÆR ÞEGAR ÞAÐ ERU MIKILVÆGIR LEIKIR.**

## Nína Dögg Filippusdóttir
***leikkona***

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn?***
Það er nú erfitt að gera upp á milli þeirra, þeir eru allir frábærir!
***Hvar ætlar þú að horfa á leikinn?***
Ég ætla að horfa á leikinn hjá vinum mínum, Hildi og Kela á Nesinu góða.
***Hefðir eða hjátrú?***
Já, ég krossa oft fingur.

## Steinunn Jónsdóttir
***Reykjavíkurdóttir***

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn?***
Ég elska þá alla.
***Hvar ætlarðu að horfa á leikinn?***
Ég horfi oftast bara heima. Eða hjá pabba. En ég mun horfa á Ísland - Króatía í Króatíu. Við erum að spila á tónlistarhátíð þar sama dag og landsliðið keppir á móti þeim. Það verður eitthvað. Sagan segir að sumir stuðningsmenn Króata séu frekar æstar týpur.
***Ertu með hjátrú eða hefðir sem þú fylgir þegar þú horfir á leiki?***
Já, mjög margar. Ég er mjög hjátrúarfull.

## Ragga Hólm
***Reykjavíkurdóttir***

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn?***
Æi, þeir eru allir voðalega flottir. Get ekki gert upp á milli þessa drengja. Ókei, jú, Gylfi.
***Hvar ætlarðu að horfa á leikinn?***
Við Dæturnar verðum í Króatíu að horfa á leikinn, þvílík tilviljun, veit ekki lengur hvort ég vil að við vinnum eða töpum, því ég væri alveg til í að koma lifandi heim.
***Ertu með hjátrú eða hefðir sem þú fylgir þegar þú horfir á leiki?***
Já, tala við þá í gegnum skjáinn, stýra þeim þó að þeir heyri ekki neitt og ég viti varla hvað rangstaða er…

## Erpur Eyvindarson
***rappari Íslands***

***Hver er uppáhaldsleikmaðurinn þinn?***
Griðarlega öflugir KópaCabana kettir þarna, Alfredo Finnbogo, Jói Berg, Sveppur Ingi og svo er Gylfi Þór auðvitað Bliki líka. Rúrik og Hólmar Örn eru síðan okkar glæsilegustu úr HK! Mikið Kóp þarna. Annars er fyrirliðinn okkar, Aron Gunnarsson, líka stórkostlegur. Þvílík mannveisla!
***Hvar ætlarðu að horfa á leikinn?***
Á Hendrix í Grafarvogi bara. Djók! Auðvitað Moskvu, Volgograd og Rostov við Don.
***Ertu með hjátrú eða hefðir sem þú fylgir þegar þú horfir á leiki?***
Smá brennsi í blóðið og handsaumaði ungmennafélagsfánann hátt á loft. Þá er ég klár.




24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga



Mikill undirbúningur hefur verið fyrir ferð ástvina leikmanna landsliðsins til Rússlands: Frá vinstri. Kristbjörg, Hólmfríður, Sibba, Hjördís Perla, Andrea Röfn og Jóna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ætlum upp *úr riðlinum* eins og þeir!

Mikill fjöldi ástvina og aðstandenda landsliðsmanna er á leið til Rússlands. Þeirra á meðal eru kærustur og eiginkonur leikmannanna. Sex þeirra hittu blaðamann yfir kaffibolla og ræddu væntingar fyrir HM.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Jóna Vestfjörð Hannesdóttir lögfræðingur og Hólmar Örn Eyjólfsson búa í Sofiu, höfuðborg Búlgaríu, ásamt lítilli dóttur sinni, Sylvíu.

Kristbjörg Jónasdóttir, einkaþjálfari og athafnakona, og Aron Einar Gunnarsson búa í Cardiff. Kristbjörg og Aron eiga von á sínu öðru barni í september. Fyrir eiga þau einn son.

Hjördís Perla Rafnsdóttir er í fæðingarorlofi, hún er með BA-gráðu í guðfræði og sálfræði og er unnusta Kára Árnasonar. Þau eiga soninn Mikael Atla sem er sex mánaða gamall.

Hólmfríður Björnsdóttir lögfræðingur er með Jóhanni Berg, saman eiga þau Írisi sem er eins og hálfs árs.

Andrea Röfn Jónasdóttir, fyrirsæta og viðskiptafræðingur, er með Arnóri Ingva Traustasyni.

Sigurbjörg Hjörleifsdóttir viðskiptafræðingur starfar hjá Iceland Cargo. Hún er með Ólafi Inga Skúlasyni. Þau eiga tíu ára dóttur, Andreu, soninn Viktor Skúla sem er fimm að verða sex og Freyju sem er nýorðin fjögurra ára.

*Eruð þið allar að fara til Rússlands? Hvernig verður ferðafyrirkomulagið?*

**Hjördís Perla:** Við sem erum hér staddar förum allar til Rússlands. Það hefur verið skipulögð ferð fyrir okkur á vegum ferðaskrifstofunnar Vita. Við höldum hópinn.

**Jóna:** Við vorum að bíða eftir valinu, við Hólmar. Ég er mjög spennt að fara og fylgjast með.

**Kristbjörg:** Við byrjum ferðalagið í Moskvu. Engin okkar hefur komið þangað áður.

**Andrea Röfn:** Það var haldinn fundur í gær þar sem farið var yfir helstu öryggisatriði. Til dæmis hvar okkur er óhætt að nota kortin okkar, hvar við eigum að tengjast netinu og slíkt. Við höfum margoft fengið að heyra það að ferðalag á þessum slóðum er ólíkt því sem við eigum að venjast og því höfum við fengið ýmis góð ráð.

**Sibba:** Það er betra að hafa öryggið í fyrirrúmi, sama hvert maður fer.

**Kristbjörg:** KSÍ og Vita eiga mikinn heiður skilinn fyrir það hversu vel og þétt það er haldið utan um alla sem að liðsmönnum standa.

**Hjördís:** Ég er ekki viss um að ég hefði farið ef ég hefði ekki þennan ríkulega stuðning. Sonur okkar er bara sex mánaða gamall.

**Hólmfríður:** Þrátt fyrir að við séum mjög reyndir ferðalangar þá er það góð tilfinning að vita til þess að allur hópurinn verður saman í Rússlandi. Þegar við fórum til Frakklands á EM fyrir tveimur árum þá var hver og einn svolítið út af fyrir sig. Ég held að með þessu fyrirkomulagi verði betri stemning, samheldni og auðvitað líka öryggi. Ég er auðvitað með lítið barn með mér svo það er gott að vita af öllum saman. Ég er sammála Hjördísi um að ég hefði líklega ekki farið með Írisi litlu með mér ef við hefðum ekki verið öll að ferðast saman.

**Sibba:** Ég fer bara með unglinginn minn með mér, sem er ellefu ára. Þetta verður svolítið frí hjá mér. Eftir langa einveru með börnunum mínum þremur. Yngri börnin mín eru vaxin upp úr því að vera í kerru og því fannst mér ekki ráðlegt að taka þau með. Ferðalagið hefði verið of erfitt. Ekki síst fyrir þau.

*Hvernig styðja ástvinir og fjölskylda í svona aðstæðum? Það er svakaleg pressa á liðinu auðvitað.*

**Kristbjörg:** Það er bara að vera til staðar.

**Hólmfríður:** Það er örugglega líka einstaklingsbundið en fyrst og fremst að vera til staðar bæði þegar vel og illa gengur.

**Hjördís Perla:** Svo finnst þeim pottþétt gott að vita af okkur uppi í stúku. Ekki síst ef litlu krílin eru með.

**Hólmfríður:** Í fyrstu var ég ekki viss um hvort það væri góð hugmynd að taka Írisi litlu með mér til Rússlands. En Jóhann vildi ólmur hafa hana með, enda verður það gaman fyrir hana í framtíðinni að eiga þessar minningar og að hafa fengið að upplifa þetta.

**Jóna:** Af því að við vorum að tala um það áðan hversu mikill styrkur það er að halda hópinn, þá skiptir það eiginlega enn meira máli af því að strákarnir eru alltaf saman. Hópurinn verður enn samheldnari.

*Þið eruð alltaf á ferð og flugi. Þurfið oft að flytja. Hvernig líf er það?*

**Hjördís Perla:** Við Kári erum búin að flytja sex sinnum á sjö árum.

**Hjördís Perla:** Skotland, England, Svíþjóð, Kýpur, aftur til Skotlands.

**Jóna:** England, Þýskaland, Noregur, Ísrael, Belgía og Búlgaría. Þar sem við búum núna.

**Kristbjörg:** Ég er nú bara í Cardiff og hef verið í nokkur ár.

**Hólmfríður:** Við bjuggum í Hollandi, svo fluttum við þaðan til London og búum nú í Manchester.

**Sibba:** Þetta hefur verið mjög ævintýralegt hjá okkur. Við höfum verið stöðugt á ferðinni. London, Svíþjóð, Danmörk, Belgía, Tyrkland. Þegar við fluttum frá Belgíu til Tyrklands, þá hugsaði ég: Ég er með viðskiptahugmynd. Ég ætti að hjálpa fólki að flytja. Þetta er svo mikið umstang. Við erum með fimm háskólagráður í þessu.

> EITT SINN TÓK ÉG VINNU Á LAGER TIL DÆMIS. TIL AÐ HAFA EITTHVAÐ FYRIR MIG. ÞÁ VAKNAÐI ÉG KLUKKAN HÁLF SEX Á MORGNANA OG TÓK SPORVAGN Í 40 MÍNÚTUR TIL AÐ KOMAST Í VINNUNA.
>
> Hjördís Perla

**Andrea Röfn:** Þú ert náttúrulega hokin af reynslu!

**Kristbjörg:** Bretar eru komnir aðeins áleiðis með þetta. Þar er til dæmis heimasíða fyrir fólk í þessum sporum þar sem hægt er að fá leiðsögn, upplýsingar og aðstoð við mikilvægustu atriðin.

*Þið hafið allar verið í námi, starfi eða í metnaðarfullum verkefnum. Hvernig gengur það þegar þið eruð á stöðugri ferð og í flutningum?*

**Hjördís Perla:** Ég hef alveg lent í því, oftar en einu sinni. Oftar en tvisvar. Að hafa fengið vinnu eftir að hafa verið búin að koma mér fyrir. En svo bara þarftu að hætta eftir nokkra mánuði. Eða að fara í atvinnuviðtal og vera spurð: Og hvað ertu að gera hér í landi? Um leið og atvinnurekandinn fær að vita að eiginmaðurinn er að spila fótbolta þá er svolítið bakkað. Því mögulega ertu farin eftir nokkra mánuði eða vikur.

**Andrea Röfn:** Ég stend núna frammi fyrir þessu krefjandi verkefni. Er að hugsa um hvað ég vilji gera í framtíðinni. Núna tökum við, sumir ástvinir liðsmanna, frí í sjö vikur til að fylgja þeim. Það er erfitt að fá svo langt frí í fastri vinnu.

**Hólmfríður:** Við Jóna förum samferða í gegn um laganámið í Háskóla Íslands. Það er ekki boðið upp á fjarnám þannig að við höfum verið meira og minna utanskóla síðastliðin ár. Það gekk þó mjög vel hjá okkur báðum.

**Jóna:** Já, þar sem maður dettur smá úr tengslum við bekkjarfélagana þegar maður er með annan fótinn erlendis þá gátum við sýnt hvor annarri stuðning. Annars verður maður svolítið einn á báti.

*Þið verðið svolítlir einfarar þá?*

**Hólmfríður:** Já, að vissu leyti.

**Hjördís Perla:** Flestar þær konur sem eru í þessari stöðu verða það. Það er svo oft sem strákarnir eru í burtu og þá er oft mikil einvera. Ætli þetta eigi ekki við um flesta maka sem eru í þessari stöðu.

**Kristbjörg:** Maður verður sjálfstæðari. Harðari og fókusinn skýr. Mér hefur gengið vel, en það situr samt oft eitthvað á hakanum. Þegar ég flutti fyrst út þá var ég að keppa áfram og gekk vel með það. Ég hafði starfað sem einkaþjálfari fram að því og hélt aðeins áfram með það eftir að ég var komin út því ég hef mikla ánægju af því starfi. Ég fór samt fljótt að finna að lífsmynstrið mótast talsvert af því sem er að gerast hjá Aroni. Oft eru ferðalög með skömmum fyrirvara og ýmislegt annað sem brýtur upp rútínuna og þess vegna var erfitt að vera til staðar fyrir viðskiptavinina. Ég lét því staðar numið. Eftir að ég eignaðist Óliver og fór að ná betur utan um móðurhlutverkið hófst ég handa við að þróa fjarþjálfunarprógramm. Nýtti allar lausar stundir í að vinna í því og núna er það komið í gang og fer virkilega vel af stað.

**Hjördís Perla:** Ég ætlaði að reyna að nota mína menntun og reynslu til að sækja um störf í þeim geira. En þá eru kröfurnar kannski aðrar erlendis, eitt sinn tók ég vinnu á lager til dæmis. Til að hafa eitthvað fyrir mig. Þá vaknaði ég klukkan hálf sex á morgnana og tók sporvagn í 40 mínútur til að komast í vinnuna.

**Kristbjörg:** Já, að vera bara heima að bíða er ekki eitthvað sem hentar mér. Ég hef þörf fyrir að vinna. Finna tilgang og finna farveg fyrir mín áhugamál og mína hæfileika.

**Sibba:** Strákarnir detta inn í hóp sem er vel haldið utan um. Við erum meira einar á báti.

**Jóna:** Við þurfum að klóra okkur áfram og berjast í þessu. Að finna tengsl. Koma okkur fyrir.

*Hverjar eru væntingar ykkar til strákanna á HM?*

**Sibba:** Góðar! Við ætlum upp úr riðlinum alveg eins og þeir. Ef við trúum ekki á þá, hver gerir það þá?

# Alþjóðlegt útboð á hlutabréfum í Arion banka

Kaupskil og fjárfestingafélag í stýringu Attestor Capital LLP hyggjast selja hluti í Arion banka í alþjóðlegu útboði. Markmið útboðsins er að gera Arion banka kleift að uppfylla skilyrði Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm um dreifingu hlutafjár, að auka við breidd hluthafahópsins og að félagið verði ákjósanlegur fjárfestingarkostur á eftirmarkaði auk þess sem seljendur horfa til þess að selja eign sína á sem hagstæðustu verði.

Grunnstærð útboðsins er að lágmarki 452.500.000 en að hámarki 724.000.000 hlutir (hlutafé eða heimildarskírteini) eða sem nemur 25,0–40,0% af útistandandi hlutafé í bankanum. Seljendur geta tekið ákvörðun um að selja 67.875.000–108.600.000 hluti til viðbótar til að mæta mögulegri umframeftirspurn sem þýðir að heildar söluandvirði yrði að lágmarki 35,4–41,1 milljarðar króna.

Útboðið nær til áður útgefinna hlutabréfa, hvort sem þau eru í formi hlutafjár eða heimildarskírteina, og skiptist í þrennt:

1. Almennt útboð til íslenskra fjárfesta
2. Almennt útboð til sænskra fjárfesta
3. Alþjóðlegt útboð til fagfjárfesta sem uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt lögum

Allir hlutir í útboðinu verða seldir á sama útboðsgengi sem verður á bilinu 68–79 kr. á hlut. Seljendur munu taka einhliða ákvörðun um úthlutun en gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðs verði birtar opinberlega 15. júní 2018.

### Helstu skilmálar almenns útboðs á Íslandi

- Hver áskrift að andvirði 150.000–15.000.000 kr.
- Tekið við áskriftum á vef Arion banka frá 31. maí 2018 kl. 12.00 til 13. júní 2018 kl. 15.00
- Fjárfestar hafa heimild til að bæta við áskrift sína eða fella hana niður á útboðstímabilinu
- Aðstoð vegna almenna útboðsins má nálgast hjá verðbréfaráðgjöf Arion banka í síma 444 7000 og á tölvupóstfanginu **arion-utbod@arionbanki.is**.

Útboðið er með fyrirvara um að hlutir í bankanum verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland og hlutir í formi heimildarskírteina á Nasdaq Stockholm en báðar kauphallir hafa samþykkt skráninguna með fyrirvara um að kröfum um dreifingu hlutafjár verði náð. Gert er ráð fyrir að kauphallirnar birti opinberlega endanlegt samþykki sitt þann 15. júní 2018. Eindagi kaupverðs í almenna útboðinu er áætlaður 18. júní 2018 og er gert ráð fyrir að skilyrt viðskipti geti hafist 15. júní 2018. Með skilyrtum viðskiptum er átt við viðskipti sem eru háð þeim fyrirvara að hlutirnir (hvort sem þeir eru í formi hluta eða heimildarskírteina) verði teknir til viðskipta.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi við lok útboðstímabilsins. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um Arion banka og skilmála útboðsins í lýsingu bankans dagsettri 31. maí 2018 og er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti.

Fjárfestingabankasvið Arion banka ásamt Carnegie, Citigroup og Morgan Stanley hafa umsjón með útboðinu en Deutsche Bank, Goldman Sachs International, Handelsbanken Capital Markets, Íslandsbanki, Landsbankinn og Fossar eru einnig söluaðilar í útboðinu.

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um Arion banka, hlutabréf bankans og skilmála útboðsins má finna í lýsingu bankans sem dagsett er 31. maí 2018 og birt er á **arionbanki.is/IPO**. Þar má nálgast lýsinguna næstu 12 mánuði. Innbundin eintök af lýsingunni má nálgast hjá Arion banka í Borgartúni 19, Reykjavík.

Heildarfjöldi útgefinna hluta í Arion banka er 2.000.000.000 og á bankinn 190.000.000 hluti.
Hver hlutur er 1 króna að nafnverði og hafa hlutirnir verið gefnir út í samræmi við íslensk lög. Viðskipti með hlutina verða í íslenskum krónum í kerfum Nasdaq Iceland undir auðkenninu ARION (ISIN: IS0000028157) en viðskipti með heimildarskírteini verða í sænskum krónum í kerfum Nasdaq Stockholm undir auðkenninu ARIONs (ISIN: SE0010413567).

arionbanki.is



**Pólland** komst nokkuð örugglega á HM eftir að hafa misst af undanförnum tveimur mótum. Besti árangur Pólverja á Heimsmeistaramótinu er þriðja sætið árið 1974 og 1982. Hryggjarsúla liðsins er afar sterk, frá aftasta manni til hins fremsta og voru þeir óheppnir að detta úr leik í 8-liða úrslitunum á EM eftir vítaspyrnukeppni gegn Portúgal en þeir vonast til að gera enn betur í Rússlandi.

**16** Mörk skoraði markahrókurinn **Robert Lewandowski** í leikjunum tíu í undankeppni HM.





**Senegal** er komið aftur inn á HM eftir sextán ára fjarveru og stefnir að því að verða fyrsta Afríkuþjóðin sem kemst yfir hindrunina sem átta liða úrslitin geta verið. Fóru þeir taplausir í gegnum undankeppnina og fengu aðeins á sig fimm mörk í átta leikjum. Varnarleikurinn er spurningarmerki en það verður undir **Sadio Mané**, stórstjörnu liðsins og Liverpool, komið að leiða liðið þegar kemur til Rússlands.

**27.** sæti á styrkleikalista FIFA skipar Senegal en aðeins Túnis er ofar frá Afríku.





## HM í Rússlandi

# H-RIÐILL

## Sá jafnasti í keppninni



**Kólumbía** spilaði stórskemmtilegan fótbolta á HM 2014 þegar liðið komst alla leiðina í 8-liða úrslitin þar sem það féll út gegn Brasilíu. Skaust þar ung stjarna fram á sjónarsviðið, **James Rodriguez**, en hann var markahæsti leikmaður mótsins með sex mörk. Eftir döpur ár hjá Real Madrid vaknaði James aftur til lífsins hjá Bayern München og kemur fullur sjálfstrausts til að leiða liðið í Rússlandi.

**4** leiki unnu Kólumbíumenn á síðasta móti en fram að því höfðu þeir aðeins unnið þrjá leiki á fjórum mótum.





Þetta verður sjötta skiptið í röð sem **Japan** er meðal þátttakenda á HM en besti árangur liðsins er 16-liða úrslitin. Margar af skærustu stjörnum liðsins eins og Keisuke Honda, **Shinji Kagawa** og Shinji Okazaki eru um þrítugt og er þetta því síðasta tækifæri þeirra til að koma liðinu lengra.

**68** dagar verða liðnir frá því að Akira Nishino tók við liðinu í byrjun apríl þegar fyrsti leikur Japans hefst.



# Ljónin frá *Senegal*

Senegal er komið á Heimsmeistaramótið í annað sinn í sögu þjóðarinnar. Síðast vakti liðið heimsathygli með því að sigra Frakka á leið sinni í 8-liða úrslitin en kunnuglegt andlit stýrir liðinu af hliðarlínunni.

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is



Senegalar, ljónin frá Teranga, mæta aftur til leiks á Heimsmeistaramótið í Rússlandi í sumar eftir sextán ára fjarveru en þetta verður aðeins í annað skipti sem þeir taka þátt á mótinu. Sló lið þeirra í gegn í Suður-Kóreu og Japan árið 2002 í frumraun sinni sem skilaði flestum leikmönnum liðsins félagaskiptum til stærri liða í Evrópu. Frægasta dæmið um það er misheppnuð dvöl El Hadji Diouf og Salif Diao hjá Liverpool en þeir entust stutt í Bítlaborginni.

Fjórtán árum síðar er aðeins einn leikmaður úr 2002-liðinu enn að, Souleymane Camara lék 24 leiki í efstu deild í Frakklandi í vetur en komst ekki í hópinn hjá Senegal sem fer til Rússlands.

Það ætti hins vegar ekki að skorta reynslu af því að mótið því þjálfari liðsins í dag er enginn annar en Aliou Cissé, fyrirliði Senegals árið 2002.

### Felldu Golíat í fyrsta leik

Það voru ekki margir í heiminum sem áttu von á því að Senegal myndi stríða liði Frakklands í opnunarleiknum í Seoul árið 2002. Franska liðið var ríkjandi Evrópu- og heimsmeistari með ógnarsterkt lið sem átti að fara nokkuð auðveldlega í gegnum riðil sem innihélt ásamt Senegal frændur okkar Dani og Úrúgvæ. Augun voru á því hver mótherjinn væri þegar lengra væri komið.

Zinedine Zidane, hetja Frakka frá 1998 og einn besti leikmaður allra tíma, fylgdist meiddur með af bekknum þegar Papa Bouba Diop skoraði fyrsta mark HM og eina mark leiksins í sigri Senegals sem vakti athygli út um allan heim.

Dramatískt jafntefli gegn Úrúgvæ í lokaumferð riðlakeppninnar þýddi að Senegal fór ásamt Dönum upp úr A-riðli en þar skildu þau eftir tvenna fyrrverandi meistara, Frakka og Úrúgvæ.

Í sextán-liða úrslitum var Henri Camara hetja Senegala en hann skoraði tvívegis í 2-1 sigri á Svíþjóð, seinna markið reyndist gullmark á 104. mínútu og skaut Senegal inn í átta liða úrslitin.

Tæpri viku síðar var komið að Senegal að þurfa að sætta sig við tap eftir gullmark, Tyrkir skoruðu í upphafi framlengingarinnar og bundu enda á drauma Senegals um leið. Féllu ljónin því úr leik í átta liða úrslitunum og jöfnuðu með því besta árangur afrískrar þjóðar á HM sem Kamerún náði árið 1990.

Stendur það enn í dag en Gana, andstæðingar Íslands á fimmtudaginn, náði að jafna árangur Kamerún og Senegals á HM 2010.

### Ljós við enda ganganna

Sneru leikmenn Senegals fullir sjálfstrausts heim, annað sæti í Afríkukeppninni og átta liða úrslit á HM árið 2002 boðaði gott fyrir ungan leikmannahóp Senegala.

Annað kom á daginn, Senegal skipti sex sinnum um þjálfara á næstu þrettán árum, tveir franskir, einn pólskur og þrír heimamenn.

Fjórða sæti í Afríkukeppninni 2006 og átta-liða úrslit á Ólympíuleikunum 2012 er það eina jákvæða sem hægt er að taka úr þrettán ára vonbrigðatímabili í knattspyrnunni í Senegal.

Þrátt fyrir að eiga leikmenn í stærstu deildum Evrópu á borð við Papiss Cissé, Demba Ba og Moussa Sow í framlínunni olli liðið alltaf vonbrigðum í undankeppni HM.

Aliou Cissé tók við liðinu árið 2015 og fékk strax í þjálfarateymi sitt markvörðinn Tony Sylva og Omar Daf, varnarmanninn úr hópnum sem fór á HM 2002, og liðið fór strax að sýna batamerki.

Hefur Senegal aðeins tapað þremur af síðustu 32 leikjum í öllum keppnum, þar af einum æfingarleik, einum í vítaspyrnukeppni og einum þar sem vantaði leikmenn liðsins sem leika utan Senegals, stærstu stjörnurnar.

Það ætti ekki að skorta púður í sóknarleik liðsins í sumar, Keita Balde frá Monaco og Sadio Mané, Liverpool, veita M'Baye Niang, sem þótti á sínum tíma einn efnilegasti framherji heims, þjónustu.

Stærra spurningarmerki er varnarleikurinn, þjálfarinn Cissé þótti öflugur varnarsinnaður miðjumaður og mun eflaust leggja áherslu á að Cheikhou Kouyaté og liðsfélagi Gylfa Þórs hjá Everton, Idrissa Gueye, verði duglegir að verja varnarlínuna og svæðið þar fyrir framan.

Miðvörurinn Kalidou Koulibaly sem var einn af bestu leikmönnum Napoli í vetur verður kletturinn í vörn Senegals en spurningin er hvort liðsfélagar hans geti stigið upp.

Takist Kouyaté og Gueye að mynda sterka línu á miðjunni til þess að aðstoða vörnina og sóknarlínan hrekkur í gír, þá skyldi engin afskrifa það að Senegal fari aftur í átta-liða úrslit og geri jafnvel atlögu að því að verða fyrsta afríska þjóðin sem fer skrefinu lengra og leikur um verðlaun.

> AÐEINS ÞRJÁR AFRÍKUÞJÓÐIR HAFA KOMIST Í ÁTTA LIÐA ÚRSLITIN Á HM, KAMERÚN (1990), SENEGAL (2002) OG GANA (2010), EN ENGRI ÞJÓÐ HEFUR TIL ÞESSA TEKIST AÐ KOMAST Í UNDANÚRSLITIN.



Alou Cissé straujar Marcel Desailly í opnunarleik HM 2002 þegar Senegal skellti óvænt ríkjandi Heims- og Evrópumeisturum Frakklands í Seúl. Senegalar gripu tækifærið í fyrstu tilraun sinni á stærsta sviði knattspyrnuheimsins og komust í átta-liða úrslitin. NORDICPHOTOS/GETTY



Cissé fylgist með lærisveinum sínum af hliðarlínunni sem þjálfari.

Fólk
LAUGARDAGUR 9. JÚNÍ 2018
Helgin









Einar Örn Grettisson gat ekki orðið sofið fyrir kláða og vanlíðan af völdum sóríasis þegar hann prófaði MariCell™ kremið frá Kerecis. MYND/EYÞÓR

# Varð eins og nýr

Einar Örn Grettisson var orðinn úrkula vonar um heilbrigt hold og kláðalausar nætur af völdum sóríasis þegar móðir hans fann MariCell™ Psoria; undraverða og dugandi lausn sem bætti lífsgæði Einars til mikilla muna. →2

Framhald af forsíðu ➺

Ég var þrettán ára þegar sóríasis fór fyrst að láta á sér að kræla. Þessi hvimleiði húðsjúkdómur kom svo og fór næstu árin en þegar ég nálgaðist þrítugt fór ástandið að versna til muna,“ segir Einar Örn Grettisson sem gekk lækna á milli til að fá bót meina sinna og prófaði alls kyns smyrsl og stera sem ekkert bitu á sárin.

„Svo gerðist það að ég fór utan til Svíþjóðar í nám og lifði á dósamat og óhollustu sem fátækur námsmaður. Það gerði allt verra enda hefur lélegt mataræði bein áhrif á sóríasis og þegar verst lét var ég undirlagður af stórum sárum og hrúðri á handleggjum og fótleggjum og hættur að geta sofið á nóttunni fyrir viðstöðulausum kláða. Þá upplifði ég í fyrsta sinn örvæntingu og að sjúkdómurinn olli mér verulegu hugarangri,“ segir Einar sem hóf aftur göngu á milli húðlækna og magalækna í von um lækningu, en hjálpin kom frá móður Einars sem starfar í heilbrigðisgeiranum.

„Mamma hafði heyrt um einstakan árangur MariCell™ Psoriakremsins frá Kerecis og þá var



Eftir að hafa borið MariCell™ Psoria kremið á sig í þrjá daga fannst Einari hann vera sem nýr maður og í dag finnur hann ekki fyrir sóríasis. MYND/EYÞÓR




ekki eftir neinu að bíða. Ég dreif mig í að kaupa kremið, bar það á sárin í þrjá daga og varð þá nánast eins og nýr. Ég fann meira að segja fyrir góðum árangri fyrsta daginn því strax sló á kláðann og í dag finn ég ekki lengur fyrir neinu og sef vært allar nætur,“ segir Einar og er heldur betur sáttur og sæll með lífið og tilveruna. „MariCell™ Psoria hefur bætt lífsgæði mín allverulega og ég vil fyrir alla muni breiða út orðsporið svo að aðrir í sömu sporum geti fengið bót meina sinna.“

Eftir að Einar fór að nota MariCell™ Psoria-kremið frá Kerecis hafa sóríasis-sárin horfið með öllu en eftir standa ógreinilegir blettir á olnbogum og hnjám sem Einar segir aðeins hægt að sjá með góðum vilja.

„Sóríasis lýsir sér í slæmum sárum sem líta út fyrir að vera að gróa en gera það ekki. Mann klæjar mikið í þau og hjá mér var þetta komið upp að öxlum og í hársvörðinn líka. Í dag sést ekki á mér að ég sé með sóríasis og það háir mér ekkert. Ef ég finn fyrir einkennum ber ég strax MariCell™ á mig og finn að allt lagast fljótt og vel. Ég þarf ekki einu sinni að vanda mataræðið eins og áður var, því nú get ég borðað allt án þess að það hafi nokkrar afleiðingar á sjúkdóminn,“ segir Einar, þakklátur fyrir þann undraverða árangur sem MariCell™ Psoria hefur fært honum á síðustu tveimur árum.

„MariCell™ Psoria er lausnin. Það virkar fljótt og vel. Ég mæli sannarlega með því við alla sem kljást við sóríasis því að það er eina kremið sem hefur virkað á mig alla leið.“

# Undraverður bati með MariCell™

Kerecis kynnir MariCell™, íslenskt húðkrem sem inniheldur mOmega-3™fjölómettaðar fitusýrur, ávaxtasýrur og karbamíð. Kremin eru CE-merkt og flokkast því ekki sem snyrtivörur heldur lækningavörur. Þau innihalda hvorki stera né parabena og með ávísun læknis greiða Sjúkratryggingar Íslands hluta kostnaðarins.

MariCell™ kremin eru þróuð af dr. Baldri Tuma Baldurssyni húðsjúkdómalækni og eru notuð til þess að meðhöndla ýmis húðvandamál. Komin eru á markað fjórar tegundir af MariCell™-kremum sem gefið hafa góða raun:

MariCell™Xma: Meðhöndlar erta/bólgna húð og einkenni exems.

MariCell™Psoria: Meðhöndlar húð með einkenni sóríasis eða annars konar hreistursmyndun.

MariCell™Footguard™: Meðhöndlar og kemur í veg fyrir sigg, þykka húð og sprungna hæla.

MariCell™Smooth: Meðhöndlar og kemur í veg fyrir húðnabba, hárnabba, rakstursbólur og inngróin hár.

MariCell™ Psoria er einstaklega virkt krem sem er sérþróað til meðhöndlunar á þykkri og hreistraðri húð og einkennum sóríasis. Það meðhöndlar hreistraða húð og einkenni sóríasis, dregur úr kláða, losar húðflögur, er rakagefandi og eykur vatnsbindigetu húðarinnar. Kremið inniheldur mOmega-3™fjölómettaðar fitusýrur og byggir á íslenskri einkaleyfavarinni tækni.



MariCell™ Psoria meðhöndlar húð með einkenni sóríasis og hreistursmyndun.



MariCell™ Footguard meðhöndlar og kemur í veg fyrir sigg, þykka húð og sprungna hæla.

MariCell™ fæst í apótekum

## Hvernig virka MariCell™kremin?

Hægt er að líkja ysta lagi húðarinnar við múrsteina með steypu á milli. Múrsteinarnir eru frumur húðarinnar sem eru límdir saman með blöndu af fitu og próteinum. Þetta lím, sem kalla má millifrumuefni, er ríkt af fjölómettuðum fitusýrum og öðrum efnum. Fitusýrurnar halda hyrnislaginu mjúku og vatnsheldu. Undir ákveðnum kringumstæðum virkar millifrumuefnið alls ekki, það heldur ekki vatni en límir frumurnar saman þannig að þær hrönglast upp á yfirborði húðarinnar. Þetta gerist einkum á stöðum eins og höndum og olnbogum. Ástæður þessa geta verið vegna ytra áreitis eða sjúkdóma, eins og sóríasis.

Hreistur myndast þegar mikið magn dauðra fruma safnast á yfirborði húðar og hún byrjar að flagna, sem veldur kláða og óþægindum.

MariCell™Psoria inniheldur þrjú efni sem vinna saman að því að auka heilbrigði millifrumuefnisins í hyrnislaginu: mOmega3™, 5% ávaxtasýru og 5% karbamíð.

1. **mOmega3™** er unnið úr sjávarfangi og inniheldur meðal annars EPA og DHA fitusýrur sem húðin getur nýtt sér til að viðhalda heilbrigði millifrumefnis í hyrnislagi húðarinnar.
2. **Ávaxtasýra** mýkir efsta lag húðarinnar, flýtir fyrir húðflögnun og eykur gegndræpi húðar þannig að mOmega3™ fitusýrur og karbamíð eiga auðveldara með að smjúga inn.
3. **Karbamíð** gefur raka og eykur vatnsbindigetu húðarinnar.


MariCell™

Íslensk framleiðsla.
Án stera, án parabena.

Fyrir sprungna hæla og fótasigg



FOOTGUARD™

Meðhöndlar og kemur í veg fyrir sigg, þykka húð og sprungna hæla

með mOmega3™

Fyrir auma, rauða og bólgna húð með kláða



XMA

Meðhöndlar erta húð og einkenni exems

með mOmega3™

Fyrir hárnabba, rakstursbólur og inngróin hár



SMOOTH

Meðhöndlar og kemur í veg fyrir húðnabba

með mOmega3™

Fyrir þykka og hreistraða húð með kláða



PSORIA

Meðhöndlar hreistraða húð og einkenni sóríasis

með mOmega3™

# Einkenni fæðuóþols horfin

**Digest Spectrum meltingarensím hjálpa fólki með fæðuóþol og geta einkenni minnkað mikið og jafnvel horfið. Ensímin vinna á öllum fæðutegundum og eru sérstaklega öflug og skjótvirk.**

Meltingarensímin frá Enzymedica hafa rækilega slegið í gegn á Íslandi og hafa þau hreinlega umbylt lífi fjölda fólks. Meltingarensím virka þannig að þau eru tekin inn við upphaf máltíðar og virka samstundis. Fyrir suma dugar að taka þau stundum – eftir því hvað verið er að borða – og aðrir nota þau með öllum máltíðum. Ensímin eru náttúruleg og því engin hætta á því að eitthvað fari úrskeiðis í meltingunni heldur þvert á móti, niðurbrot fæðunnar verður meira og upptaka næringarefna eykst ásamt því að ónot og ýmsir fylgikvillar lélegrar meltingar minnka eða hverfa.

## Fæðuóþol eða ensímaskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefnt fæðuóþol. Margir kannast t.d. við mjólkursykursóþol eða laktósaóþol sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensími sem brýtur niður laktósann. Reyndar er það ekki alltaf svo að einkenni fæðuóþols komi strax í ljós og geta liðið allt að 72 tímar þar til einkenna verður vart. Oft er það líka svo að þau líkamlegu einkenni sem koma fram eru þess eðlis að erfitt er að átta sig á því að um fæðuóþol sé að ræða. Ástæður fæðuóþols má oftast rekja til skorts á ákveðnum meltingarensímum og/eða að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem fæðan á að skila okkur.

## Einkennin hurfu!

Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir hefur ekki átt sjö dagana sæla en nánast allt sitt líf hefur hún verið að kljást við vandamál tengd meltingunni. Hún er skýrt dæmi um alvarlegt tilfelli fæðuóþols og það er ekki fyrr en nú eftir að hún fór að nota Digest Spectrum að hún sér til sólar og er farin að njóta þess að borða og líða vel á eftir. Saga hennar er ótrúleg:

„Ég hef verið með í maganum síðan ég var lítil stelpa, oft með útþaninn og harðan maga og krampaverki eftir máltíðir. Þegar ég varð eldri bættust við ýmis einkenni eins og ógleði, brjóstsviði, nábítur og mikil læti í maganum. Einnig fann ég fyrir ýmsu öðru án þess að tengja það við meltinguna og þarmaflóruna en þetta var höfuðverkur, skapsveiflur, pirringur, mikið orkuleysi eftir máltíðir, húðflekkir, bjúgur, liðverkir, vöðvabólga, nætursviti, erfiðleikar með svefn, nefrennsli, augnþurrkur og aukakílóin festust. Ég hef prófað næstum allt til að láta mér líða

> **Ótrúlegt en satt, þá fann ég mun frá fyrsta degi, öll einkenni fæðuóþolsins minnkuðu til muna og mörg jafnvel hurfu. Aukakílóin eru einnig farin að losa takið og greinilegt að Digest Spectrum verður hluti af lífi mínu áfram.**
>
> Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir kennari

betur en með misgóðum árangri og ef ég fann mun þá var það einungis í stuttan tíma. Einnig hef ég farið ófáar ferðir til ýmissa sérfræðinga en lítið komið út úr því nema að endingu var ég greind hjá ofnæmislækni með óþol fyrir aukefnum í matvælum og þá bæði náttúrulegum (náttúruleg rotvarnarefni) og tilbúnum. Við að sneiða hjá aukefnum hefur margt lagast en samt vantaði eitthvað meira til að mér liði vel. Ég sá auglýsingu um Digest Spectrum og ákvað að prófa. Ótrúlegt en satt, þá fann ég mun frá fyrsta degi, öll einkenni minnkuðu til muna og mörg jafnvel hurfu. Þegar ég tek Digest Spectrum verð ég hvorki uppþembd né fæ ógleði, brjóstsviða og annað sem ég taldi upp áður. Ég finn að ég er með mun meiri orku en áður og þar af leiðandi minni pirring og skapsveiflur. Ég ákvað að prófa að hætta tímabundið að taka ensímin til að finna muninn og þá kom allt til baka aftur. Óþolið sem ég var greind með hefur minnkað til muna og ég þoli fullt af mat sem ég þoldi engan veginn áður. Einnig eru aukakílóin aðeins farin að losa takið án þess að ég hafi breytt öðru en þau hafa verið blýföst þrátt fyrir lífsstílsbreytingu og ítrekaðar viðurkenndar aðferðir til að léttast. Það er greinilegt að Digest Spectrum verður hluti af mínu lífi, ásamt Bio Kult Candea og chia-graut í morgunmat."



Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir mælir með Digest Spectrum.

## Hollur matur og óþol

Fjölmargir þjást vegna fæðuóþols af einhverju tagi og hafa ekki hugmynd um það. Það er vegna þess að erfitt getur reynst að tengja einkennin við meltinguna og þá staðreynd að kvillarnir eru að koma fram allt að 42-72 klst. eftir að matarins er neytt. Fólk getur haft óþol gegn ýmiss konar hollustufæði líka og þá getur verið enn erfiðara að átti sig því að við gerum oftast ráð fyrir því að þegar við borðum hollt, þá séum við að gera líkamanum gott.

Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.





# Betri svefn

Melissa Dream er vísindalega samsett náttúrulyf, hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni

Þessi blanda inniheldur ekki efni sem hafa sljógvandi áhrif.



„Ég bæði sef fastar og sofna fyrr. Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvíld. Ég sef alla nóttina og er ekki sífellt að vakna upp eins og áður. Ég mæli hiklaust með Melissa Dream fyrir alla"

*Elsa M. Víðis*




Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna. Nánari á www.artasan.is

# Betri húð og bætt þarmaflóra

## Ný lína mjólkursýrugerla Natures Aid sem hafa allir sértæka virkni gegn mismunandi sjúkdómum. Að baki línunnar liggja öflugar rannsóknir á mismunandi gerlastofnum.

Melting og úrvinnsla líkamans úr þeirri fæðu sem við látum ofan í okkur er algjört lykilatriði þegar kemur að heilsufari og vellíðan," segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

„Ef yfirborð smáþarmanna, þar sem næringarupptakan fer fram, væri sléttað myndi flatarmálið mælast allt að 300 fermetrar eða stærra en tennisvöllur. Á þessu svæði lifir gríðarlegur fjöldi baktería sem við köllum örveruflóru í daglegu tali og í heilbrigðri manneskju er stærstur hluti hennar vinveittur líkama okkar. Að viðhalda heilbrigðri þarmaflóru má líkja við ræktun á fallegum grasbletti en ef við hugum ekki vel að áburði og næringu verður erfitt að láta grasið dafna vel og verða fallegt án þess að það verði kaffært í illgresi og annarri órækt."

### Lífsstíll og léleg flóra

Margt getur valdið því að þarmaflóran raskast og ótrúlega stór hópur fólks þjáist af kvillum sem því tengjast. Örveruflóra hverrar manneskju er einstök og er því mismunandi hverjir kvillarnir eru eftir því hvaða gerla skortir eða hvað er í ójafnvægi. Afleiðingar af lélegri þarmaflóru geta m.a. verið:

- Lélegt ónæmiskerfi
- Húðvandamál (rósroði, exem, bólur o.fl.)
- Iðraólga (IBS – niðurgangur og/ eða hægðatregða)
- Þyngdaraukning
- Áhrif á skap, minni og heilastarfsemi

### Gegn rósroða, exemi, acne og iðraólgu

„Engan þarf að undra að afar erfitt getur verið að tengja sum líkamleg (og jafnvel andleg) einkenni við hugsanlegt ójafnvægi á þarmaflóru en þeim rannsóknum fjölgar stöðugt sem sýna að þarna á milli er ótrúlega sterk tenging," segir Hrönn. „Ný og öflug lína af mjólkursýrugerlum frá Natures Aid hefur litið dagsins ljós en þessi vörulína hefur vakið mikla athygli erlendis, bæði vegna þeirra rannsókna sem liggja að baki og ekki síður vegna þess hve vel þeir hafa unnið á þeim einkennum sem þeim er ætlað að vinna á."

### Pro-Derma fyrir húðina

Pro-Derma inniheldur sérvalda gerlastofna sem styðja við heilbrigði húðarinnar og er sérlega gott fyrir þá sem þjást af rósroða, exemi, sóríasis og acne (unglingabólum). Gerlarnir hafa verið rannsakaðir sérstaklega með tilliti til virkni þeirra á húð og hamlandi áhrifa þeirra á óvinveittar húðbakteríur. Þessi blanda inniheldur einnig kólín sem styður við lifrarstarfsemina og heilbrigt afeitrunarferli, A-vítamín og sink sem er þekkt fyrir jákvæð áhrif á húð og ónæmiskerfi, kopar og svo króm sem jafnar blóðsykur sem getur haft áhrif á bólgur í húð.

### NutriGut-C gegn hægðatregðu

„Þessi gerlasamsetning er sérstaklega góð fyrir fólk sem þjáist vegna langvarandi hægðatregðu og iðraólgu. NutriGut-C er á duftformi og hafa örverustofnarnir verið rannsakaðir með tilliti til áhrifa þeirra á iðraólgu (IBS), uppþembu, verki og hægðatregðu. Inniheldur einnig FOS, vatnsleysanlegar trefjar sem styrkja og efla vöxt nauðsynlegra gerla í þörmunum, magnesíum sem getur örvað vöðvastarfsemi og að lokum er sveskjuþykkni sem örvar þarmastarfsemina."



Þeim rannsóknum fjölgar sem sýna fram á sterk tengsl milli heilbrigðrar þarmaflóru og almennrar vellíðunar, bæði líkamlegrar og andlegrar.

> Örveruflóra hverrar manneskju er einstök og er því mismunandi hverjir kvillarnir eru eftir því hvaða gerla skortir.

### NutriGut-D gegn niðurgangi

„NutriGut-D er „allt í einni" blanda sem vinnur gegn niðurgangi, iðraólgu og bólgueinkennum í iðrum og eru gerlastofnarnir í henni einkar góðir til meðhöndlunar á IBS-D (iðraólgu sem einkennist af lausum hægðum). Ásamt mjólkursýrugerlunum er glútamín sem styður við gróanda og tryggir hámarksafköst í meltingu og perilla-þykkni sem er róandi og græðandi fyrir meltingarveginn og dregur þannig úr einkennum iðraólgu. Að auki inniheldur þessi tegund A-vítamín sem styrkir bæði ónæmiskerfið og slímhúðina en hún getur verið illa farin ef einstaklingur hefur tíðan niðurgang."

> Sérstakir gerlastofnar sem hafa verið rannsakaðir sérstaklega með tilliti til virkni þeirra gegn vandamálum eins og rósroða, exems, iðraólgu og hægðavandamála".




### Pro-Travel í ferðalagið – öflug tvenna

„Þegar farið er í ferðalag á fjarlæga staði er afar algengt að maginn og meltingin geri meira vart við sig en venjulega. Orsakirnar eru margvíslegar en breytt hitastig og framandi matur, ásamt ýmsu því sem við neytum í fríinu í meiri mæli en vanalega, getur gert óskunda í meltingarfærunum og valdið ýmsum ónotum. Pro-Travel er eitthvað sem allir ættu að taka með sér í fríið en þarna er um fjölbreytta gerlastofna að ræða sem geta fyrirbyggt þessi týpísku magaónot sem oft fylgja ferðalögum. Að auki fylgir með í pakkanum B1-vítamín sem er þekkt fyrir að fæla frá skordýr, þ. á m. moskítóflugur."

„Sölustaðir: Fæst í helstu apótekum.




Ný og öflug lína af mjólkursýrugerlum frá Natures Aid hefur litið dagsins ljós.

# Mádara Organic – DEEPER THAN SKIN – Nýjar lífrænar húðvörur á Íslandi

Mádara er með söluhæstu húðvörum í sínum flokki á Norðurlöndum sem hafa hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga. Vörurnar eru lífrænt vottaðar og án allra gerviefna.

Mádara húðvörurnar eru margverðlaunaðar og einstakar í sinni röð. Yfirskriftin „deeper than skin“ þýðir að vörurnar láta okkur líta betur út að utan sem innan,“ segir Halldóra Stefánsdóttir, snyrtifræðingur og vörustjóri Mádara á Íslandi.

## Engin gerviefni

„Allar vörur frá Mádara eru Ecocert vottaðar, sem þýðir að þær eru framleiddar úr lífrænt vottuðum jurtum. Vörurnar eru algerlega lausar við gerviefni eins og litar- og ilmefni, paraben, jarðolíur, tilbúin rotvarnarefni eða önnur skaðleg kemísk efni,“ segir Halldóra.



Halldóra Stefánsdóttir.

„Í þúsundir ára hefur norðanvindurinn mótað umhverfi okkar. Veðráttan hefur mótað plönturnar á þann hátt að þær þola nánast hvað sem er. Eiginleikar jurtanna liggja djúpt í rótunum. Þessar jurtir eru meginkjarni Mádara og því bestu mögulegu innihaldsefni sem gæða húðina ljóma, jafnvægi og henta okkur fullkomlega sem búum við sambærilegar aðstæður.“

## Viðurkenningar

„Alþjóðlegar viðurkenningar sem Mádara hefur unnið til eru t.d. frá Beauty awards, Daily Mail, Beauty shortlist awards og fleirum,“ segir Halldóra að lokum.

**#lífrænt #vegan #crueltyfree #glútenfrítt #hnetulaust**

Þú finnur Mádara í HEILSUHÚSINU Kringlunni, Smáratorgi, Akureyri, Selfossi og á Beautybox.is



**Mádara býður upp á nokkrar húðvörulínur, þær helstu eru:**




**TIME MIRACLE línan frá Mádara hefur einnig fengið fjölda viðurkenninga. Hér er birkið í aðalhlutverki, en birkivatn er eitt af megininnihaldsefnunum. Það örvar endurnýjun húðfruma um allt að 25% ásamt því að vera frábær andoxunargjafi. Húðin verður sjáanlega unglegri.**

MÁDARA® organic skincare




**SMART línan tekur á öldrunarþáttum húðarinnar og hentar öllum húðgerðum. SMART er öflug andoxunarlína sem vinnur á fínum línum.**




**PEEL er öflugur ávaxtasýrumaski sem endurnýjar og veitir ljóma.**









**SOS línan er alger bjargvættur þegar kemur að þurri húð. Hentar öllum húðgerðum sem þurfa á rakabombu að halda. SOS línuna ætti hver kona að eiga inni í skáp þar sem veðráttan hér á landi er slík að suma daga getur húðin orðið mjög þurr. Samkvæmt rannsóknum getur húðin orðið allt að 80% rakafylltari eftir notkun.**



**DEEP MOISTURE línan er einstaklega nærandi. Þessi lína hentar sérstaklega vel fyrir þurra og viðkvæma húð.**



# Léttur og ljúfur sumarréttur af grillinu

Gott er að grilla focaccia-brauð á góðum sumardegi, hlaða það góðgæti og bera fram sem léttan aðalrétt eða veglegan forrétt. Hægt er að setja margs konar álegg á focaccia-brauð, t.d. heimagert pestó eða hummus. Brauðið er einstaklega ljúffengt með fersku salati, tómötum og fetaosti.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



## Grillað focaccia brauð með tómötum, salati og fetaosti

**800 g brauðhveiti**
**250 durum-hveiti**
**600 ml vatn, ylvolgt**
**40 g ger**
**60 g sykur**
**Ferskt tímían**
**Ferskt rósmarín**
**4-6 msk. ólífuolía**
**Sjávarsalt**
**½ poki blandað salat eða kletta-salat**
**2-3 tómatar**
**rifinn ostur**
**fetaostur**

Blandið saman ylvolgu vatni, salti og geri í skál. Stráið durum-hveiti yfir og hnoðið saman. Bætið brauðhveiti saman við og hnoðið vel saman. Deigið má gjarnan vera dálítið blautt. Setjið volgt stykki yfir og látið hefast í um klukkutíma. Dreifið ólífuolíu í stóran og djúpan grillbakka og setjið svo deigið í skúffuna. Dreifið vel úr því með fingrunum svo það fylli jafnt út í skúffuna. Látið deigið hefast í annan klukkutíma eða svo. Stingið fersku rósmaríni og tímíani í deigið með reglulegu millibili. Kveikið upp í grillinu. Dreypið ólífuolíunni yfir deigið og dreifið sjávarsalti yfir það. Bakið brauðið við óbeinan hita í um 25 mínútur eða þar til deigið er orðið stökkt og bakað í gegn.
Skerið tómata í sneiðar og raðið á brauðið. Stráið rifnum osti yfir og skellið brauðinu á grillið í örstutta stund, eða þar til osturinn hefur bráðnað. Setjið salat yfir og loks fetaost. Berið fram.



Á fallegum sumardegi er ljúft að fá sér nýgrillað focaccia-brauð með ýmsu góðgæti. NORDICPHOTOS/GETTY

## Frískandi mojito

Ef sólin skyldi láta sjá sig um helgina er frískandi að fá sér engiferdrykk með límónu og myntu. Hér er einföld uppskrift að óáfengum mojito.

**1 búnt fersk mynta**
**2 límónur**
**2-4 tsk. hrásykur**
**Ísmolar, muldir**
**5-6 dl engiferöl, eða eftir smekk**

Skolið myntuna vel. Skerið límónurnar í stóra bita. Setjið helminginn af límónunum í tvö glös og bætið myntu við. Setjið 1-2 tsk. af hrásykri út í. Merjið myntuna og límónuna saman með sérstökum mojito-staut sem fæst í öllum betri búsáhaldabúðum. Einnig er hægt að nota skeið með löngu skafti. Fyllið glösin af muldum ísmolum. Hellið engiferöli yfir og skreytið glösin með límónu og myntu.



Á góðum sumardegi er óáfengur mojito svalandi.






## Vantar þig aukatekjur?

**NUMERUS**

**Um starfið:**

Numerus óskar eftir að ráða spyrla til starfa í tímabundið verkefni. Starfið felst í að hafa samband símleiðis við almenning og bjóða þeim að vera þátttakendur í spurningavagni Numerus. Unnið er að jafnaði tvö kvöld í viku. Góðir tekjumöguleikar.

**Hæfniskröfur:**

- Jákvæðni, samviskusemi, stundvísi, kurteisi og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- 18 ára aldurstakmark.

VINNUSTAÐAGREININGAR
SPURNINGAVAGNAR
SKOÐANAKANNANIR

**Hvað er Numerus?**

Numerus var stofnað árið 2018. Við könnum skoðanir fólksins í landinu. Við spyrjum, greinum og kynnum niðurstöður. Fagmennska og trúverðugleiki eru einkennisorð okkar.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á
Jóhönnu Margrét Sigurðardóttur á netfangið johanna@numerus.is



## Sérfræðingur á sviði mannvirkjafjármögnunar

Landsbankinn óskar eftir að ráða byggingaverkfræðing, byggingatæknifræðing eða byggingafræðing til starfa á Fyrirtækjasviði bankans.

Um er að ræða starf sem tilheyrir deild Útlánamats og felst í verkefnum sem unnin eru með hópi viðskiptastjóra á sviði mannvirkja- og fasteignafjármögnunar. Viðkomandi þarf að vera töluglöggur, hafa haldbæra starfsreynslu á þessu sviði og eiga auðvelt með að tjá sig skipulega í ræðu og riti.

### Helstu verkefni

- Yfirferð og mat á kostnaðaráætlunum
- Eftirlit með framvindu byggingaverkefna
- Samskipti við verktaka, lántaka og opinbera aðila
- Skýrslugerð um einstök verkefni og framvindu þeirra

### Hæfni og menntun

- Háskólapróf í byggingaverkfræði eða byggingatæknifræði
- Reynsla af eftirliti með byggingaframkvæmdum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Árni Þór Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs, í síma 410 7450 eða arni@landsbankinn.is og Bergþóra Sigurðardóttir, starfsþróunarstjóri, í síma 410 7907 eða bergsig@landsbankinn.is.

Umsókn merkt *Mannvirkjafjármögnun* fyllist út á vef bankans, landsbankinn.is.
Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Jafnlaunaúttekt
PwC



LSR

# Sérfræðingur á réttindasviði

LSR óskar eftir að ráða talnaglöggan einstakling með ríka þjónustulund á réttindasvið sjóðsins.
Verkefnin sem felast í starfinu eru fjölbreytt og kalla á góða greiningargetu og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Um framtíðarstarf er að ræða.

LSR er stéttarfélagstengdur lífeyrissjóður sem tryggir sjóðfélögum sínum víðtæk réttindi við starfslok, örorku og fráfall.

Umsóknarfrestur
**17. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6815**

Helstu verkefni
- Lífeyrisútreikningar
- Ráðgjöf varðandi lífeyrisréttindi sjóðsfélaga
- Meðhöndlun og úrvinnsla umsókna um lífeyri og breytinga á lífeyrisréttindum
- Endurskoðun og gæðaeftirlit
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf mikill kostur, þá helst á sviði viðskiptafræði eða rekstrarfræði
- Reynsla af ofangreindum eða sambærilegum verkefnum
- Reynsla af starfi innan lífeyrissjóðs mikill kostur
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta skilyrði, góð kunnátta á Excel mikill kostur

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið
— erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

# NetApp Iceland is hiring

## Office Manager / Executive Assistant



NetApp Iceland is seeking an Office Manager to join its rapidly growing office.

We love our culture and our office manager will be at the heart of helping us promote an environment that supports our values and employees' needs.

Our Office Manager is an ambitious and resourceful team-player with awesome organizational and multitasking skills, who is comfortable working in a fast-paced environment, while remaining flexible, proactive, and efficient.

If this role sounds like one for you and you are someone who can produce quality work and meet deadlines with a positive attitude, then please apply as we would love to meet you!

**Duties and responsibilities include:**

- Maintain the overall appearance and operation of the office, which contributes to smooth running of our office and facilities.
- Coordinate and manage efficient procurement and availability of supplies for the office.
- Assist with finance related administrative tasks.
- Provide executive support as needed, such as coordinating meetings, travel arrangements and expense report management.
- Coordinate arrangements such as events, all hands presentations, and off-sites.
- Other tasks may be assigned as needed.

**Qualifications and competencies:**

- Bachelor's degree preferred, with knowledge of standard office administrative practices and procedures.
- Bookkeeping experience/knowledge a plus.
- Self-motivated, ambitious and able to take responsibility.
- Exceptional organizational, planning and problem-solving skills, with an attention to detail.
- Quick learner, with great computer skills in Microsoft Office, incl. Word, PowerPoint and Excel.
- Multitasker with excellent time management skills and ability to perform under pressure and to tight deadlines.
- Strong verbal, written and interpersonal communication in English.

**About NetApp**

NetApp is the leader in data insight, access, and control for hybrid cloud environments. NetApp provides global organizations the ability to manage and share their data across on-premises, private, and public clouds.

We hire exceptionally talented people and support them to do what they do best. We value our employee's input greatly and urge them to take initiative and be innovative.

Visit www.qstack.com/careers to apply and find out more information. Note that only applications in English will be accepted.

Tengi

# Fjármálastjóri

Tengi óskar eftir umsóknum í starf fjármálastjóra. Viðkomandi mun sitja í framkvæmdaráði félagsins og verður mikilvægur hlekkur í sterkri liðsheild.

Umsóknarfrestur
**19. júní**

Helstu verkefni
- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á reiknishaldi og fjárreiðum félagsins
- Samskipti við banka og aðrar fjármálastofnanir
- Yfirumsjón með samningum við viðskiptavini og innheimtu
- Greining og gerð stjórnendaupplýsinga
- Áætlanagerð og eftirfylgni þeirra
- Þátttaka í stefnumótun og innleiðingu hennar
- Ber ábyrgð á tölvu- og tæknimálum

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6816**

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði viðskipta og fjármála er skilyrði
- Reynsla af sambærilegum störfum og þekking á rekstri fyrirtækja skilyrði
- Mjög góð tölvukunnátta skilyrði sem og góð enskukunnátta
- Mjög góð þekking á Navision og Excel
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanangerð
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri
- Frumkvæðni, jákvæðni og sjálfstæði í starfi

Tengi er stofnað árið 1981 og sérhæfir sig í ráðgjöf og sölu á hreinlætistækjum og pípulagningaefni. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Kópavogi en fyrirtækið er einnig með starfsstöð á Akureyri. Hlutverk Tengis er að auðvelda viðskiptavinum val á gæðavörum á sviði hreinlætistækja og lagnaefnis sem studdar eru af framúrskarandi þjónustu.

Tengi er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. Tengi er eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum VR árið 2018 og framúrskarandi fyrirtækjum Creditinfo 2017.

Tengi er reyklaust fyrirtæki.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Vegagerðin

# Svæðisstjóri Borgarnesi

Vegagerðin auglýsir eftir öflugum einstaklingi til að taka við starfi svæðisstjóra vestursvæðis Vegagerðarinnar. Vestursvæðið nær yfir vestfirði og vesturland, allt frá Hvalfirði að Holtavörðuheiði. Svæðisstjóri hefur aðsetur í Borgarnesi. Hlutverk svæðisstjóra hjá Vegagerðinni er að hafa yfirumsjón með starfsemi svæðisins og framkvæmd á stefnu Vegagerðarinnar þar.

Umsóknarfrestur
**25. júní**

Helstu verkefni
- Æðsti yfirmaður starfsmanna á svæðinu
- Stjórnun á starfsemi og verkefnum svæðis
- Áætlanagerð og fjármál svæðisins
- Yfirumsjón með kaupum á ráðgjöf og útboði verka á svæðisvísu
- Framkvæmd á viðhaldi og þjónustu vegakerfis svæðisins
- Samskipti við opinbera aðila og hagsmunaaðila
- Stefnumótun og seta í framkvæmdastjórn

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6813**

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistarapróf í verkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun
- Þekking og reynsla á sviði mannvirkjagerðar
- Skipulagshæfni, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hreinn Haraldsson vegamálastjóri eða Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir mannauðsstjóri í síma 522-1000

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

# Rekstur upplýsingakerfa - mikil tækifæri

- Hópstjóri kerfisrekstrar
- Kerfisfræðingur – reyndur
- Kerfisfræðingur – ungur og efnilegur

**Sjá nánar á www.intellecta.is**

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is




*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið óskar eftir að ráða ritara ráðherra. Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, áreiðanleika og sjálfstæði.*

**Helstu verkefni:**

- Skipulag dagbókar ráðherra, utanumhald og efnislegur undirbúningur funda.
- Utanumhald um fyrirspurnir frá Alþingi og svör við þeim.
- Samskipti við önnur ráðuneyti og stofnanir.
- Verkefnastjórn einstakra verkefna.
- Bréfaskriftir, skjalavarsla og upplýsingaöflun.
- Umsjón með ferðum ráðherra og ferðauppgjör.
- Önnur almenn störf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Reynsla sem nýtist í starfi nauðsynleg.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Þekking og áhugi á málefnum samfélagsins.
- Þekking á stjórnsýslu kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Ábyrgð, vandvirkni og þjónustulund.
- Mjög gott vald á íslensku og góð kunnátta í ensku.

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra.

Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið. **Nánari upplýsingar** veitir Guðný E. Ingadóttir mannauðsstjóri í síma **545 8200.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til 25. júní nk. Umsókn skal fylgja kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur á færni viðkomandi í starfið. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu starfatorgs **www.starfatorg.is**. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að **Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík.** Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

# Hönnunarmiðstöð Íslands leitar að skapandi, framsæknum og kraftmiklum stjórnanda HönnunarMars

Stjórnandi ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd HönnunarMars. Starfið er yfirgripsmikið og krefst frumkvæðis, góðrar þekkingar á hönnun og arkitektúr, samskiptahæfni, góðrar yfirsýnar og framkomuhæfileika.

Umsóknarfrestur er til og með **21. júní**. Umsjón hefur Ragnheiður Dagsdóttir, ragnheidur.dagsdottir@capacent.is. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á síðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

Nánari lýsingu er að finna á vef Hönnunarmiðstöðvar, honnunarmidstod.is




# EMBEDDED FIRMWARE DESIGNER

Össur leitar af starfsmanni til að starfa í vöruþróun. Um er að ræða starf í Bionic deild Össurar þar sem unnið er með tölvustýrð stoðtæki. Unnið er í alþjóðlegu teymi sérfræðinga sem vinna við vöruþróun á stoðtækjum sem eru í fremstu röð í heiminum.

## STARFSSVIÐ

- Þróun á tölvustýrðum stoðtækjum
- Þátttaka í þarfagreiningu með innri og ytri aðilum
- Hönnun og útfærsla á skilvirkum prófunarbúnaði og prófunaraðferðum
- Hugbúnaðarprófanir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum
- Þátttaka í áhættugreiningu

## HÆFNISKRÖFUR

- MSc(æskilegt)/BSc próf í tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla af C og C++ forritun
- Reynsla af örtölvuforritun
- Reynsla af rauntímakerfum er kostur
- Reynsla af þróun lækningatækja er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 17. júní 2018.
Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

Framúrskarandi fyrirtæki 2010–2017

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3.000 manns í 25 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

STEF

STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar) eru félagasamtök og er stýrt af fulltrúum þeirra sem aðild eiga að samtökunum. STEF gætir hagsmuna tónhöfunda við opinberan flutning og eintakagerð verka þeirra á Íslandi sem og erlendis. Um 8.000 íslenskir höfundar eru á skrá hjá samtökunum og yfir 85.000 íslensk verk.

# VERKEFNASTJÓRI Í HUGBÚNAÐARÞRÓUN

STEF óskar eftir að ráða framsýnan einstakling sem getur leitt fjölbreytt verkefni og hugsað í lausnum. STEF er að undirbúa framtíðina og öll helstu þróunarverkefni STEFs til að bæta þjónustuna eru á sviði upplýsingatækni og hugbúnaðarþróunar. Í byrjun er starfið metið sem 50% starf.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Þarfagreining hugbúnaðarverkefna
- Forgangsröðun verkefna
- Áætlanagerð
- Umsjón með forritunarverkefnum
- Prófun og samþykkt lausna og innleiðing þeirra
- Þjálfun starfsfólks
- Gerð leiðbeininga og verkferla
- Tæknileg aðstoð vegna notkunar Navision-kerfis og uppfærslur
- Önnur tæknileg aðstoð á skrifstofu
- Innkaup á tölvum og tengdum vörum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun í tölvunarfræði, kerfisfræði, upplýsingatækni eða sambærileg menntun
- Þekking á hugbúnaðargerð
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Lausnamiðuð hugsun
- Frumkvæði
- Geta til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Lipurð og sveigjanleiki í framkomu

**Upplýsingar veitir:**
**Inga Steinunn Arnardóttir,** inga@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 19. júní nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700




FESTA Samfélagsábyrgð fyrirtækja

Hlutverk félagsins er að efla samfélagsábyrgð íslenskra fyrirtækja, auka vitund í samfélaginu og hvetja til aðgerða á þessu sviði. Um hundrað fyrirtæki eru nú þegar félagar í Festu auk þess sem á fjórða hundrað fyrirtækja taka þátt í verkefnum félagsins með formlegum hætti. Á síðasta ári stóð Festa fyrir um 40 atburðum tengdum samfélagsábyrgð fyrirtækja. Nánari upplýsingar um starfsemi félagsins er að finna á vef Festu: **www.festasamfelagsabyrgd.is**.

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Festa - miðstöð um samfélagsábyrgð óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem brennur fyrir samfélagsábyrgð. Framkvæmdastjóri er málsvari samtakanna og ber ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnun. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið:**
- Daglegur rekstur og stjórnun samtakanna
- Virk þátttaka í stefnumótun og innleiðingu stefnu
- Skipulagning og umsjón með viðburðum á vegum félagsins
- Regluleg samskipti við aðildarfélög, fjölmiðla og hagaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi er skilyrði
- Umfangsmikil þekking á samfélagsábyrgð
- Öflugt tengslanet
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Leiðtoga-, samskipta- og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður

**Upplýsingar veitir:**
**Katrín S. Óladóttir,** katrin@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 24. júní nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

KERECIS

## Sérfræðingur – Bandaríkin

Starfsmaður starfar innan deildar „Clinical Support & Reimbursement“ sem sérfræðingur í vöru Kerecis fyrir meðferð á sárum. Starfið felur í sér ferðalög um Bandaríkin til að sinna fræðslu og stuðningi við heilbrigðisstofnanir. Mikilvægt er að starfsmaður sé drífandi, sveigjanlegur og tilbúinn að tileinka sér nýja hluti. Kerecis er ört stækkandi og býður upp á mikil tækifæri til þróunar í starfi.

**Hlutverk og verkefni:**
- Klínískur stuðningur fyrir lækna og söluráðgjafa varðandi tækni Kerecis
- Þjálfun og fræðsla fyrir stofnanir sem innleiða Kerecis vörur
- Tilfellasöfnun
- Þátttaka á ráðstefnum
- Samstarf með þekkingarleiðtogum í sárameðferð
- Menntun og námskeiðahald fyrir lækna
- Ýmis önnur verkefni innan deildarinnar

**Menntun og reynsla:**
- Menntun frá Bandaríkjunum æskileg
- Háskólapróf í hjúkrunarfræði, læknisfræði eða skyldum greinum
- Reynsla í fyrirlestrahaldi eða sölustörfum er kostur

**Við leitum að einstaklingi sem hefur í fyrri störfum sýnt:**
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í samskiptum og tengslamyndunum, eftirfylgni og fagmennsku

Frekari upplýsingar veitir Gunnar Jóhannsson (gj@kerecis.com)

## VP Marketing – Bandaríkin

VP Marketing ber ábyrgð á öllu markaðsstarfi félagsins, t.a.m. að efla áhuga á tækni fyrirtækisins með markaðsherferðum, ráðstefnuhaldi, markaðsgreiningum og gerð og viðhaldi markaðsefnis. Starfsmaðurinn situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og mun hafa veruleg áhrif á velgengni fyrirtækisins og vöxt þess í framtíðinni.

**Hlutverk og verkefni:**
- Situr í framkvæmdastjórn Kerecis
- Tekur þátt í því að skilgreina stefnu fyrirtækisins
- Býr til og framkvæmir markaðs- og vörumerkjaáætlun sem styður við stefnu fyrirtækisins og söluáætlun
- Rannsakar ákjósanlega markaði og velur í samstarfi við söludeild og undirbýr upphaf sölu
- Rekur ráðstefnuáætlun félagsins
- Býr til og þróar markaðsefni félagsins og rekur samfélagsmiðla
- Daglegt stjórn markaðsdeildar sem í upphafi samanstendur af þremur starfsmönnum en fyrirhugað er að deildin vaxi ört

**Menntun og reynsla:**
- Menntun frá Bandaríkjunum
- Reynsla sem leiðtogi í markaðsmálum í átta ár eða meira
- MBA gráða er kostur.

**Við leitum að einstaklingi sem hefur í fyrri störfum sýnt:**
- Hæfileika til setu í framkvæmdastjórn
- Stjórnunar- og leiðtogahæfileika
- Hæfileika í að deila ábyrgð, eftirfylgni og teymisvinnu

Frekari upplýsingar veitir Guðmundur Fertram (gfs@kerecis.com)

Kerecis er öflugt frumkvöðlafyrirtæki sem þróar og framleiðir lækningavörur sem notaðar eru til meðhöndlunar á margskonar vefjaskaða s.s. húðvandamálum, þrálátum sárum, brunasárum, munnholssárum, heilabastsrofi og til enduruppbyggingar á brjóstum og kviðvegg. Innan Kerecis starfar öflugur hópur sérfræðinga sem náð hefur góðum árangri í þróun á lækningavörum. Tækni félagsins hefur vakið athygli á heimsvísu og er félagið m.a. í samstarfi við bandarískar varnamálastofnanir um þróun og rannsóknir. Hátt í fimmtíu starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu á Ísafirði, í Reykjavík og í Bandaríkjunum. Meginmarkaður Kerecis er í Bandaríkjunum þar sem vörur fyrirtækisins eru seldar beint til heilbrigðisstofnana. Kerecis hlaut árið 2017 Vaxtarsprotann sem það fyrirtæki á Íslandi sem vex hraðast.



## Spennandi störf í Fjarðabyggð

**Við grunnskólana í Fjarðabyggð eru eftirfarandi kennarastöður lausar til umsóknar skólaárið 2018 – 2019:**

- **Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar:**
  Íþróttakennsla og hönnun og smíði
- **Grunnskóli Reyðarfjarðar:**
  Náttúrufræðikennsla, sérkennsla og umsjónarkennsla
  UT-kennsla og nýbúakennsla
- **Nesskóli, Neskaupstað:**
  Deildarstjóri sérkennslu
  Umsjónarkennsla

Fjarðabyggð er fjölkjarna sveitarfélag með með byggðakjarna á sjö stöðum; Mjóafirði, Norðfirði, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Breiðdalsvík. Skólasamfélagið er ákaflega öflugt og m.a. er unnið að grænfána verkefnum, Orð af orði, Byrjendalæsi, Pals, Verklegt er vitið og Uppeldi til ábyrgðar.

Í skólum Fjarðabyggðar ríkir góður starfsandi og þar er mikið og öflugt samstarf á milli stofnana. Leikskólar, grunnskólar og tónlistarskólar eru starfræktir nálægt hvert öðru.

**Nánari upplýsingar um öll störfin má finna á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is, eða á ráðningavefnum starf.fjardabyggd.is**

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is



*Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum. Fjarðaál hefur stöðugar umbætur að leiðarljósi. Umhverfi, heilsa og öryggi eru forgangsmál. Mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði, teymisvinnu, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.*

# Rafveitustjóri Fjarðaáls

Við leitum eftir að ráða áhugasaman og hæfan einstakling í starf rafveitustjóra Fjarðaáls. Fjarðaál er stærsti einstaki raforkunotandi á Íslandi og rekstur rafveitu Fjarðaáls er fjölbreyttur og krefjandi starfsvettvangur þar sem öryggismál eru í brennidepli. Rafveitustjóri hefur mannaforráð og er ábyrgur fyrir rekstri og viðhaldi ásamt umbótaverkefnum innan rafveitu. Alcoa er alþjóðlegt fyrirtæki og rafveitustjóri nýtur baklands starfsfélaga og sérfræðinga á öðrum starfsstöðvum Alcoa.

Umsóknarfrestur er til og með 24. júní. Umsóknir eru trúnaðarmál og er þeim öllum svarað. **Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.** Frekari upplýsingar veitir Ásgrímur Sigurðsson framkvæmdastjóri áreiðanleika og viðhalds, asgrimur.sigurdsson@alcoa.com eða í síma 470 7700.

**Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á www.alcoa.is**

**Ábyrgð og verkefni**
- Umsjón með daglegum rekstri rafveitu Fjarðaáls
- Samskipti við hagsmunaaðila og birgja
- Áætlanagerð
- Umsjón með framkvæmd viðhalds og endurbóta
- Umsjón með þjálfun og færni starfsmanna sem sinna rekstri og viðhaldi rafveitunnar
- Ábyrgð á rekstri rafveitu samkvæmt kröfum Mannvirkjastofnunar og stöðlum Alcoa

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði af sterkstraumssviði
- Reynsla af stjórnun og rekstri háspenntra raforkuvirkja
- Réttindi sem uppfylla kröfur Mannvirkjastofnunar sem gerðar eru til ábyrgðarmanns rafveitu
- Reynsla frá framleiðslufyrirtæki eða stóriðju er kostur
- Lipurð í samskiptum og vilji til að vinna í teymi
- Sterk öryggisvitund
- Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa




# Vilt þú feta nýjar leiðir?

**Vegna aukinna umsvifa í upplýsingatækniráðgjöf leitar Deloitte að öflugum og metnaðarfullum liðsmönnum til að takast á við ný verkefni með okkur, þróa þau og móta. Um er að ræða spennandi og krefjandi störf í alþjóðlegu umhverfi.**

## Verkefnastjóri í samþættingarráðgjöf.

Leitað er eftir öflugum leiðtoga með reynslu af verkefna-stjórnun í stærri upplýsingatækniverkefnum. Viðkomandi mun koma til með að stýra stærri UT-verkefnum innan Deloitte og hjá viðskiptavinum. Yfirgripsmikil þekking á upplýsingatækni og faglegri verkefnastjórnun (t.d. PRINCE2, PMBOK & Agile) nauðsynleg.

## Sérfræðingur í iðnstýringum.

Við leitum að metnaðargjörnum einstaklingi með áhuga og reynslu af iðnstýringum. Þekking á helstu kerfum, s.s. Rockwell og Wonderware er kostur. Viðkomandi þarf að geta unnið undir álagi.

## Verkefnastjóri vöruþróunarverkefna.

Deloitte leitar að framsæknum starfsmanni með mikla leiðtogahæfni og reynslu af vörustýringu í hugbúnaðargerð. Viðkomandi mun koma að innleiðingu lausna og viðhaldi þeirra. Styrkleikar í mannlegum samskiptum, faglegum vinnubrögðum og hæfni til skjölunar (á ensku) eru mikilvægir.

## Sérfræðingur í viðskiptagreind og greiningum.

Deloitte leitar að einstaklingi til að starfa í stækkandi teymi á sviði greininga og upplýsingastýringar. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á helstu tólum og tækjum t.d. Power BI, R, SAP BO o.fl. sem og víðtæka þekkingu á viðskiptagreind og aðferðum tengdum faginu.

**Nánari upplýsingar um hæfniskröfur má finna á heimasíðu Deloitte, www.deloitte.is.**

**Deloitte leitar að metnaðarfullum og drífandi eintaklingum til að bætast í hóp reynslumikilla sérfræðinga á Consulting-sviði. Unnið er náið með stjórnendum fyrirtækja að úrlausn krefjandi verkefna á sviði upplýsingatækniráðgjafar. Deloitte er stærsta ráðgjafafyrirtæki í heimi með um 260 þúsund starfsmenn í yfir 150 löndum. Á Íslandi starfa um 270 sérfræðingar við ráðgjöf og endurskoðun.**

**Nánari upplýsingar.**
Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum heimasíðu Deloitte, **www.deloitte.is**. Umsóknarfrestur er til og með 24. júní 2018.
Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorláksdóttir, mannauðsstjóri, **harpa@deloitte.is**

ReSource INTERNATIONAL

LÍFORKA • ENDURVINNSLA • ÚRGANGSSTJÓRNUN • VATNS- OG FRÁVEITA • LOFTGÆÐI • MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

ReSource International (RSI) er vaxandi verkfræði- og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfismálum. RSI leitar að umhverfisráðgjafa/auðlindafræðingi til að vinna í rannsóknarverkefnum og þróun á þjónustusviðum fyrirtækisins.

## UMHVERFISRÁÐGJAFI - AUÐLINDAFRÆÐINGUR

**MENNTUN**
BS eða MS í verkfræði, umhverfis- og auðlindafræði og/eða sambærilegum greinum.

**HELSTU VERKEFNI**
Verkefnastjórnun í rannsóknarverkefni sem snýr að nýtingu fiskúrgangs frá fiskvinnslu í lífeldsneytisframleiðslu • Ráðgjöf vegna úrgangsstjórnunar, mengunarmála og fráveitumála, útreikningar á losun gróðurhúsalofttegunda, umhverfiseftirlit og mælingar • Önnur verkefnaþróun

Frekari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur má finna á heimasíðu RSI, **www.resource.is/is/storf**

Umsóknarfrestur er til **24. júní 2018.**

ARTASAN

Artasan er sérhæft fyrirtæki á sviði markaðssetningar á samheitalyfjum, lausasölulyfjum og öðrum heilsuvörum.

Gildi Artasan eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2018 · 2017 Framúrskarandi fyrirtæki · Jafnlaunaúttekt PwC

# Sölufulltrúi

Artasan óskar eftir að ráða metnaðarfullan og öflugan einstakling í starf sölufulltrúa heilsuvara. Viðkomandi mun bera ábyrgð á sölu og kynningu á heilsuvörum fyrirtækisins ásamt samskiptum við viðskiptavini.

### Helstu verkefni

- Sala á vörum fyrirtækisins til viðskiptavina
- Framstillingar og kynningar á heilsuvörum
- Skipulagning söluferða í samráði við markaðsstjóra
- Fylgist með eftirspurn og vöruþróun á markaði
- Að efla og viðhalda tengslum við viðskiptavini

### Menntunar og hæfniskröfur

- Reynsla af sölustörfum er æskileg
- Reynsla eða brennandi áhugi á heilsuvörum er æskileg
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góðir samskiptahæfileikar og lausnarmiðað viðhorf
- Góð almenn tölvukunnátta
- Ökuréttindi

Einungis er tekið við umsóknum í gegnum heimasíðu Artasan www.artasan.is og eru umsækjendur beðnir um að láta ferilskrá fylgja með. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita Brynjúlfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Artasan í síma 824 9220 og Pétur Veigar Pétursson í síma 897 1626.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní nk.

SKÓGARBÆR

Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

## Hjúkrunarheimilið Skógarbær Eldhús

*Matartæknir/starfsmaður*

Starfsmann vantar í 100% starf í eldhús hjúkrunarheimilisins Skógarbæjar frá og með 1. ágúst eða eftir samkomulagi. Um er að ræða vaktavinnu. Starfsmaðurinn þarf að hafa reynslu af matreiðslu og bakstri og vera sjálfstæður og agaður í vinnubrögðum. Mikilvægt er að starfsmaðurinn tali íslensku og hafi góða samskiptahæfileika og þjónustulund.

**Ef nánari upplýsinga er óskað, má senda tölvupóst á netfangið olga@skogar.is**
**Umsóknir um starfið sendist með tölvupósti á olga@skogar.is fyrir 25.júní n.k.**

**Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn**

ÖLFUS

## Sveitarfélagið Ölfus auglýsir eftirfarandi störf:

### Forstöðumaður á heimili fatlaðs fólks – Þorlákshöfn

Leiðtað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf forstöðumanns á heimili fatlaðs fólks. Á heimilinu er veitt einstaklingsmiðuð aðstoð með áherslu á valdeflingu og sjálfstætt líf. Um er að ræða 100% starf.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Faglegt starf og þjónusta við íbúa
- Daglegur rekstur heimilisins, stjórnun og starfsmannamál
- Innkaup fyrir heimilið
- Einkafjármunir íbúa og heimilissjóður samkvæmt umboði
- Gerð áætlana fyrir heimilið s.s. launa- og fjárhagsáætlanir
- Fjármál og eftirlit með þeim
- Meðferð gagna og upplýsinga
- Að þjónusta og starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir og samning sameinuðu þjóðanna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Þroskaþjálfamenntun og starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannamálum æskileg.
- Reynsla af skipulagi starfs á sviði þroskaþjálfunar æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Þjónustulund, góð framkoma og snyrtimennska
- Þekking á lögum sem snúa að málaflokknum.

### Þroskaþjálfi á heimili fatlaðs fólks – Þorlákshöfn

Óskað er eftir þroskaþjálfa til starfa á heimili fatlaðs fólks. Starfið felst í persónulegum stuðningi og þátttöku í faglegu starfi á heimilinu. Um er að ræða allt að 100% starfshutfall í vaktavinnu og er starfið laust nú þegar. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Ábyrgð á faglegu starfi í samvinnu við forstöðumann
- Einstaklingsmiðaður stuðningur við íbúa í þeirra daglega lífi, jafnt innan sem utan heimilis.
- Samvinna við starfsfólk, aðstandendur og aðra þjónustuaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar.
- Reynsla og þekking á starfi með fötluðu fólki nauðsynleg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framtakssemi og jákvæðni í starfi.
- Starfið getur verið andlega og líkamlega krefjandi.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar af Maríu Kristjánsdóttur, forstöðumanni Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, sími: 483-4000, netfang maria@hveragerdi.is

Umsóknum skal skilað til Sveitarfélagsins Ölfus, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn eða á netfangið maria@hveragerdi.is. Með umsókn skal skila upplýsingum um nám og starfsferil.

Öllum umsóknum verður svarað.
**Umsóknarfrestur er til 27. júní 2018.**

CARBON RECYCLING INTERNATIONAL

## Við leitum af öflugum einstaklingum, viljugum til að takast á við spennandi alþjóðleg verkefni sem varða framþróun í þágu loftslagsverndar með nýsköpun og hugvit að leiðarljósi.

Carbon Recycling International er brautryðjandi á heimsvísu á sviði hagnýtingar koltvísýrings. Frá byggingu verksmiðju þess í Svartsengi árið 2012, þá fyrstu sinnar tegundar í heiminum, hefur fyrirtækið framleitt endurnýjanlegt metanól sem er hreint eldsneyti á bíla og skip og umhverfisvænn kostur í framleiðslu ýmissa nytjavara. Mikil eftirspurn eftir áþekkum verksmiðjum erlendis kallar á fleira öflugt fólk innan fjölbreyttra sviða fyrirtækisins.

### Fjármálafulltrúi / Financial Controller

Finnst þér gaman að tölum, skýrslum og góðu skipulagi og ert í leit að nýjum áskorunum í góðu starfsumhverfi? Aukin umsvif CRI kalla á aðstoð við kostnaðaraðhald í rekstri og alþjóðlegum verkefnum, greiningar, áætlanagerð og frekar verkefni á sviði fjármála.

### Framleiðslustarfsmaður / Plant Operator

Hafir þú áhuga á hátækni, vélbúnaði og framleiðslustarfsemi er metanólverksmiðja CRI réttur starfsvettvangur fyrir þig. Í verksmiðjunni, sem er sú fyrsta sinnar tegundar á heimsvísu, sinnir þú eftirliti og viðhaldi á búnaði, framkvæmir gæðaeftirlit og annast sýnatöku.

### Starfsmaður Rannsóknarsviðs / Research Scientist

Hjá CRI nýtir þú sérfræðiþekkingu þína í þágu loftslagsverndar með því að þróa efnahvata sem notaðir eru við hagnýtingu koltvísýrings. Þú vinnur sjálfstætt að framkvæmd rannsókna, greiningum og framsetningu tæknilegra upplýsinga.

### Verkefnastjóri/ Project Coordinator

Býrð þú yfir miklum skipulagshæfileikum og áhuga til að takast á við fjölbreytt og spennandi verkefni? Sífellt fleiri verkefnum fylgja fleiri verkefnistjórar, sem ákvarða umfang og markmið þeirra, skilgreina verkþætti og stýra framvindu þeirra með tilliti til fjárhagslegra og tæknilegra forsenda.

### Vélaverkfræðingur/ Senior Mechanical Engineer

Sért þú reyndur vélaverkfræðingur með sérþekkingu á hönnun og virkni hreyfanlegra og fastra vélhluta, pípulagna og loka ert þú rétti aðilinn fyrir okkur. Við bjóðum spennandi starf í þverfaglegu teymi sem ber ábyrgð á hönnun grænna metanólverksmiðja byggðum á ETL-tækni CRI.



***Frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á cri.is/careers. Við hlökkum til að kynnast þér betur.***

***Further information in English and application forms are available on cri.is/careers. We look forward to getting to know you.***




Strætó leitar að öflugum og þjónustulunduðum einstaklingi með brennandi áhuga á tölvum og upplýsingatækni, sem er tilbúinn að taka að sér spennandi og krefjandi verkefni.

Framundan eru spennandi tímar þar sem mikil áhersla verður lögð á uppbyggingu og þróun í upplýsingatækni hjá Strætó. Kerfisstjóri mun taka virkan þátt í þeirri þróun.

**Helstu verkefni**

- Stýring og umsjón upplýsingatæknikerfa
- Þjónusta við notendur
- Samskipti við hýsingaraðila og birgja
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði upplýsingatæknimála

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af kerfisumsjón
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Jákvæðni og mikil samskiptafærni

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Strætó bs. og starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.

Vinsamlegast sækið um á **www.strætó.is**. Umsóknarfrestur er til og með **23. júní 2018**.

**Tempra ehf framleiðir frauðkassa fyrir flutning á ferskum fiski og einangrunarplast fyrir byggingariðnaðinn.**

**Fyrirtækið er yfir 60 ára gamalt og er þekkt fyrir góða þjónustu, vöruþróun og framsækni í sjálfvirkni í framleiðsluaðferðum.**

**Sjá heimasíðu og kynningarmyndband: www.tempra.is**




Tempra ehf leitar eftir starfsmönnum í eftirtalin störf:

## Framleiðslustjóri

- Framleiðslustjóri hefur með höndum stjórnun framleiðslu, hvort heldur umbúða eða einangrunar.
- sér um að viðhalda framleiðslugagnagrunni og reikna út framleiðslukennitölur (OEE), og hefur upplýsingaskyldu um framleiðslutölur hverju sinni.
- tekur virkan þátt í vöruþróun, hvort heldur umbúðadeildar eða húsaeinangrunardeildar.
- sér um innkaup á hráefni og íhlutum í framleiðslu, rekstrarvörum og varahlutum í samstarfi við viðhaldsstjóra Tempru.
- tekur þátt í að viðhalda CE-vottun á framleiðsluvörum Tempru.
- sér um mannaráðningar í framleiðslu og vaktastjórnun.
- hefur starfsaðstöðu í húsakynnum Tempru ehf. að Íshellu í Hafnarfirði. Gera má ráð fyrir einhverjum ferðalögum starfsins vegna, bæði innanlands og erlendis.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við verksmiðjustjóra og samkvæmt nánari starfslýsingu.

## Starfsmaður með viðhaldsstjóra

- Vélstjóra eða vélfræðing með góða innsýn inní iðnstýringar og áhuga á að vinna með róbota. Hámarka upptíma og líftíma og lágmarka rekstrarkostnað véla og tækja verksmiðjunnar með virku fyrirbyggjandi viðhaldi. Sjá um að allur öryggisbúnaður véla og tækja sé ávallt í lagi. Sjá um daglegt viðhald véla og tækja fyrirtækisins.
- Daglegt viðhald húsnæðis og öryggisbúnaðar tengt því.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við við viðhaldsstjóra og samkvæmt nákvæmari starfslýsingu.

Umsóknir skal senda rafrænt á atvinna@tempra.is

Hægt er að sækja um á heimasíðu Tempru: www.tempra.is > Um Tempru > Starfsumsókn

TEMPRA
einangrun – umbúðir

**Tanntæknir/aðstoð óskast á tannlæknastofu.**

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir að ráða tanntækni/aðstoð í rúmlega 70% starf.
**Umsóknir berist á vip@frettabladid.is fyrir 17. júní merkt „Tanntæknir"**

GRINDAVÍKURBÆR

## Aðstoðarleikskólastjóri

Aðstoðarleikskólastjóri óskast til starfa við leikskólann Laut í Grindavík frá og með 14.ágúst nk. Leikskólinn Laut er í nýlegu húsnæði og er fimm deilda skóli með rúmlega 100 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Laut er Grænfánaskóli og starfar eftir Uppbyggingarstefnunni. Grunngildi leikskólans eru *gleði, hlýja, virðing* .

**Starfsvið:**
- Aðstoðarleikskólastjóri er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri og faglegu starfi leikskólans.
- Er staðgengill í fjarveru leikskólastjóra og starfar þá samkvæmt starfslýsingu hans.
- Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins.
- Sinnir þeim verkefnum sem varðar stjórnun leikskólans sem yfirmaður felur honum hverju sinni.

**Menntun, reynsla og hæfni:**
- Leikskólakennaramenntun.
- Framhaldsmenntun æskileg.
- Stjórnunarreynsla í leikskóla æskileg,
- Færni í samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Góð tölvukunnátta.
- Góð íslenskukunnátta.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags stjórnenda leikskóla og Sambands íslenskra sveitarfélaga og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 1.júlí nk.**

Með umsókn skal fylgja ferilskrá með upplýsingum um menntun og starfsferil. Umsókn sendist á netfangið frida@grindavik.is

Allar nánari upplýsingar gefur Fríða Egilsdóttir leikskólastjóri í síma 420 1160, 847 9859.

Heimasíða leikskólans Lautar er http://www.grindavik.is/laut

## BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐINGUR

Myndlistaskólinn í Reykjavík auglýsir 70% starf bókasafns- og upplýsingafræðings laust til umsóknar. Skólinn á allgott bókasafn á sviði myndlistar og hönnunar en við lok síðasta árs var heildarfjöldi skráðra eintaka í Gegni 7665. Stærstur hluti starfsins felst í því að annast bókasafnið og uppbyggingu þess og þjónusta nemendur. Bókasafns- og upplýsingafræðingur er jafnframt skjalastjóri og tekur þátt í að móta og framfylgja persónuverndarstefnu skólans.

Við leitum að metnaðarfullum bókasafns- og upplýsingafræðingi með áhuga og þekkingu á myndlist og hönnun, ríka skipulagsgáfu og brennandi áhuga á skólastarfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf við skólann í byrjun ágúst.

Umsókn þarf að fylgja ítarlegt yfirlit yfir starfsferil ásamt greinargerð þar sem forsendur umsóknar koma fram.

Umsóknir þurfa að berast skrifstofu skólans, Hringbraut 121, 101 Reykjavík eða á netfangið umsoknir@mir.is, **fyrir kl. 17:00 föstudaginn 15. júní 2018**.
Frekari upplýsingar veitir Áslaug Thorlacius, skólastjóri, skolastjori@mir.is.

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK



# Komdu að leika!

Kópavogur auglýsir eftir starfsfólki í leikskóla bæjarins. Lifandi og gefandi störf í metnaðarfullu umhverfi þar sem vellíðan og velferð barna er höfð að leiðarljósi.



**Börnin í fyrsta sæti**
Aðbúnaður til leikja og náms barna er til fyrirmyndar.



**Heilsumatseðlar**
Leikskólar í Kópavogi bjóða allir upp á hollt og fjölbreytt fæði.

**Vinátta og virðing**
Leikskólar í Kópavogi eru þátttakendur í *Vináttuverkefni Barnaheilla* sem styrkir jákvæð samskipti, vináttu og virðingu meðal barna og starfsmanna.

**Námsstyrkir til starfsmanna**
Starfsfólki gefst kostur á námsstyrkjum og launuðum námsleyfum til að stunda nám í leikskólakennarafræðum og leikskólaliðanámi.

**Skemmtilegar skólalóðir**
Markvisst er unnið að endurnýjun og viðhaldi skólalóða í Kópavogi.

**Vellíðan og velferð**
Leikskólar Kópavogs eru í leiðandi hlutverki í snemmtækri íhlutun með áherslu á málþroska og læsi.

**Svo lengi lærir sem lifir**
Allir leikskólar vinna eftir námskrám sem stuðla að markvissu og faglegu starfi.



**Aukinn undirbúningstími**
Allar leikskóladeildir fá að lágmarki 13 tíma í undirbúning á viku.

**Góð hljóðvist**
Unnið hefur verið að því að gera hljóðvist í leikskólum sem besta.

**Nútímaleg umgjörð**
Í öllum leikskólum eru nýjar tölvur og gott netsamband.

Kynntu þér málið á **kopavogur.is**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

# Velferð og vellíðan

## Starf sálfræðings er laust til umsóknar

Tækniskólinn leitar að sálfræðingi sem brennur fyrir velferð og vellíðan ungs fólks. Um er að ræða nýtt starf sem viðkomandi kemur til með að móta og þróa í samstarfi við stjórnendur.

Markmiðið er að efla stoðþjónustu við nemendur og styrkja námsumhverfi til framtíðar.
Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferli má finna á vef skólans tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins



## ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is




**Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í fullt starf á vélaverkstæðið okkar.**

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af vélaviðgerðum nauðsynleg.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is

VÉLFANG -VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Frostagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is

CLAAS FENDT Kverneland JCB

Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015, 2016 og 2017
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði
að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.

SAND HOTEL



# Hótelstjóri

## Sandhótel Reykjavík

Keahótel óska eftir umsóknum um starf hótelstjóra á Sandhótel í Reykjavík. Um er að ræða krefjandi og áhugavert starf hjá ört vaxandi fyrirtæki.

### Starfssvið

- Umsjón með daglegum rekstri hótelsins
- Umsjón með starfsmannamálum, ráðningum og þjálfun starfsmanna
- Ná settum markmiðum í rekstri hótelsins
- Eftirlit með þjónustu og gæðastjórnun hótelsins
- Viðhalda góðum starfsanda

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði reksturs og stjórnunar innan ferðaþjónustunnar
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta, vald á öðrum tungumálum kostur
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Frumkvæði og drifkraftur

Sandhótel er einstakt fjögurra stjörnu hótel sem er staðsett við Laugaveg í Reykjavík. Frá og með 1. ágúst tekur Keahótel við rekstri hótelsins.

Hjá Keahótelum ríkir mjög góður starfsandi og við sækjumst eftir að ráða jákvæðan, metnaðarfullan og orkumikinn einstakling til liðs við okkur.

Aðeins reyklausir umsækjendur koma til greina.

**Umsóknarfrestur er til 15. júní 2018**

Umsækjendur sendi ítarlega ferilskrá ásamt kynningarbréfi á netfangið **sandhotel@keahotels.is** merkt *´Hótelstjóri Sandhótel´.*

KEAHOTELS

MÖRK
HJÚKRUNARHEIMILI

## Mörk hjúkrunarheimili óskar eftir aðstoðardeildarstjóra á hjúkrunardeild

Starfshlutfall eftir samkomulagi. Greitt er eftir kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Mörk hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu sem Eden heimili. Á heimilinu er unnið metnaðarfullt starf þar sem heimilismenn og starfsfólk vinnur saman að því að skapa öruggt og heimilislegt umhverfi og rík áhersla er lögð á sjálfsákvörðunarrétt heimilismanna og þátttöku þeirra.

**Hæfnikröfur**
- Faglegur metnaður og frumkvæði í starfi
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla í stjórnun æskileg
- Íslensku kunnátta skilyrði
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvæðni

**Nánari upplýsingar um starfið veitir:**
Ragnhildur Hjartardóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri
Sími: 560-1703
ragnhildur.hjartardottir@morkin.is

**Umsóknarfrestur til og með 25. júní 2018**



## Viltu teikna með okkur?

### Tækniskólinn leitar að kennara í tækniteiknun

Viðkomandi þarf að hafa reynslu í Audocad og Revit. Kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í viðkomandi kennslugrein, sbr. lög nr. 87/2008.
Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferli má finna á vef skólans tskoli.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

## Framtíðin óskar eftir lánafulltrúa

Framtíðin auglýsir eftir þjónustufulltrúa í fullt starf til að hjálpa okkur að móta nýja og spennandi möguleika á fjármálamarkaði. Við leitum að sjálfstæðum og félagslyndum einstaklingi með ríka þjónustulund.

**Helstu verkefni:**
- Samskipti við viðskiptavini
- Ráðgjöf í gegnum síma og tölvupóst varðandi lánamál
- Undirbúningur og vinnsla lánaumsókna
- Vinnsla lánasamninga og skjalagerð
- Önnur verkefni tengd úrvinnslu lána

**Við leitum að aðila sem býr yfir:**
- Menntun sem nýtist í starfi, ríkri þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæðum vinnubrögðum og góðu skipulagi
- Góðri almennri tölvukunnáttu og tækniþekkingu
- Góðri kunnáttu í íslensku og ensku
- Starfsreynsla og þekking á lánamálum er kostur
- Þekking á lánakerfinu Loan er kostur

Framtíðin er nýtt og spennandi fjártæknifyrirtæki sem keppist við að veita framúrskarandi þjónustu og bjóða upp á nýjar vörur á íslenskum fjármálamarkaði sem eru einfaldar og þægilegar í notkun. Fyrirtækið var stofnað árið 2014 og veitir viðbótarhúsnæðislán, námslán, almenn lán og brúarlán.

Nánari upplýsingar veitir Valgerður Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Framtíðarinnar, vala@framtidin.is.

**Umsóknum skal skilað hér: https://goo.gl/Wf4C96**

Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.
Umsóknarfrestur er til og með **20. júní 2018**

**nánar á www.framtidin.is** Framtíðin

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

**www.stra.is**

### Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða leikskólastjóra við leikskólann Drafnarstein

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Drafnarsteini lausa til umsóknar.**
Drafnarsteinn er sex deilda leikskóli með tvær starfsstöðvar í Vesturbæ en leikskólinn varð til við sameiningu Drafnarborgar og Dvergasteins 2011. *Leikur er líf - leikur er nám - leikur er vinna barnsins* er leiðarljós leikskólans. Markvisst er unnið með læsi, mál og málörvun, m.a. í gegnum verkefnið *Ótrúleg eru ævintýrin* sem byggir á hugmyndafræði um heildstætt nám. Einnig er lögð áhersla á að umhverfið í leikskólanum styðji við skapandi starf þar sem áhugi og athafnaþörf barnanna eru virkjuð. Umhverfismennt og endurvinnsla skipa stóran sess og Drafnarsteinn er Grænfánaskóli. Gott samstarf er við foreldra, grenndarsamfélagið og menningarstofnanir í nágrenni leikskólans. Áhersla er lögð á fjölmenningu og að halda vel utan um fjölskyldur af erlendum uppruna, m.a. í gegnum verkefnið *Vinafjölskyldur.*
**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Drafnarsteini.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.

**Staðan er laus frá 1. september 2018. Umsóknarfrestur er til og með 25. júní 2018.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, og Elísabet Helga Pálmadóttir, þróunarfulltrúi, sími 411 1111. Netföng: **ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is / elisabet.helga.palmadottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Lausar kennarastöður við Húnavallaskóla

## Lausar eru til umsóknar stöður grunnskólakennara og leikskólakennara



**Staða íþrótta- og sundkennara**
**Staða umsjónarkennara 4.- 6. bekkjar**
Meðal kennslugreina eru stærðfræði á miðstigi, enska og heimilisfræði á öllum stigum.

**Staða leikskólakennara** við leikskóladeild (leikskólaliði eða starfsmaður með aðra menntun sem nýtist í starfi og/eða reynslu af vinnu með ungum börnum kemur til greina).

**Um er að ræða 100% störf**

Húnavallaskóli er staðsettur rétt fyrir utan Blönduós og er samrekinn leik- og grunnskóli. Í grunnskólanum eru tæplega 40 nemendur og í leikskólanum 15, þá eru gott íþróttahús, sundlaug og heitur pottur í og við húsnæðið. Kennt er í fjórum námshópum; 1. -3. bekkur, 4.-6. bekkur, 7.-8. bekkur og 9.-10. bekkur.
Ein deild er á leikskólanum og eru nemendur frá eins árs aldri.

Leitað er eftir jákvæðum, duglegum, sveigjanlegum og metnaðarfullum einstaklingum, bæði körlum og konum með góða skipulagshæfni ásamt góðri hæfni í mannlegum samskiptum.

**Húnavatnshreppur**
Húnavatnshreppur er á Norðurlandi vestra og er sveitarfélagið um 3822 km² að stærð. Á Húnavöllum er starfræktur leikskóli, grunnskóli og sundlaug. Húnavellir eru 18 km frá Blönduósi.

**Umsóknarfrestur er til 20. júní nk.**
Umsóknir skulu sendar á netfangið skolastjori@hunavallaskoli.is eða til skólastjóra Húnavallaskóla, Húnavöllum, 541 Blönduós.

**Nánari upplýsingar:**
Veitir Sigríður B. Aadnegard í síma 452 4370 og 847 2664 eða í gegnum netfangið skolastjori@hunavallaskoli.is

Húnavatnshreppur

hunavatnshreppur.is

Hertz

## Hertz bílaleiga óskar eftir vönu fólki á verkstæði sitt í Reykjavík og í Hafnarfirði.

**Um tvenn störf er að ræða, annað þar unnið á vöktum 2,2,3 frá 8.00-18.00 á Flugvallarveginum í Reykjavík. Þar um hraðþjónustu að ræða.**
**Hins vegar er það verkstæði bílaleigunnar í Selhellu Hafnarfirði og er unnið á virkum dögum frá 8.00-17.00. Þar er um meiri viðgerðir að ræða.**

**Hæfniskröfur eru:**
- Gilt bílpróf
- Þekking og reynsla af bílum og viðhaldi þeirra
- Reynsla af smærri eða stærri viðgerðum bíla

**Nemar í bifvélavirkjun eru sérstaklega hvattir til að sækja um**

**Ef þú vilt starfa í lifandi umhverfi í ört stækkandi fyrirtæki ertu hvött/hvattur til að senda umsókn ásamt ferilskrá á atvinna@hertz.is**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# LAUS STAÐA

**Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu leiðara í trompetdeild frá og með janúar 2019.**

**STAÐA LEIÐARA Í TROMPETDEILD**

**Hæfnispróf fer fram 25. september 2018 (og mögulega einnig 26. september 2018) í Hörpu.**

**Einleiksverk:**
1) **J.Haydn:** Trompetkonsert í Es-dúr 1. kafli (með kadensu) og 2. kafli (leikið á Bb trompet)
2) **Arthur Honegger:** Intrada

Umsóknarfrestur er til og með **30. júní 2018.** Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur, mannauðsstjóra (**starf@sinfonia.is**).

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra (starf@sinfonia.is) í síma 898 5017.


ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

Leikskólinn Álfheimar

# Sérgreinastjóri útikennslu

Laus er til umsóknar staða sérgreinastjóra útikennslu í Álfheimum. Helstu verkefni eru að skipuleggja og hafa umsjón með verkefnum sem tengjast útikennslu. Sérgreinastjóri vinnur í nánu samstarfi við stjórnendateymi leikskólans og er starfið í stöðugri þróun. Í Álfheimum eru 84 börn á fjórum deildum. Leikskólinn verður 30 ára á þessu ári og er hafinn undirbúningur að stækkun hans um tvær deildir. Álfheimar eru grænfánaskóli sem er alþjóðleg umhverfisviðurkenning er nýtur virðingar víða í heiminum. Um er að ræða tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum, þar sem lögð er áhersla á að bæta daglegan rekstur skóla, draga úr sóun og neyslu. Rík áhersla er lögð á samskipti og vellíðan í gegnum leik sem er aðalkennsluaðferð skólans. Öll börn leikskólans fara í skógarferð einu sinni í viku, auk þess er leikskólinn í samstarfsverkefni með Vallaskóla sem ber heitið Gullin í grenndinni.

**Menntun og hæfniskröfur**

- Leikskólakennararéttindi.
- Reynsla og þekking á útikennslu.
- Góð íslenskukunnátta.
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum.
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Starfið hentar jafnt körlum sem konum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Þórhallsdóttir, leikskólastjóri, í síma 480 3242. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið alfheimar@arborg.is

**Umsóknarfrestur er til 15. júní 2018.**



# MANNAUÐSSTJÓRI

**Hafnarfjarðarkaupstaður leitar að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi í starf mannauðsstjóra.**

Mannauðsstjóri hefur yfirumsjón með mannauðsstefnu bæjarins og leiðir daglegan rekstur, uppbygginguu og þróun mannauðsmála í samstarfi við stjórnendur. Starfið tilheyrir stjórnsýslusviði. Hjá Hafnarfjarðarkaupstað starfa um 2000 manns. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafía B. Rafnsdóttir, í gegnum netfangið **olafia@attentus.is**

Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf. **Umsóknarfrestur er til og með 27. júní 2018.**

**Starfssvið:**

- Ábyrgð á þróun og eftirfylgni mannauðsstefnu og þeim hluta mannréttinda- og jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarkaupstaðar sem snýr að starfsfólki
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk í mannauðsmálum
- Ábyrgð á helstu mannauðsferlum – þróun þeirra, samræmingu, innleiðingu, þjálfun og umbótum
- Aðkoma að launasetningu, starfsmati, starfslýsingum og jafnlaunastaðli
- Upplýsingamiðlun, viðhald á innri vef og mannauðskerfum
- Fræðsla og starfsþróun fyrir stjórnendur og starfsfólk Hafnarfjarðarkaupstaðar
- Framkvæmd og eftirfylgni vinnustaðagreininga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla af stjórnun og sambærilegum störfum er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og á sviði vinnuréttar er æskileg
- Leiðtogahæfni og reynsla af breytingastjórnun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og mikil skipulagshæfni
- Þekking og reynsla á úrvinnslu tölfræðilegra gagna um mannauðsmál og reynsla af H3 er kostur
- Mjög góð íslenskukunnátta í ræðu og riti og góð enskukunnátta

Nánar á **hafnarfjordur.is**

*Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.*

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR



# Viltu móta örugga framtíð?

Við leitum að **drífandi** og **jákvæðri** manneskju í teymi sem hefur það hlutverk að styðja við stjórnendur og starfsfólk í vinnuverndarstarfi allra fyrirtækja OR samstæðunnar.

Hjá okkur færðu tækifæri til að **hafa áhrif** og **hrinda hugmyndum í framkvæmd**. Þú verður **bakhjarl** stjórnenda við framkvæmd öryggis- og heilsustefnu og stýringu verkefna tengdum henni. Þú færð **fjölbreyttar áskoranir** til að takast á við og **stuðning** til að fylgja málum eftir - alla leið.

Ef þú hefur reynslu af **öryggismálum**, getur veitt fólki **innblástur**, býrð yfir **lausnamiðuðu hugarfari**, **eldmóð** og **framúrskarandi samskiptahæfni** ættir þú að sækja um.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu **starf@or.is**. Þú sækir um á ráðningavef OR, **starf.or.is**.

Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2018.

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

JAFNRÉTTISRÁÐ

OR Orkuveita Reykjavíkur

# ORKUSTOFNUN

# Rekstrar- og starfsmannastjóri

Orkustofnun auglýsir laust til umsóknar starf rekstrar- og starfsmannastjóra. Starfið heyrir beint undir orkumálastjóra.

*Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.*

## Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með daglegum rekstri Orkustofnunar og þróun innviða hennar.
- Gerð rekstraráætlunar og eftirfylgni með fjárhagslegum rekstri einstakra verkefna innlendra og erlendra í samvinnu við yfirverkefnisstjóra/verkefnisstjóra.
- Stefnumótun, þróun og framkvæmd starfsmannamála.
- Umsjón stofnanasamninga og launasetningar.
- Umsjón með launavinnslu og viðverubókhaldi.
- Upplýsingamiðlun til starfsmanna.
- Umsjón með innri vef stofnunarinnar.

## Hæfniskröfur:

- Menntun á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á kjara- og starfsmannamálum.
- Traust, trúnaður og færni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku og ensku er skilyrði og þekking á einu norðurlandamáli æskileg.
- Hæfileiki til þess að koma frá sér efni í töluðu og rituðu máli.
- Færni í Excel og þekking á Dynamics NAV er kostur.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Þekking á Oracle mannauðs- og launakerfi og starfsmannamálum hjá ríkisstofnunum er kostur.

## Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:

- Ferilskrá
- Bréf þar sem áhuga á starfinu er lýst og fjallað um hvað umsækjandi telur sig geta lagt af mörkum til þess
- Afrit af prófskírteinum
- Upplýsingar um umsagnaraðila

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri, sími 5696000, netfang gudni.a.johannesson@os.is.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til Guðnýjar Þórsdóttur starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík eða á netfang gd@os.is eigi síðar en 26. júní 2018.

Öllum umsóknum verður svarað eftir að ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Orkumálastjóri*

**Orkugarður**
**Grensásvegi 9**
**108 Reykjavík**
**www.os.is**



Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is

HAGVANGUR

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Deildarstjóri í Austurkór
- Deildarstjóri í Baug
- Deildarstjóri í Kópahvol
- Deildarstjóri í Kópasteini
- Deildarstjóri í Læk
- Deildarstjóri í Rjúpnahæð
- Leikskólakennari í Arnarsmára
- Leikskólakennari í Austurkór
- Leikskólakennari í Baug
- Leikskólakennari í Dal
- Leikskólakennari í Efstahjalla
- Leikskólakennari í Kópahvoli
- Leikskólakennari í Kópasteini
- Leikskólakennari í Læk
- Leikskólakennari í Marbakka
- Leikskólakennari í Rjúpnahæð
- Leikskólakennari í Álfatúni
- Leikskólasérkennari í Kópahvol
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Austurkór
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Efstahjalla
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Marbakka
- Þroskaþjálfi/leikskólasérkennari í Álfatúni

**Grunnskólar**
- Aðstoðarskólastjóri í Kársnesskóla
- Deildarstjóri í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Lindaskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Smáraskóla
- Frístundarstarfsmenn í Vatnsendaskóla
- Kennari í hönnun og smíði í Kársnesskóla
- Kennari í hönnun og smíði í Vatnsendaskóla
- Kennsluráðgjafar í Hörðuvallaskóla
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 899-3984



**Sólveig Regína Biard**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 869-4879



**Bryndís Bára Eyjólfsdóttir**
Sölufulltrúi.
Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 616-8985



**Styrmir Þór Sævarsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 846-6568



**Bára Daníelsdóttir**
Skrifstofustjóri
S: 693-1837



**Gylfi Jens Gylfason**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 822-5124



**Garðar Kjartansson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
S: 853-9779



**Gunnar Þórisson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 692-6226



**Garðar B. Sigurjónsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 898-0255

OPIÐ HÚS



## Skipalón 5
## 220 Hafnarfjörður

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 10. JÚNÍ KL. 14:00 – 14:30**
Rúmgóð og björt 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í nýlega klæddu lyftuhúsnæði. Eignin er skráð 90,3 fm., þar af 7 fm. geymsla. Sameign til fyrirmyndar og næg bílastæði við húsið. Vel staðsett og mjög snyrtileg eign. Eignin er laus við kaupsamning.
**Verð: 42,5 millj.**

OPIÐ HÚS



## Laxatunga 107
## 270 Mosfellsbær

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 10. JÚNÍ KL. 12:45 – 13:15**
Einstaklega vel skipulagt 5 herbergja fjölskylduhús með góðum palli. Eignin er skráð 178,4 fm., þar af er 32,4 fm. innbyggður bílskúr. Húsið er staðsteypt með tvíhalla timburþaki.
**Verð: 58,9 millj.**

OPIÐ HÚS



## Sólvallagata 39
## 101 Reykjavík

**OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 11. JÚNÍ KL. 18:00 – 18:30**
Falleg 4ra herbergja íbúð á fyrstu hæð í litlu fjölbýli. Eignin er skráð 100,1 fm., þar af er geymsla 1,8 fm. Skjólgóður pallur út frá stofu. Ákaflega vel staðsett íbúð í grónu hverfi.
**Verð: 48,7 millj.**

OPIÐ HÚS



## Rauðagerði 58
## 108 Reykjavík

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 12. JÚNÍ KL. 17:00 – 17:30**
Opin og björt 79,5 fm. íbúð með sérinngangi á neðri hæð í tvíbýli í rólegu hverfi. Íbúðin skiptist í stóra stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi, geymslu og þvottahús. Útgengt út í sameiginlegan garð. Stutt er í verslanir, skóla og alla helstu þjónustu.
**Verð: 34,9 millj.**

OPIÐ HÚS



## Lindargata 37
## 101 Reykjavík

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 12. JÚNÍ KL. 17:00 – 17:30**
Rúmgóð og glæsileg 3ja herbergja 105,4 fm. íbúð á 2. hæð ásamt bílastæði í lokaðri og upphitaðri bílageymslu. Eignin er í glæsilegu lyftuhúsi í Skuggahverfinu í Reykjavík. Gólfsíðir gluggar og gólfhiti í allri íbúðinni. Útgengt er út á svalir frá stofunni.
**Verð: 61,9 millj.**

OPIÐ HÚS



## Hraunbær 120
## 110 Reykjavík

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 12. JÚNÍ KL. 17:30 – 18:00**
Rúmgóð og falleg 5 herbergja íbúð á 3. hæð með sérgeymslu í kjallara. Eignin er skráð 117 fm., þar af er 4,8 fm. geymsla. Stórt leiksvæði í sameiginlegum garði.
**Verð: 39,9 millj.**

OPIÐ HÚS



## Hörðaland 10
## 108 Reykjavík

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN 12. JÚNÍ KL. 18:00 – 18:30**
Mjög rúmgóð 86 fm. 3ja herbergja íbúð á efstu hæð. Suðursvalir með fallegu útsýni. Sérgeymsla í sameign. Vinsæll staður þar sem örstutt er í fjölbreytta þjónustu og fallegt útivistarsvæði. Mjög vel staðsett eign sem vert er að skoða.
**Verð: 39,9 millj.**

OPIÐ HÚS



## Jökulgrunn 11
## 104 Reykjavík

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 13. JÚNÍ KL. 17:00 - 17:30.**
Mjög fallegt 85,10 fm. raðhús á einni hæð á þessum eftirsótta stað. Sérgarður í suðvestur og annar í suðaustur. Húsið er fyrir 60 ára og eldri.
Eignin er laus við kaupsamning.
**Verð: 52,9 millj.**



## Brókarstígur 18
## 311 Borgarbyggð

Fallegur 62,9 fm. sumarbústaður á frábærum stað í Borgarbyggð, stutt frá Borgarnesi og í göngufæri frá Brókarvatni. Bústaðurinn er vel útbúinn, rúmgóður og með palli kringum húsið. Silungsveiði er leyfð í vatninu og aðgengi er fyrir smærri báta.
**Verð: 22,9 millj.**

Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

## ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR







# Frakkastígur 8C og D

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 10. JÚNÍ KL. 13-14**

**NÝJAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR**

Vorum að fá í sölu 39 íbúðir við Frakkastíg 8C og D. Um er að ræða 35 2ja herbergja íbúðir og fjórar 4ra herbergja íbúðir. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna. Húsin munu tengjast skjólgóðum lokuðum garði.

**Stærð frá 56,5 fm – 150 fm.**
**Verð frá 41,9 millj.**

**Brynjar Þór Sumarliðason**
löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
Sími 864 5464



**Kjartan Hallgeirsson**
löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
Sími 824 9093



**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



## RAÐHÚS Í 113 REYKJAVÍK





# Sjafnarbrunnur

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 10. JÚNÍ KL. 13-14**

**SJAFNARBRUNNUR 5- 9 & 11-19 / 113 REYKJAVÍK**

Mjög vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum í rísandi hverfi. Húsin eru frá 219,9 fm upp í 230,5 fm með innbyggðum bílskúr. Húsunum verður skilað fullbúnum að utan með hellulögðu bílaplani en tilbúnum til innréttinga að innan.

Afhending verður í ágúst-september 2018.
**Verð frá 73,5 m.**

**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882





1. HÆÐ



2. HÆÐ

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957




GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

# 49 NÝJAR ÍBÚÐIR Í EFSTALEITI



## NÝTT Í SÖLU

# Efstaleiti

**FRÁBÆRLEGA STAÐSETTAR ÍBÚÐIR MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**
Í Efstaleitinu rís nútímalegt íbúðahverfi á einum besta stað í borginni. Efstaleitið er sannkallað miðborgarhverfi í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði.

- **Stærð íbúða frá 35,3 fm uppí 160 fm**
- **Fjölbreytt úrval íbúða**
- **Flestar íbúðir með stæði í bílageymslu**
- **Vandaðar og nútímalegar íbúðir**

**KYNNING Á VERKEFNINU ER Á SKRIFSTOFU EIGNAMIÐLUNAR**

- **SUNNUDAGINN 10. JÚNÍ MILLI KL. 14.00 – 15.00**
- **MÁNUDAGINN 11. JÚNÍ MILLI KL. 14.00-17.00**






**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
Sími 864 5464



**Hilmar Þór Hafsteinsson**
löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882



**Alexander Ingi Kristjánsson**
löggiltur fasteignasali
alexander@eignamidlun.is
Sími 695 7700








**MURURIMI 3** — **112 REYKJAVÍK**

PARHÚS | 6 herb. | 205.8m² | Glæsilegt parhús

Fjölskylduvæn staðsetning í Grafarvogi

VERÐ: **74.9M**

INGIMAR 519 5500 | GUNNLAUGUR 844 6447



**NÝHÖFN 2** — **210 GARÐABÆR**

ÍBÚÐ | 4 herb. | 133m² | Sérstaklega glæsileg

íbúð á jarðahæð með sérafnotareit.

VERÐ: **78.8M**

GUNNLAUGUR ÞRÁINSSON 844 6447



**RAUÐAGERÐI 30A** — **108 REYKJAVÍK**

PARHÚS | 6 herb. | 217.1m² | Rúmgott parhús

Miðsvæðis í Reykjavík

VERÐ: **82.5M**

ÚLFAR 897 9030 | GUNNLAUGUR 844 6447



**EINHOLT 2** — **105 REYKJAVÍK**

ÍBÚÐ | 4 herb. | 94.9m² | Suðursvalir

Hentar vel til útleigu

VERÐ: **51.5M**

SIGURÐUR FANNAR 897 5930



**HVERFISGATA 74** — **101 REYKJAVÍK**

ÍBÚÐ | 3 herbergi | 78.6m²

Í hjarta miðbæjarins.

VERÐ: **41.9M**

SIGURÐUR FANNAR 897 5930

Opið hús | Þri. 12. júní frá kl. 18:00-18:30



**LANGHOLTSVEGUR 115** — **104 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLI | 3 herbergi | 94m²

Íbúð á jarðhæð með sér inngangi.

VERÐ: **36.9M**

DAVÍÐ ÓLAFSSON 897 1533

Opið hús | Mán. 11. júní frá kl. 14:00-14:30



**BLÓMAHÆÐ 8** — **210 GARÐABÆR**

RAÐHÚS | 5 herbergi | 195m²

Stórt raðhús með frábæru útsýni til suðurs

VERÐ: **87M**

DAVÍÐ ÓLAFSSON 897 1533

Opið hús | Mán. 11. júní frá kl. 15:30-16:00



**MÁVAHLÍÐ 21** — **105 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLI | 3 herbergi | 100m²

Skemmtileg íbúð með mikla möguleika.

VERÐ: **42.9M**

DAVÍÐ ÓLAFSSON 897 1533

Opið hús | Lau. 9. júní frá kl. 13:00-13:30



**GERPLUSTRÆTI 31-37** — **270 MOSFELLSBÆR**

Glæsilegt nýtt fjölbýlishús á fallegum útsýnisstað í Helgafellslandi, Mosfellsbæ.

DAVÍÐ ÓLAFSSON 897 1533 | SIGURÐUR FANNAR 897 5930

Opið hús | Lau. 9. júní frá kl. 12:00-13:00



**KÓPAVOGSBRÚN 2-4** — **200 KÓPAVOGUR**

Fjölbýlishús | Stærð frá: 147.5m²

Auka íbúð á jarðhæð - Lyfta og stór stæði í bílageymslu.

BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON 660 4777

Opið hús | Mán. 11. júní frá kl. 17:00-17:30



**STÓRAGERÐI 38** — **108 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLI | 4-5 herbergi | 109m²

Auka herbergi í kjallara – 3. Hæð

VERÐ: **47.5M**

ÞÓRA BIRGISDÓTTIR 777 2882

Opið hús | Þri. 12. júní frá kl. 17:30-18:00



**BARÐASTAÐIR 7** — **112 REYKJAVÍK**

ÍBÚÐ | 3 herb. | 124m² | Einstaklega falleg

útsýnisíbúð í lyftuhúsi. Bílskúr fylgir með.

VERÐ: **51.9M**

ÞÓRA BIRGISDÓTTIR 777 2882



## EFSTALEITI - MIÐJA REYKJAVÍKUR



**NÝTT Í SÖLU**

**ÁFANGI TVÖ**

**SÖLUSÝNING Á SKRIFSTOFU BORGAR FASTEIGNASÖLU Í SÍÐUMÚLA 23 ÞRIÐJUDAGINN 12. JÚNÍ KL 15-17.00VERIÐ VELKOMIN.**



## ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á FYSTA ÁFANGA

- Nú er komið í sölu áfangi tvö, Efstaleiti 27 og Lágaleiti 3
- Glæsilegar íbúðir 2ja til 4ra herbergja, með og án stæðis í bílageymslu.
- Einnig minnum við á vefinn Efstaleiti.is þar sem íbúðirnar eru kynntar.



# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



LAND ROVER Defender 110 Nýskráður 2013 ekinn 49 ÞKM dísel beinskiptur Verð 4.690.000. Rnr.105775. Braut Bílasölu Vantar bíla á skrá mikil sala. Braut s:5876600

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppboð.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt og selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

SUZUKI



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



NISSAN JUKE ACENTA nýskr. 2016, ekinn 11 Þ.km, bensín, sjálfskiptur. Glæsilegur einkabíll! Verð 2.880.000 kr. Raðnúmer 256729 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

NÝJA BÍLAHÖLLIN
SÍMI 567 22 77 • nyja@nyja.is



LAND ROVER Range rover sport hse. Árgerð 2016, ekinn 25 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 11.940.000.1 eigandi umboðsbíll mjög fallegur og vel útbúinn Rnr.116222.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



Ford Freestar 4,2. 6manna Árg.'05, vetrar og sumardekk, nýtt púst, nýtt í bremsum og fl. Verð 450þús Uppl. í s. 869 3869



**EINN LANGUR OG TVEIR S**
árg. 2009, 2010 og 2011. ekrir 115, 122 og 195 þús km. Allir 4x4, dráttabeisli. Webasto, hiti í sætum, bakkmyndavél, rafmagn í speglum, rúðum og samlæsing. Verð 1430 - 1950 þús + vsk. S. 897 3015 eða jb@isfar.is.

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Fornbílar



Buick Lesabre árg.'88, ek. 68.000, skoðaður'20 án athugasemda til sölu. Óska eftir tilboðum í s: 8637910

## Vörubílar

**VILTU SKAPA ÞITT EIGIÐ ATVINNUTÆKIFÆRI**
Til sölu MAN L 12-224. árgerð 2004
Ekinn 316 þús. Mikil vinna getur fylgt.
**Áhugasamir sendi fyrirspurn á hebra@simnet.is**

## Húsbílar



Til sölu Húsbíll. Ford Rimor árg. 2008, ekinn 84500 km. Verð 4.500.000, gott staðgreiðsluverð. Ath má skipti Uppl s: 855 5231



Fiat Ducato húsbíll til sölu.Árg.2005 ek.85 þús.Sólarsella.Skoðaður '19. Verð:2,550 þús.Uppl.s:861-9600.

## Fasteignir

heimili fasteignasala
– á traustum grunni

Finndu okkur á Facebook



Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali




**Vesturgata 20 – 3ja til 4ra í miðbæ Reykjavíkur.**
Rúmgóð stofa og eldhús í opnu og björtu rými, tvö góð svefnherbergi og baðherbergi með steyptum sturtuklefa, tengi fyrir þvottavél og glugga með opnanlegu fagi. Falleg eign á frábærum stað þar sem stutt er í alla þjónustu og iðandi mannlíf. Verð: 47,9M. **Opið hús á morgun, sunnud. 10 júní kl. 16:00 – 16:30. Nánari uppl. Veitir Brynjólfur, lgfs. S: 896-2953.**

**530 6500** Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

# Einstakt tækifæri!



Höfum fengið í einkasölu:

- EINSTAKLEGA VEL STAÐSETT 947m2 ATVINNUHÚSNÆÐI, AÐ HAFNARSKEIÐI 11, ÞORLÁKSHÖFN.
- STAÐSETT RÉTT VIÐ HÖFNINA, SEM ER MEÐ SÍVAXANDI UMSVIF MEÐ M.A. VIKULEGUM FERJUSIGLINGUM FRÁ ROTTERDAM Í HOLLANDI.
- HÚSIÐ SKIPTIST Í 3 BIL, OPIÐ Á MILLI AÐ HLUTA.
- GÓÐ SKRIFSTOFU- OG STARFSMANNAAÐSTAÐA
- STÓRT, MALBIKAÐ BÍLAPLAN, AFGIRT AÐ HLUTA.
- STÓR, NÝR RAMPUR, ÆTLAÐUR TIL LESTUNAR OG LOSTUNAR GÁMA ER Á HORNI LÓÐARINNAR.

**FASTEIGN MEÐ MIKLA MÖGULEIKA!**

Í húsinu er í dag rekinn fiskmarkaður og er húsið búið fullkomnum tækjum til slíkrar starfsemi, þó notkunarmöguleikarnir séu nær endalausir.

**** SJÓN ER SÖGU RÍKARI !**

**Allar nánari upplýsingar veittar hjá Fasteignasölu Suðurlands í s 483 3424 og á fastsud@gmail.com.**

FASTEIGNASALA SUÐURLANDS
Unubakka 3b 815 Þorlákshöfn
Símar 483 3424 • 848 5041 • 663 7199
www.eignin.is

100 bílar bílasala

**Sími 517 9999**

**Mikil sala - vantar bíla á skrá**

Opið virka daga frá 10-18 og 12-14 á laugardögum

**Skráðu bílinn hjá okkur**

**www.100bilar.is**



**M.Benz Atego 816 L** – 9/2014 – Ek 65 þús km – Dísel 157 HÖ – BSK - Vörulyfta á kassa - **Verð 5.950 þús** + VSK –
Er á staðnum – Raðnr 154001.



**M.Benz Atego 816 L** – 1/2014 – Ek 83 þús km – Dísel 157 HÖ – SJSK - Vörulyfta á kassa – **Verð 5.750 þús** + VSK –
Er á staðnum – Raðnr 153921.



**M.Benz Atego 818 L** – 6/2014 – Ek 83 þús km – Dísel 177 HÖ – BSK – Vörulyfta á kassa – **Verð 5.950 þús** + VSK –
Er á staðnum – Raðnr 154002.



**Renault Master** 18 manna rúta, 6/2016, ek 58 þús km, Dísel 146 hö, Bsk,
**Verð 3.750 þús** +VSK –
Er á staðnum – Raðnr 153975.



**Renault Master** 18 manna rúta, 12/2014, ek 94 þús km, Dísel 150 hö, Bsk,
**Verð 2.950 þús** + VSK –
Er á staðnum – Raðnr 221962.

100 bílar ehf. • Stekkjarbakka 4, 109 Reykjavík • 517-9999 • 100bilar@100bilar.is • Facebook/100bilar


NÝ SENDING AF VÖNDUÐUM ÆFINGAFATNAÐI
Mikið úrval af fatnaði í stærðum 14-28 eða 42-56
Vertu velkomin í verslun okkar að Fákafeni 9
eða pantaðu í vefverslun www.curvy.is
7.990 KR
ST. C-G skál
6.990 KR
ST. 14-28
DON'T STOP
4.990 KR
ST. 14-28
5.990 KR
ST. 16-28
5.590 KR
ST. 14-28
5.590 KR
ST. 14-28
8.990 KR
ST. 14-28
8.990 KR
ST. 14-28
AFGREIÐSLU TÍMAR Í VERSLUN CURVY - FÁKAFENI 9
Alla virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16
Bjóðum uppá fría sendingu hvert á land sem er
Curvy.is
- Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Hollt að sofa út um helgar

**Samkvæmt sænskri rannsókn er dánartíðni 65% hærri hjá þeim sem sofa fimm klukkustundir eða skemur á hverri nóttu, nema þeir bæti svefnleysið upp með því að sofa út á frídögum.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Rannsóknin var unnin við Stokkhólmsháskóla og á Karólínsku stofnuninni og þegar búið var að taka áhrifaþætti eins og kyn, líkamsþyngdarstuðul, reykingar, líkamlega virkni og vaktavinnu út úr dæminu sýndu niðurstöðurnar að þeir sem voru undir 65 ára aldri og sváfu fimm tíma eða skemur sjö daga vikunnar höfðu 65% hærri dánartíðni en þeir sem sváfu sex eða sjö tíma á hverri nóttu. En það var ekkert hærri dánartíðni hjá þeim sem bættu svefnleysi vinnuvikunnar upp með átta tíma svefni eða meira um helgar.

Torbjörn Åkerstedt, aðalhöfundur rannsóknarinnar, segir að lengd svefns hafi greinileg áhrif á langlífi.

### Stór og löng rannsókn

Rannsóknin var birt í tímariti svefnrannsókna (Journal of Sleep Research) sem er ritrýnt vísindatímarit sem Evrópska svefnrannsóknafélagið gefur út. Rannsóknin byggir á gögnum frá meira en 38 þúsund einstaklingum, sem var safnað í rannsókn á lífsstíl og heilsu árið 1997, en svo var líka fylgst með þátttakendum í allt að 13 ár eftir rannsóknina með því að fylgjast með skrá yfir þá sem létust.

Åkerstedt segir að rannsakendur hafi áður skoðað fylgnina milli lengdar svefns og dánartíðni en hafi einbeitt sér að svefni yfir vinnuvikuna. „Mig grunaði að niðurstöðurnar yrðu öðruvísi ef þú tækir svefn um helgar, eða á frídögum, með í reikninginn,“ segir hann.

Åkerstedt segir að ályktunin sem hann dragi af niðurstöðunum sé að svefn um helgar geti bætt upp skort á honum í vinnuvikunni, en rannsóknin hans sanni það þó ekki.



Það er um að gera að sofa út um helgar ef maður safnar upp „svefnskuld“ yfir vinnuvikuna. NORDICPHOTOS/GETTY

Aftur á móti gaf rannsóknin líka til kynna að fólk sem svaf átta tíma eða meira sjö daga vikunnar hefði 25% hærri dánartíðni en þeir sem sváfu bara sex til sjö tíma á nóttu.

Rannsakendur segja að tengslin milli svefnmynsturs og dánartíðni hverfi eftir 65 ára aldur og Åkerstedt telur að það sé kannski vegna þess að eldra fólk þurfi minni svefn og sofi einfaldlega nóg.

### Segir ekkert um orsakir

Í rannsókninni var ekki skoðað hvert orsakasambandið gæti verið milli svefnmynsturs og dánartíðni. Þessi tölfræðilega fylgni gefur einhverjar vísbendingar þegar úrtakið er svona stórt, en rannsóknin segir okkur ekkert um hvers vegna það er hollt að sofa nóg og óhollt að sofa of lítið.



Rannsóknum ber saman um að það sé óhollt að sofa of lítið. NORDICPHOTOS/GETTY

> Það var ekkert hærri dánartíðni hjá þeim sem bættu svefnleysi vinnuvikunnar upp með átta tíma svefni eða meira um helgar.

Åkerstedt gengur heldur ekki mjög langt í túlkun á niðurstöðunum. Hann segir bara að það sé mögulegt að lítill svefn sé óhollur og að það að sofa stöðugt mikið geti verið merki um undirliggjandi heilsufarsvandamál.

Rannsóknin hafði líka sínar takmarkanir, því þátttakendur voru bara spurðir út í svefnmynstur sitt einu sinni. En Stuart Peirson, sérfræðingur í líkamsklukkunni sem starfar við Oxford-háskóla, segir að hún gefi aðeins dýpri skilning á svefni en margar fyrri rannsóknir, sem hafa einfaldlega gefið til kynna að bæði mjög lítill og mjög mikill svefn væri óhollur. Hann segir að við þurfum að borga „svefnskuld“ ef við söfnum henni upp.

Niðurstöður þessarar rannsóknar stangast örlítið á við það sem taugavísindamaðurinn Matthew Walker, sem rannsakar svefn við Berkeley-háskóla í Kaliforníu, hefur sagt, en hann mælir með því að fólk sofi 7-9 klukkustundir á hverri nóttu.

En það er augljóst að góður svefn er nauðsynleg undirstaða góðrar heilsu og getur lengt lífið. Rannsóknum ber í það minnsta saman um að það sé hollt að sofa að lágmarki 6 tíma á hverri nóttu.









Frá kynslóð til kynslóðar.....

VERSLUN
Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918

Laugavegi 34,
á sínum stað í 100 ár

## Hjólhýsi



Hobby hjólhýsi 540 UL GBX10 árgerð 2017. Ónotað. Með sólarsellu og sjónvarpi. Verðhugmynd 3,8 millj. Frekari upplýsingar hjá Ómari í síma 891-9181.



**HJÓLHÝSADRIF MOVER.**
Kronings mover Skoðið á kronings.com Verð frá kr.168 þús.Til á lager.Áhugasamir hafi samband við KB-Imports ehf. S:8634449

kriben@simnet.is

## Fellihýsi



Rockwood fellihýsi, 12 ft, árg 2010. Mjög lítið notað. Verð 1690 þúsund. Uppl í s. 6919988.

## Vinnuvélar



Husqvarna sláttutraktor, 2016 árgerð. Vel með farinn. Sláttubreidd 107 cm, 320 lítra safnkassi. 22 hestafla Kawasaki mótor. Upplýsingar í síma 690-5071

## Bátar



Til sölu 30 feta skemmtibátur árgerð 1998 báturinn er allur sem nýr að innan sem utan. Vél Volvo Penta 260hö ekin aðeins riflega 800 tíma, nýr vagn fylgir. Uppl. í s. 893-7900



**NÝTT - NÝTT - NÝTT**
**HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKA NR. 12**
Góð reynsla - meiri afli Heimavík ehf Heimavik.is sími 892-8655

## Bílaþjónusta

**VAKA**
VIÐ VÖKUM MEÐ ÞÉR!
KRANABÍLAÞJÓNUSTA ALLAN SÓLAHRINGINN



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspares@simnet.is

## Varahlutir

LJÓSBOGINN ehf.
Altenatorar & Startarar



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is




Plettac vinnupallar
- Protekt fallvarnarbúnaður
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

VINNUPALLAR EHF
s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com





**IÐNAÐARHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Vagnhöfði 17
115-120 m²
með millilofti,
allt nýuppgert
**Örfá bil eftir**
s. 776 8484 – siggahrund@gmail.com

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

# ERUM KOMNIR MEÐ UMBOÐ FYRIR ROYAL ENFIELD

## Eigum til á lager nokkrar gerðir af hjólum

MADE LIKE A GUN · ROYAL ENFIELD SINCE 1901 · VALLARBRAUT



HYMALAYAN 411cc vökva og loftkælt enduro hjól sem hefur fengið mjög góða dóma
Verð: 980.000



CONTINENTAL GT cafe racer
Verð: 1.100.000



CLASSIC PEGASUS EDITION 125-500cc
Framleitt í takmörkuðu upplagi



CLASSIC SQUADRON 125-500cc
Verð: 1.020.000



CLASSIC CROME 500cc
Verð: 1.050.000



www.vallarbraut.is
S-8411200 & 8417300

**ERUM Í TRÖNUHRAUNI 5 HAFNARFIRÐI**

## Garðyrkja

HELLULAGNIR
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.** Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árısspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Húsaviðhald

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

HÚSAVIÐGERÐIR
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Getum bætt við okkur verkefnum í nýsmíði, viðhald og öll almenn smíðavinna. Áratugareynsla. Liðsafl ehf s:8964019, lidsafl.is

## Keypt & Selt

## Til sölu



Kassagitarar í úrvali Gítarinn ehf Stórhöfða 27 s 552 2125 www. gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677



**TILBOÐ!**
Til sölu á tilboðsverði 450 þús. vel með farið Palomino Colt fellihýsi 2002 módel. Fortjald, eldavél, miðstöð,ný grjótgrind, pláss fyrir 2 gaskúta á beisli, rafmagnstengi 230V, Uppl. í s: 699 2522

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér

STIGA



**Stiga Estate 7102 H**
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
Kawazaki FS600V mótor
Notendavænt sæti og stýri
320 lítra graskassi
Frábær traktór í stærri svæði

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

**Einstakt tækifæri!**



**Nýtt og frábært gestahús til sölu**
12 + 9 fermetrar
Tilbúið til að reisa
Allt fylgir sem er á mynd nema húsgögn
70mm bjálki
**Hægt að skoða sambærileg hús við Úlfarsfell**
**Verð aðeins 1.400 þús eða tilboð.**
Upplýsingar í síma 860 0662, Einar

# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

**bill.is**
Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is



**NISSAN Pulsar.**
Árgerð 2016, ekinn 33 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 2.080.000.**
Rnr.271039.



**BMW X1 xdrive18d.**
Árgerð 2017, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar.
**Verð 4.550.000.**
Rnr.251295.



**FORD Fiesta eco boost 100hö.**
Árgerð 2017, ekinn 22 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.890.000.**
Rnr.260569.



**HONDA Cbf 1000 tilboð.**
Árgerð 2008, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 6 gírar.
**Verð 590.000.**
Rnr.251263.



**JEEP Wrangler unlimited sahara 4.**
Árgerð 2012, ekinn 175 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.990.000.**
Rnr.251358.



**HYUNDAI I30 go edition.**
Árgerð 2016, ekinn 33 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar.
**Verð 2.580.000.**
Rnr.270537.

# EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá **1957**

Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Mávahlíð 36 • 105 Reykjavík




**Opið hús laugard. 9. júní milli 14:00 og 14:30.**
Mjög falleg og mikið endurnýjuð 5 herb. efri hæð í litlu fjölbýli. Húsið hefur einnig verið nýlega standsett að utan. Íbúðin sem er skráð 117,8 fm skiptist í hol, tvær stofur, eldhús, baðherbergi, þrjú herbergi og fataherbergi. Frábær staðsetning í Hlíðunum. **V. 61,9 m.**
**Nánari uppl.: Magnea S. Sverrisdóttir lg.fs. s. 861 8511.**

## Hjarðarhagi 26 • 107 Reykjavík




**Opið hús laugard. 9. júní milli 12:00 og 12:30.**
Rúmgóð 120 fm 5 herb. íbúð á 4. hæð í fjölbýlishúsi við Hjarðarhaga 26 í Vesturbænum. Tvær stofur, þrjú herbergi, tvö baðherbergi. Örstutt í leikskóla, skóla, sundlaug, verslanir og alla helstu þjónustu. **V. 46,9 m.**
**Nánari uppl.: Magnea S. Sverrisdóttir lg.fs. s. 861 8511.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

# STAKFELL KYNNIR TIL LEIGU



## HVERFISGATA 4, 101 REYKJAVÍK

209,8 fm. glæsilegt húsnæði laust strax. Er í dag óinnréttað og möguleiki að innrétta fyrir leigutaka.
Húsnæðið er staðsett við Stjórnarráðið.
Einstakur möguleiki að leigja húsnæði við miðbæinn.



*Nánari upplýsingar um eignina veitir*
*Þorlákur Ómar Einarsson, löggiltur fasteignasali*
*GSM 820 2399 og thorlakur@stakfell.is*



# Flott raðhús á fallegum útsýnisstað í Mosfellsbæ

## Sjón er sögu ríkari – Laxatunga 36 til 54 - Til afhendingar 15. júní og 15. ágúst




## Húsin verða afhent rúmlega fokheld og fullbúin að utan. Verð 55,9 til 57,9 mkr.

6 herbergja hús. 4 til 5 svefnherbergi. 1 til 2 stofur. 2 baðherbergi. Möguleiki að gera auka íbúðarrými á neðri hæð. Stærðir 203,4 til 204,6 m2. Húsin eru vönduð, byggð úr steyptum einingum með dökkum steinsalla og hallandi hefðbundnu þaki klætt með bárujárni fyrir íslenskar aðstæður. Húsin eru til afhendingar á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst 2018

**Nánari upplýsingar má fá hjá eftirtöldum fasteignasölum:**

**MIÐBÆR** Fasteignasala
www.midbaer.is 588 3300
Vegmúla 2 – 108 Reykjavík
Sími: 588-3300 | midbaer@midbaer.is
**Sigfús S: 898 9979**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081 • WWW.FASTMOS.IS
**Einar Páll S: 899 5159**

**GIMLI** FASTEIGNASALA
Grensásvegur 13 - 108 Reykjavík
Sími 570 4800 - gimli.is - gimli@gimli.is
**Lilja S: 820 6511**

Landmark leiðir þig heim!
**LANDMARK** FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.
Sími 512 4900 - landmark.is
**Þórarinn S: 7 700 309**

# Hélt ég væri dáin

**Stórmyndin Adrift er byggð á sannri lífsreynslusögu Tami Oldham Ashcraft sem árið 1983 lenti í fjórða stigs fellibyl í siglingu á Kyrrahafinu. Tami náði með miklu harðfylgi að sigla slösuð á löskuðum bát, án alls tækjabúnaðar, án masturs og segla 1.500 mílur, alla leið til Hawaii. Tami segir frá ótrúlegri þrekraun sinni sem myndin er byggð á.**




Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


Mér finnst myndin dásamleg. Ég vann með handritshöfundum, Kandell-bræðrum, í fimm ár. Mér finnst Baltasar Kormákur hafa staðið sig ótrúlega vel. Við áttum líka í góðu samstarfi. Það hefði ekki verið hægt að finna betri leikstjóra,“ segir Tami Oldham Ashcraft í samtali við blaðamann frá heimili sínu á San Juan eyju.

Þar býr hún með eiginmanni sínum og tveimur börnum. Þrátt fyrir harmleikinn árið 1983 er hún enn mikil ævintýrakona og hefur unun af siglingum. Þrátt fyrir að hún leggi ekki yfir heimshöfin eins og hún gerði ung, áður en hún lenti með unnusta sínum í sjávarháska eftir að hafa lent í fjórða stigs fellibyl á Kyrrahafinu.

„Það var á köflum yfirþyrmandi að horfa á myndina. Sérstaklega í þeim senum þar sem háskinn og harmurinn er mestur. Þegar ég sá fyrsta brotið úr kvikmyndinni sló út á mér köldum svita. Myndin er svo nærri sannleikanum að hún gekk mér nærri, ég upplifði minningar og tilfinningar. Ekki síst fann ég fyrir ást minni á Richard. Sorgin reis upp á yfirborðið,“ segir Tami frá.

Aðstæður virtust fullkomnar í október 1983 þegar Tami og unnusti hennar Richard lögðu af stað í skútusiglingu frá eyjunni Tahítí. Áætlaður ferðatími var rúmlega 30 dagar. Þau voru spennt. Bæði reynd í siglingum með 50.000 mílur að baki. Tami var 23 ára gömul. Þau voru kát og glöð. Þau höfðu tekið að sér það verkefni að sigla lúxusskútunni Hazana til eigenda sinna í San Diego.

„Ég veit að frásögn mín spillir ekki söguþræðinum. Margir þekkja söguna, enda er hún sönn og rataði í heimsfréttirnar.

Við Richard tókum að okkur þetta verkefni. Við höfðum siglt í um tvær vikur þegar við heyrðum af stormi og ókyrrð fram undan. Áttum von á því að stormurinn myndi færast norður eins og vanalegt er á þessum slóðum sem við vorum á. En þessi gerði það ekki. Hann efldist, magnaðist og varð að fellibyl. Við flúðum hann í nærri því þrjá daga. Við fengum upplýsingar um gang fellibyljarins á um fjögurra tíma fresti. Svo náði hann okkur,“ segir hún.

Tami og Richard voru nú í lífshættu. Í martröð hvers sjófara. Öldurnar voru jafnháar og fimm hæða blokkir. Richard bað Tami að fara undir þiljur og fylgjast með loftþrýstingi og veðurspá á meðan hann tæki við stýrinu.

„Seglin voru niðri en kveikt á vélinni. Við skutumst upp og niður

**SEGLIN VORU NIÐRI EN KVEIKT Á VÉLINNI. VIÐ SKUTUMST UPP OG NIÐUR Á RISAVÖXNUM ÖLDUNUM OG SÆROKIÐ STAKK HÖRUNDIÐ. HÁVAÐINN VAR ÆRANDI. VIÐ ÞURFTUM AÐ ÖSKRA OKKAR Á MILLI. STUNDUM FLUGUM VIÐ HREINLEGA Í LOFTINU OG SKULLUM SVO NIÐUR. ÉG VAR VIÐ STÝRIÐ NÆRRI ALLAN MORGUNINN. RICHARD GÆTTI AÐ BÁTNUM OG SIGLNINGARLEIÐINNI OG VEÐRI.**

á risavöxnum öldunum og særokið stakk hörundið. Hávaðinn var ærandi. Við þurftum að öskra okkar á milli. Okkur fannst um tíma ganga vel að sigrast á risaöldunum. Stundum flugum við hreinlega í loftinu og skullum svo niður. Ég var við stýrið nærri allan morguninn. Richard gætti að bátnum og fylgdist með siglingaleiðinni og veðri. Svo kom Richard til mín og öskraði til mín að nú skyldi ég fara undir þiljur. Ég held að það verði allt í lagi, sagði hann við mig áður en hann lokaði. Ég man enn eftir svipnum á honum og bláum augunum. Ég hafði rétt svo tíma til að festa mig við taug. Svo heyrði ég hann öskra. Ég man að ég faldi höfuðið í greipum mínum. Svo fann ég hræðilegan sársauka. Svo varð allt svart,“ segir Tami frá.

Þótt langt sé liðið. Og þó að Tami hafi oft sagt sögu sína – margoft – þá finnst henni það erfitt. Röddin verður óstyrk og hún tekur sér stutt hlé frá frásögninni. „Ég hef svo oft sagt frá. En það er öðruvísi núna,“ útskýrir hún. „Þetta er allt svo ljóslifandi.“

Bátnum hvolfdi. Hann skall á haffletinum og snerist svo við. Tami missti meðvitund.

Þegar hún kemst loks til meðvitundar er hafflöturinn sléttur og það var kyrralogn. Mastrið hafði brotnað af. Seglin farin. Vélin ónýt. Öll raftæki ónýt. Útvarpið týnt. Enginn björgunarbátur um borð.



„Margir þekkja söguna, enda er hún sönn og rataði í heimsfréttirnar,“ segir Tami um lífreynslu sína. NORDICPHOTOS/GETTY



Baltasar Kormákur með Shailene Woodley við tökur myndarinnar.

Hún gat ekki sent frá sér neyðarkall. Hún hafði takmarkað magn matar og vatns.

„Ég hafði misst mikið blóð. Ég var með höfuðáverka. Ég var ekki brotin sem ég held að hafi verið meðal þess sem gerði það að verkum að ég lifði af. Það var allt farið. Ég gjörsamlega missti alla sjálfstjórn. Ég öskraði og grét. Ég leitaði að Richard. En ég fann sjónaukann sem varð mér til mikils gagns. Báturinn var fullur af vatni. Það átti eftir að taka mig tvær vikur að losa vatnið úr bátnum,“ segir Tami frá.

Tami þurfti að reiða sig á skilningarvitin og lífsviljann til að lifa af. Rangur útreikningur eða mistök myndu kosta hana lífið.

**ÞEGAR ÞÚ ÞARFT AÐ LÆRA EITTHVAÐ UPP Á LÍF OG DAUÐA, ÞÁ VERÐUR ÞÚ MJÖG GÓÐ Í ÞVÍ!**

„Ég þurfti að finna út hvar ég var. Ég þurfti að fylgja straumum og vindátt og 19. breiddargráðu. Ég vildi stefna á Hawaii. Ég náði að fylgja straumnum. Ég hafði týnt úrinu. Það gerði þetta enn erfiðara. En ég fann það nokkrum dögum síðar og þá urðu útreikningar mínir nákvæmari. Ég vissi að ef ég næði ekki til Hawaii þá myndi ég deyja. Ég var enginn snillingur í siglingum þótt ég væri ágætlega reynd. En ég varð mjög góð. Mjög fljótt. Þegar þú þarft að læra eitthvað upp á líf og dauða, þá verður þú mjög góð í því!“ segir Tami og slær á létta strengi.

Tami nálgaðist Hawaii. „Ég sá fugla, ég sá tvö skip og flugvél. En enginn virtist sjá mig. Herflugvél ➡

RE/MAX Senter

## Hlégerði 33 Opið hús 16:00 - 16:30, laugardagur 9. júní








**Gunnar Sverrir Harðarson**
Sölufulltrúi
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is

Skútuvogur 11a
104 Reykjavík
Sími: 4144700
www.remax.is




REMAX Senter kynnir: Glæsilegt einbýlishús með auka stúdio íbúð í hluta bílskúrs.
Húsið er með fallegu opnu rými með eldhúsi, borðstofu og stofu, 5 svefnherbergjum og 2 baðherbergjum.

## Vefarastræti 32-38 Opið hús 16:00 - 16:30, laugardaginn 9. júní








## Verð frá 49.900.000 kr. - 51.900.000 kr. Aðeins þrjár íbúðir eftir.

Vefarastræti nr. 32-38 er 32 íbúða fjölbýlishús í Mosfellsbæ, nánar tiltekið í suðurhlíðum Helgafells, á skjólgóðum og sólríkum stað eins og flestar lóðir í hverfinu sem liggja í suður- og vesturhlíðum Helgafells. Liðlega eitt þúsund íbúðir verða í fullbyggðu hverfinu, í fjölbýli og í sérbýli. Vefarastræti 32-38 er eins og önnur fjöl- býlishús í hverfinu, skipulagt innan svokallaðs "auga" sem dregur nafn sitt af lögun svæðisins og liggur í nálægt hverfisins.

Skipulag hverfisins er nútímalegt og mjög fjölskylduvænt, með góðum grunnskóla og tveimur leikskólum sem staðsettir verða í auganu í miðju hverfisins. Lítil bílaumferð verður á svæðinu og lágur umferðarhraði. Útsýni úr íbúðum Vefarastrætis 32-38 er einstaklega fallegt, þar sem sér vel yfir Álafosskvosina til austurs, suðurs og vesturs.

**Nánari upplýsingar um íbúðirnar: www.vefarastraeti.is**

## Skyggnisbraut 4 og 6 Opið hús 16:00 - 16:30, sunnudaginn 10. júní




Nýjar og fullbúnar íbúðir við Skyggnisbraut 4 í Úlfarsársdal. Íbúðirnar eru 3-5 herbergja. tilbúnar til afhendingar. Með hverri íbúð fylgir stæði í lokaðri bílgeymslu. Heildareignin er 5 hæðir og eru íbúðirnar mismunandi á hverri hæð. Íbúðirnar eru fullbúnar með parketi á gólfum og gardínum í gluggum. Stofurnar er opnar með eldhúsi. Úr stofunum er gengið út á svalir/garð.

Eldhúsin eru með góðu borð og skápaplássi, eldavél, ofn og háf. Flísar á milli innréttinga. Baðherbergin eru með flísum á gólfi og hluta til á veggjum, upphengdu salerni, góðri innréttingu og sturtu. Í svefnherbergjum eru fataskápar. Þvottahús með flísum á gólfum er innan hverra íbúðar. Að utan er húsið steinað og garðurinn að mestu frágenginn.

## Friggjarbrunnur 53 Opið hús 16:00 - 16:30, sunnudaginn 10. júní





Fullbúnar íbúðir í lyftuhúsi við Friggjarbrunn 53 í Úlfarsárdal. Íbúðirnar eru allar fullbúnar þriggja til fjögurra herbergja. Eldhús með heimilistækjum frá AEG og innréttingar frá HTH. Gott skápa og borðpláss. Baðherbergi eru flíslögð á gólfi og að hluta til á veggjum og einnig með innréttingu frá HTH, veggsalerni og góðri sturtu. Sér flisalagt þvottahús er í öllum íbúðum. Tvö til þrjú svefnherbergi sem eru öll rúmgóð og með fataskápum. Út frá stofu er ýmist svalir eða verönd. Harðparket á gólfi frá Húsasmiðjunni. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílastæðahúsi. Húsið er steinað að utan. Virkilega fallegar íbúðir á vinsælum stað og fallegur útsýni í hverfi sem á er í hraðri uppbyggingu.

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

Gerðu gott mót betra með DORMA
ÁFRAM ÍSLAND
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



HM-LEIKUR DORMA
Allir sem kaupa stillanlegt rúm í Dorma meðan á HM í Rússlandi stendur* lenda í potti og geta unnið 65" UHD snjallsjónvarp frá Samsung að verðmæti 199.995 kr.
Dregið verður 12. júlí og vinningshafinn getur horft á úrslitin í nýju sjónvarpi.
*Leikurinn stendur fram yfir undanúrslit.

Komdu og veldu þér þitt draumasæti



TILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

AVIGNION
hægindastóll
Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli.
Leður á slitflötum eða grátt áklæði
Fullt verð í áklæði : 109.900 kr. Fullt verð í leðri : 129.900 kr.
Aðeins 82.425 kr. Aðeins 97.425 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



Ísafold er ein stærsta prentsmiðja landsins og þjónustar daglega stóran hóp viðskiptavina. Verkefni okkar eru jafn fjölbreytt og viðskiptavinir okkar eru margir. Allt frá einföldum nafnspjöldum til bæklinga sem dreift er í öll heimili landsins. Bækur, tímarit, bæklingar og umbúðir. Við komum hugmyndum þínum í framkvæmd.
Hafðu samband og við klárum þetta saman.
Emil Andrés Sigurðsson, bókbindari og trillukarl

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA
Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is
Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.



Baltasar Kormákur, Tami, Shailene Woodley og Sam Claflin við frumsýningu Adrift í maímánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

flaug lágflug yfir mér. Ég skaut upp neyðarblysi. Hann hlýtur að sjá mig! hugsaði ég. En hann gerði það ekki. Ég hélt að ég væri dáin. Ég hugsaði með mér að ég væri ekki á lífi. Það væri ástæðan fyrir því að enginn sæi mig. Þarna var andlegt ástand mitt orðið mjög slæmt. En svo sást ég og fékk hjálp. Eplum og kaffi var hent í bátinn á meðan ég beið eftir hjálp til hafnar. Það var svo dásamlegt að ég get ekki lýst því," segir Tami.

Þrekvirki Tami tók um 40 daga. Hún sýndi ótrúlegt harðfylgi. Hvað var það sem bjargaði lífi hennar?

„Við búum öll yfir innsæi og sterkum lífsvilja. Það er miklu erfiðara að gefast upp en að berjast. Ég trúi því að minnsta kosti. Fyrstu dagarnir skiptu miklu máli. Að takast að fá bátinn á hreyfingu. Finna rétta leið. En síðan tók vonin við. Ég talaði til mín. Þessi innri rödd var sterk. Ég þurfti stundum að skipa sjálfri mér að hætta að gráta. Ég var að missa of mikið vatn úr líkamanum. Ég átti í samræðum við sjálfa mig. Það er annað atriði sem ég held að hafi verið mikilvægt. Það er annars svo fín lína á milli lífs og dauða. Þegar ég horfði á myndina fannst mér ég vera komin aftur um borð."

Tami segist afar þakklát fyrir það að lífsreynsla hennar hafi verið færð í kvikmynd. Lífsháskamyndir með konum í aðalhlutverki séu sárafáar.

„Það eru til margar frásagnir og kvikmyndir af karlmönnum í sjávarháska. En fáar af konum. Og það þrátt fyrir að fjölmargar konur sigli og séu alveg jafn gefnar fyrir ævintýri og karlar. Ég er afar þakklát. Ég vildi að saga mín yrði að kvikmynd í öll þess ár. Ég tek auðvitað allri gagnrýni á myndina mjög persónulega. Myndin hefur hlotið mjög góða gagnrýni en þegar einhverjum einum gagnrýnanda flaug í hug að segja að atburðir myndarinnar væru ekki nægilega sannfærandi þá varð ég alveg brjáluð og var skapi næst að óska þeim hinum sama í bátsferð í vondu veðri," segir Tami og gerir að gamni sínu.

Tami hefur ferðast mikið með eiginmanni og börnum. Hún er þó ekki komin yfir áfallið. „Ég sigli ekki yfir heilu heimshöfin lengur. En sigli samt mikið. Hugrekkið vex eftir því sem ég verð eldri. Ég elska að sigla. Ég kenndi börnunum mínum tveimur að óttast ekkert þrátt fyrir allt. Og að elska að ferðast, kynnast öðru fólki og menningarheimum. Hvað sem hver skyldi halda þá erum við nefnilega ekki upphaf og endir alls hér í Bandaríkjunum," segir Tami og hlær.



Tami 23 ára gömul. Hún er ekki enn komin yfir áfallið en segir hugrekkið vaxa eftir því sem árin færast yfir.




Skútan Hazana sem Tami og Richard áttu að sigla til San Diego.



Shailene, Sam og Baltasar við tökur á Adrift.

FASTEIGNASALAN
TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.



# NÝJAR ÍBÚÐIR TIL SÖLU!

## EFSTALEITI 27, LÁGALEITI 1-3

SALA HEST Á ÖÐRUM ÁFANGA!
Hringdu í 520-9595 eða beint í sölumenn!



## Verð frá 28.900.000,-

**Íbúðir frá 35fm stúdíóíbúðum upp í 5herb. 160,4fm.**

| | |
|---|---|
| Stúdíóíbúð verð frá 28.9m. | 2. herb. verð frá 33.9m. |
| 3. herb. verð frá 58.9m. | 4. herb. verð frá 64.9m. |
| 5. herb. verð frá 79.8m. | |



Efstaleitið er sannkallað miðborgarhverfi í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði. Á lóðunum er byggðinni skipt upp í tvo meginreiti. Þar mynda misháar íbúðabyggingar hring um skjólsæla garða, útivistar- og leiksvæði. Við hönnun íbúðahverfisins er unnið markvisst með stöllun húsa í hæð, formi og mótun lands svo úr verður ásýnd stakstæðra húsa með skemmtilegum þakgörðum og svölum. Leitast er við að hafa íbúðir bjartar og nútímalegar með hagnýtu skipulagi.

Áætluð afhending fyrstu íbúða er vor/sumar 2019.

Allar nánari upplýsingar veitir söludeild Fasteignasölunar TORG
**HRINGIÐ BEINT Í SÖLUMENN!**

**Kynning á skrifstofu Fasteignasölunnar TORG**

**LAUGARDAGINN 9.JÚNÍ FRÁ KL.16:00-17:00**

Grunnteikningar, skilalýsing og nánari upplýsingar.

| Hafdís | Sigurður | Dórothea | Þorsteinn | Jóhanna Kristín | Árni Ólafur | Berglind | Jón Gunnar | Sigríður | Garðar | Hrönn | Hrönn | Þóra | Þorgeir | Lilja | Hafliði |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Fasteignasali | Sölufulltrúi | Lögmaður | Fasteignasali | Fasteignasali | Sölufulltrúi | Fasteignasali |
| 820 2222 | 898 6106 | 898 3326 | 694 4700 | 698 7695 | 893 4416 | 694 4000 | 848 7099 | 699 4610 | 899 8811 | 692 3344 | 520 9595 | 822 2225 | 696 6580 | 663 0464 | 846 4960 |





Halldór Eiríksson segir að í uppbyggingu í miðborginni reyni á næmi og skilning fyrir sögu þess hverfis sem byggt er í. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dýrmætt að sjá mannlíf kvikna

Við höfnina rísa fjölmargar stórar byggingar sem munu breyta miðborginni töluvert. **Halldór Eiríksson**, aðalhönnuður Austurhafnar, byggingakjarna sem stendur nærri Hörpu, segir mikilvægt að halda í hefðina í borgarmyndinni.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Við erum loksins komin í það verkefni aftur að byggja borg," segir Halldór Eiríksson, arkitekt og aðalhönnuður Austurhafnar, nýs íbúðar- og verslunarkjarna á milli Hafnartorgs og Marriot-hótelsins við Hörpu. Halldór og samstarfsfélagar á Tark arkitektastofu hafa hannað þær byggingar sem saman mynda Austurhöfn.

„Við erum rétt að stíga upp úr jörðinni núna," segir Halldór um gang framkvæmda en áætluð verklok eru seinni hluta árs 2019. „Þetta er mjög spennandi verkefni. Það teymi arkitekta sem hefur unnið að þessu verkefni leit til vel heppnaðra borgarrýma í evrópskum borgum," segir hann.

Það er eðlilegt þegar nýjar byggingar og hverfi rísa að um þær séu skiptar skoðanir. Það sem helst hefur verið deilt á er að útsýni til sjávar úr miðbænum verður minna, stíll bygginga sé helst til látlaus og þær séu of háar.

Aðrir benda á að byggingarnar séu klassískar, þær muni stuðla að meira mannlífi við höfnina og skýla fyrir norðanáttinni. Í Austurhöfn rís 71 íbúð. Á jarðhæðum verða verslanir, veitingastaðir og kaffihús.

Eftir stórbrunann í Kvosinni árið 1915 voru settar strangar reglur um byggingu húsa. Byggingu timburhúsa var að miklu leyti hætt á svæðinu. Við tóku hús úr steinsteypu. Fyrstu stórhuga byggingarframkvæmdir á svæðinu voru við Austurstræti 16 ári eftir brunann þar sem lengi var starfrækt Reykjavíkurapótek. Húsið var tilbúið 1918. Fleiri byggingar fylgdu á eftir.



Tölvuteikning af aðkomunni að Austurhöfn.

Halldór vísar í byggingarsöguna og telur til fleiri byggingar í nágrenninu sem setja sterkan svip á borgarbyggðina nærri höfninni. „Eimskipshúsið, Hafnarhúsið og fleiri hús. Þetta eru hús byggð í art deco stíl eða í norrænum klassískum stíl. Í hönnuninni erum við að vísa í þessa sögu þó að við vildum ekki fara alla leið í nostalgíu," bendir Halldór á. „Meginverkefnið er að tengja borgina við höfnina og Hörpu tónlistarhús."

*Nú eru margar háar byggingar á þessu svæði. Nýtur nægrar birtu?*

„Sólin kemur yfir Hafnartorg á reitinn þannig að göturýmið er ekki sólríkt fremur en aðrar götur, til dæmis Austurstræti. Það sem hefur reynst meiri vandi er norðanáttin, vindurinn. Með byggingunum sem nú rísa verður meira skjól."



Tölvuteikning af byggingunum. Verslanir og þjónusta á neðstu hæð.

*Er hugsað fyrir grænum svæðum?*

„Það verður grænt svæði fyrir íbúa á annarri hæð í íbúðakjarnanum. Þar mun njóta góðrar birtu. Það eru annars ekki mikil tækifæri fyrir gróðurrækt en við reynum að skýla inngarðinum.

Áherslan er á mannlífið á hafnarbakkanum og á Reykjatorgi sem verður blómlegt. Þar verða veitingastaðir sem hafa tækifæri til að setja út borð þegar veður leyfir, hafnarkanturinn getur orðið mjög skemmtilegt svæði að ganga um. Sérstaklega þegar það verður komin tenging á milli bygginga og eitthvert samhengi."

Halldór segir nokkuð krefjandi að vinna á þessum reit. „Það er óskaplega mikilvægt að halda í hefðina í borgarmyndinni. Menn hafa verið duglegir að gagnrýna uppbyggingu á reitnum og sumir kallað á timburhúsabyggð. Nokkuð sem er ekki í tengslum við þennan hluta borgarinnar. Slíkt væri sögufölsun og afskaplega skrýtin notkun á þessum reit.

Okkur fannst húsin há og völdum að taka eina hæð ofan af okkar húsum. Að undanskildum þakbar hótelsins nyrst á reitnum. Okkur fannst það betri lausn. Það þarf að gæta vel að jafnvæginu og menn þurfa að fara varlega í uppbyggingu í miðborginni. Ég get nefnt sem dæmi uppbyggingu við Lækjargötu og inn í gömlu Reykjavík og timburhúsabyggðina þar. Þar reynir virkilega á að menn, bæði á skipulagsstigi og framkvæmdastigi, sýni næmi og skilning fyrir sögu hverfisins.

Það er mikil umferð fólks að Hörpu tónlistarhúsi. Við þekkjum langa og þjáningarfulla sögu hússins en gleðjumst núna yfir gæðum þess sem tónlistarhúss. Hörpu hefur einnig tekist að verða það kennileiti sem hún átti að verða.

Menn geta fjargviðrast yfir kostnaði. Yfir ryðblettum og viðhaldi en í þessum stóra skilningi þá er þetta óskaplega vel heppnað mannvirki fyrir Reykjavík sem styður við tónlistarlíf borgarinnar. Það verður spennandi þegar ráðstefnuhótelið kemur sem átti að vera hluti af heildarverkinu og styðja við starfsemi Hörpu. Og það verður dýrmætt að sjá mannlífið kvikna, púslið klárast og þennan hluta borgarinnar virkjast."

# LIND FASTEIGNASALA

# 510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



| Þórunn | Hannes | Stefán | Kristján | Sveinn | Ólafur | Hrafn | Bjarni | Þorsteinn | Helga | Vernharð | Lára | Harpa | Gunnar | Arna | Magnús | Halldór |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR LEIGUMIÐLARI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI | AÐSTOÐARMAÐUR FASTEIGNASALA | LÖGGILTUR FASTEIGNASALI |

BÓKIÐ SKOÐUN







## Austurkór 20

203 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 325,5 fm EINBÝLI HERB: 7

Glæsilegt einbýlishús með einstöku útsýni við Austurkór. Öll rými mjög rúmgóð. Timburverönd með heitum potti. Falleg aukaíbúð með sérinngangi á neðri hæðinni.

*Heyrumst*
**Þorsteinn › 696 0226** **129.000.000 kr**
Hdl, löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS › 11. júní 17:30 – 18:00







## Klapparhlíð 5 50 ára +

270 MOSFELLSBÆR

STÆRÐ: 117,8 fm FJÖLBÝLI HERB: 3

Glæsileg endaíbúð með bílastæði í kjallara, húsið er fyrir 50 ára og eldri og er lyfta í húsinu. Vandaðar innréttingar þar sem ofn og uppþvottavél eru í vinnuhæð í eldhúsi.

*Heyrumst*
**Kristján › 696 1122** **54.900.000 kr**
Löggiltur fasteignasali







## Vitastígur 2

220 HAFNARFJÖRÐUR

STÆRÐ: 150 fm EINBÝLI HERB: 5

Mjög vel staðsett og mikið endurnýjað einbýlishús með fallegum garði að Vitastíg í Hafnarfirði. Bjart og vel skipulagt hús. Fallegur garður með verönd.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** **67.500.000 kr**
Löggiltur fasteignasali

BÓKIÐ SKOÐUN







## Mardalur 11

260 REYKJANESBÆ

STÆRÐ: 217,9 fm PARHÚS HERB: 5

Glæsilegt steinsteypt parhús á tveimur hæðum á frábærum stað í nýju hverfi í Reykjanesbæ. Eignin er 217,9 m2 þar af er innangengur bílskúr 27,7 m2

*Heyrumst*
**Venni › 699 7372** **61.200.000 kr**
Löggiltur fasteignasali







## Mýrargata 27

101 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 188,4 fm EINBÝLI HERB: 6

Glæsilegt hús á þremur hæðum. Um er að ræða nýbyggingu sem afhendist fullfrágengin að utan og innan með flotuðum eða parketlögðum gólfum utan votrýma, sem verða flísalögð.

*Heyrumst*
**Magnús › 699 2010** **96.900.000 kr**
Sölufulltrúi/Hefur lokið námi til lögg.fasteignasala

BÓKIÐ SKOÐUN







## Bæjarlind 7-9

201 KÓPAVOGUR

STÆRÐ: 98-162 fm FJÖLBÝLI HERB: 2-4

**Lind fasteignasala kynnir:**

Nýjar tveggja til fjögurra herbergja íbúðir í glæsilega hönnuðu fjölbýlishúsi að Bæjarlind 7-9. Húsið er álklætt með áltré gluggum og verður því viðhaldslítið. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna, granít borðplötur.

Afhending maí-júní 2018.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008** **Frá 46.9 M kr**
Löggiltur fasteignasali







## Láland 1

108 REYKJAVÍK

STÆRÐ: 501,8 fm EINBÝLI HERB: 11

Einstakt einbýlishús í Fossvogi. Húsið var tekið í gegn og endurnýjað árið 2004. 2ja herbergja auka íbúð með sérinngangi á neðri hæð.

*Heyrumst*
**Hannes › 699 5008**
Löggiltur fasteignasali

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

## Merkisatburðir



**411 f.Kr.** Alkibíades fremur valdarán í Aþenu.

**63 f.Kr.** Neró Rómarkeisari sviptir sig lífi.

**1741** Ferming barna er lögfest á Íslandi.

**1878** Dýragarðurinn í Leipzig er stofnaður.

**1880** Hornsteinn er lagður að Alþingishúsinu.

**1943** Hæstiréttur sýknar útgefendur Hrafnkels sögu Freysgoða, meðal annars Halldór Laxness, sem gáfu söguna út án samræmdrar stafsetningar fornrar.

**1958** Gatwick-flugvöllur opnaður í Lundúnum.

**1963** Sjálfstæðisflokkurinn fær flesta menn kjörna í alþingiskosningum, 24, og Framsóknarflokkurinn fær 19.

**1993** Kvikmyndin Júragarðurinn frumsýnd.

**1999** Júgóslavía og NATO undirrita friðarsamning og binda enda á Kósóvóstríðið.

**2002** Kirkjubólshreppur rennur inn í Hólmavíkurhrepp.

**2002** Þingvallahreppur, Laugardalshreppur og Biskupstungnahreppur sameinast í Bláskógabyggð.

**2006** HM í Þýskalandi hefst og Þjóðverjar vinna Kosta Ríka í fyrsta leik með fjórum mörkum gegn tveimur.

---



✝

Okkar ástkæra

**Guðrún Garðarsdóttir**

Langagerði 7, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ mánudaginn 4. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Bjarni Kristinsson**
**Erlín Guðbjörg Bjarnadóttir** **Guðmundur Torfason**
**Ásta Bjarnadóttir** **Brynjólfur Gunnarsson**
**Kristinn Bjarnason** **Anna Sigríður Blöndal**
**Bjarney Bjarnadóttir** **Bjarki Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Hafsteinn Sigurvinsson**

múrari,
Vesturbraut 11, Keflavík,

lést á Landspítalanum v/ Hringbraut laugardaginn 2. júní. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 13. júní kl. 11.

**Þóra Kristrún Hafsteinsdóttir** **Þórarinn Pétursson**
**Hanna Dís Hafsteinsdóttir** **Friðrik Þór Steingrímsson**
**Friður Hilda Hafsteinsdóttir** **Gunnar Stígur Reynisson**
**afabörn og systkini.**

---



✝

Innilegar þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Steinars Petersen**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans og Karitas fyrir ómetanlegt starf.

**Greta Björgvinsdóttir Petersen**
**Birna Petersen** **Ken Håkon Norberg**
**Gunnar Petersen** **Elva Gísladóttir**
**Eva Petersen**
**Viktor, Emilia, Oliver, Anna, Steinar og Brynjar.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Árni Jónsson**

rafvirkjameistari,
Freyvangi 20, 850 Hellu,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 5. júní. Jarðarför auglýst síðar.

**Esther Markúsdóttir**
**Svava Þuríður Árnadóttir**
**Jón Árnason**
**Sigurður Grétar Árnason**
**Sandra Árnadóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Yndislegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, langalangafi og bróðir,

**Ingimar Þ. Vigfússon**

frá Þykkvabæ, Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

lést á Landakoti 2. júní sl. Útför hans fer fram frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu, Hátúni 2, Rvk, föstudaginn 15. júní kl. 13. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á ABC barnahjálp.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigríður Hendriksdóttir**

---



✝

Elsku hjartans móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Hanna Hafdís Guðmundsdóttir**

Njörvasundi 22, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 30. maí á dvalarheimilinu Höfða, Akranesi. Hún verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 14. júní kl. 13.00.

**Sigríður Erla Reynisdóttir** **Gerard Van Dick**
**Guðmundur R. Reynisson** **Birna Bjarnadóttir**
**Örn Ægir Reynisson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



✝

Elsku drengurinn okkar,

**Viggó Emil Berglindarson**

Jakaseli 42,

lést laugardaginn 5. maí síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Kærar þakkir til þeirra sem sýnt hafa samúð og hlýju á erfiðum tímum.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Berglind Viggósdóttir**

---



Ástkær sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

**Þorvaldur Magnússon**

Hátúni, Stokkseyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar á gjörgæsludeild Landspítalans eftir erfið veikindi þriðjudaginn 5. júní sl. Útför fer fram í Ríkissal Votta Jehóva, Hraunbæ 113 þriðjudaginn 12. júní kl. 13.00. Jarðsett verður í Stokkseyrarkirkjugarði.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Magnús Gunnar Sigurjónsson**

---



✝

**Esther Árnadóttir**

Grund v/Hringbraut, lengst af til heimilis að Holtagerði 52, Kópavogi.

Við sendum hjartans þakkir öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu. Sérstakar þakkir til starfsfólks V2 á Grund v/Hringbraut fyrir hlýja og góða þjónustu.

**Valdimar Karl Guðmundsson** **Rebekka María Sigurðard.**
**Árdís Brekkan** **Einar Brekkan**
**Elín Rósa Guðmundsdóttir** **Jón Rafn Valdimarsson**
**Elfa Hrönn Guðmundsdóttir** **Eyjólfur Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Trausti R. Hallsteinsson**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 6. júní. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 15. júní klukkan 13.00.

**Björk Ingvarsdóttir**
**Hallsteinn I. Traustason** **Nína V. Björnsdóttir**
**Vignir Þór Traustason** **Inga Helma Guðfinnsdóttir**
**og barnabörn.**

---

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA




Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

---



∞

Ástkær sonur okkar, stjúpsonur, bróðir, barnabarn og systursonur,

**Viktor Arnarsson Cilia**

Nýlendugötu 15a, Reykjavík,

lést þann 26. maí sl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 12. júní kl. 15.

**María Dís Cilia**
**Arnar Sigurbjartsson** **Unnur Malín Sigurðardóttir**
**Alexander Arnarsson Cilia** **Andri Freyr Arnarsson**
**Unnsteinn Magni Arnarsson**
**Margrét Guðmundsdóttir**
**Ása Jónsdóttir** **Sigurbjartur Helgason**
**Ivon Stefán Cilia** **Harpa Cilia Ingólfsdóttir**
**Victor Guðmundur Cilia** **Solveig Óladóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

**Magnús Guðjónsson**

prentari,
Engjavöllum 5a, Hafnarfirði,

lést á Landakotsspítala föstudaginn 1. júní. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 12. júní kl. 15.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en við viljum gjarnan benda þeim sem vilja minnast hans á Alzheimersamtökin á Íslandi.

**Þórunn Haraldsdóttir**
**Bylgja Magnúsdóttir**
**Þórunn Maggý Jónsdóttir**
**Birta Sól Utley**
**Rebekka Huld Utley**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jón Þorkels Eggertsson**

netagerðarmeistari, Keflavík,

lést laugardaginn 26. maí á hjúkrunarheimilinu Hlévangi. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 12. júní klukkan 13.

**Hólmfríður Guðmundsdóttir**
**Eggert Jónsson** **Una Hafdís Hauksdóttir**
**Ingimundur Jónsson**
**Aðalgeir Jónsson** **Þóra Lilja Ragnarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ragnheiður Stephensen**

hjúkrunarforstjóri,

lést á Hrafnistu föstudaginn 1. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 15. júní kl. 13.

**Jóhann Hjálmarsson**
**Þorri Jóhannsson**
**Dalla Jóhannsdóttir** **Kjartan Pierre Emilsson**
**Jóra Jóhannsdóttir** **Kristjón Freyr Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Gunnars Egilson**

fyrrv. flugumferðarstjóra og bónda Grund 2, Eyjafjarðarsveit.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Auður Birna Egilson**
**Þorsteinn Egilson**
**Bryndís Egilson** **Stefán Sch. Árnason**
**Kjartan Steinarr Egilson**
**Snæfríð Egilson** **Ivan Falck-Petersen**
**Agla Egilson** **Jónas Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Halla Guðný Erlendsdóttir**

Laufásvegi 50, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 30. maí á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 11. júní 2018 klukkan 13.

**Anna Erla Guðbrandsdóttir** **Egill Sveinbjörnsson**
**Margrét Traustadóttir** **Ámundi Halldórsson**
**Hjördís Steina Traustadóttir** **Kristinn Jónsson**
**Erlendur Traustason** **Björg Sigrún Ólafsdóttir**
**Þórður Ólafur Traustason** **Ágústa Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Guðmundsdóttir**

frá Miðhópi, Hofsvallagötu 23, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans 24. maí sl., verður jarðsungin frá Fossvogskirkju í Reykjavík mánudaginn 11. júní nk. kl. 13.

**Þórunn Birna Böðvarsdóttir** **Hugi Helgason**
**Kristín Böðvarsdóttir** **Valgeir Jónasson**
**Ólöf Ása Böðvarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskulega föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Karls Jóhannssonar**

Kringlumýri 1, Akureyri.

**Reynir Karlsson** **Anna Sigríður Halldórsdóttir**
**Heimir Karlsson** **Elfa Hauksdóttir**
**Ragnheiður Antonsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**Hanna Margrét Sverrisdóttir**

lágfiðluleikari,

lést á heimili sínu í Belgíu þann 24. maí. Útförin fer fram í Brussel þriðjudaginn 12. júní klukkan 14.00.

**Rafn Halldór Gíslason** **Linda og Ómar Kraim**
**Svanbjörg Sverrisdóttir** **Halldór Magni Sverrisson**
**Hanna Sigurðardóttir**

---



Innilegar þakkir vegna andláts og útfarar föður okkar,

**Berents Sveinbjörnssonar**

Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði.

**Sveinbjörn Berentsson** **Auður Björgvinsdóttir**
**Jóhanna Berentsdóttir** **Dagur Jónsson**
**Hólmfríður Berentsdóttir**
**Jóhann Berentsson**
**og barnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, bróðir og mágur,

**Vilhjálmur Friðþjófsson**

Gullsmára 7, Kópavogi,

lést á heimili sínu laugardaginn 26. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fíladelfíu í Reykjavík þriðjudaginn 12. júní kl. 13.00.

**Herdís Eyþórsdóttir**
**Steinunn Erla Friðþjófsdóttir** **Björn Ingólfsson**
**Hallveig Friðþjófsdóttir** **Tonni Christiansen**
**Jóna Lísa Þorsteinsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Eiginmaður minn,

**Sigurður Kristinn Bárðarson**

avatarmeistari og húsasmíðameistari,

andaðist á heimili okkar, Lönguhlíð 18, á Akureyri, þriðjudaginn 5. júní. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. júní klukkan 10.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar, hvers kort fást hjá Blómabúð Akureyrar og SAk. Reikningsnúmer sjóðsins er: 162-05-62158, kt. 570397-2819.

**Álfhildur Ólafsdóttir**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Lárus Ögmundsson**

lögfræðingur, Kjalarlandi 3, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 5. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 21. júní klukkan 13.

**Hildigunnur Sigurðardóttir**
**Lilja Karítas Lárusdóttir** **Ólafur Már Sigurðsson**
**Dóra María Lárusdóttir**
**Sigurður Egill Lárusson** **Birta Elíasdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún B. Björnsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í faðmi fjölskyldunnar þann 5. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jón Guðmundur Bergsson**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Albert Rúnar Ágústsson**

Miðnestorgi 3, Sandgerði,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 26. maí. Útförin hefur farið fram.

**Aðstandendur.**

---



Okkar ástkæri faðir, afi, bróðir og tengdafaðir,

**Sveinbjörn Einar Magnússon**

lést á heimili sínu þann 30. maí. Útför hans fer fram frá Ísafjarðarkirkju þriðjudaginn 12. júní kl. 16.00.

**Laufey Anika Sveinbjörnsdóttir**
**Stefán Reyr Sveinbjörnsson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Fannar Halldór Sveinbjörnsson**
**Rósa Magnúsdóttir**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



Okkar ástkæra

**Sólveig Ólafsdóttir**

lögfræðingur, Bræðraborgarstíg 15, Reykjavík,

lést föstudaginn 1. júní í faðmi fjölskyldunnar á kvennadeild Landspítalans. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 12. júní kl. 15.

**Jónatan Þórmundsson**
**Þórmundur Jónatansson** **Gyða Valdís Guðmundsdóttir**
**Sigurveig Þórmundsdóttir** **Ólafur Bjarni Bergsson**
**Sólveig Þórmundsdóttir**
**Sigurður Freyr Jónatansson** **Sigríður Hjördís Jörundsdóttir**
**Skarphéðinn Ísak Sigurðsson**
**Helena Rós Sigurðardóttir**

---



Ástkær faðir okkar,

**Birgir Björnsson Aspar**

lést á sjúkrahúsi í Taílandi 11. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Börn hins látna, Ómar, Rósa, Úlfar og Grímur.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Helga Aðalsteinsdóttir**

Austurbyggð 17 (Hlíð), Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar sunnudaginn 3. júní. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. júní kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtökin í Hlíð.

**Sigurður Reynir Gunnarsson** **Erla Sveinsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir**
**Birgir Skjóldal** **Guðlaug Guðjónsdóttir**
**Anna Bára Gunnarsdóttir** **Svanur Kristófersson**
**Gunnar Páll Gunnarsson** **Guðríður Sveinarsdóttir**
**Viðar Gunnarsson** **Arna Geirsdóttir**
**Garðar Gunnarsson**
**Harpa Hrönn Gunnarsdóttir** **Sigurður Ágústsson**
**Helga Skjóldal** **Guðmundur Ísidórsson**
**Gunnar Skjóldal Ómarsson** **Yvette Trolle Ómarsson**
**Aníta Gunnarsdóttir Skjóldal** **Benedikt Karlsson**
**ömmu-, langömmu- og langalangömmubörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín R. Thorlacius**

er látin. Útför hennar fer fram frá Borgarneskirkju föstudaginn 15. júní kl. 13.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir til þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**Gríms Benediktssonar**

frá Kirkjubóli, Dalbraut 14, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á hjúkrunarheimilinu Skjóli fyrir góða umönnun.

**Benedikt G. Grímsson**
**Anna Inga Grímsdóttir** **Svanur Ingimundarson**
**Gunnar Rúnar Grímsson** **Ragna Þóra Karlsdóttir**
**Smári Gunnarsson** **Stephanie Thorpe**
**Grímur Gunnarsson** **Þorbjörg Ásta Leifsdóttir**
**Sara Benediktsdóttir** **Albert Valur Albertsson**
**Lilja Karen Albertsdóttir**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**HOLUGEITUNGUR**



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist fyrirbæri sem brýnt er að auka og bæta á tímum netvæðingar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 15. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „9. júní“.



### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þitt annað líf** eftir **Raphaélle Giordano** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Svanhildur Hermannsdóttir, Akureyri**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Lengd branda ræður stærð matarskammta (9)
**11** Merki peningaumsýslu ræður skilningi á debet og kredit (12)
**12** Leikur karls og kóngs (9)
**13** Notið sterka stinginn er þið fangið hið haldgóða (12)
**14** Skrúfið salerni á snúru svo þið náið í rafmagnið (9)
**15** Undirstöður fyrir líkamsbaðker (6)
**16** Sprikl rennur æ til angurs (7)
**17** Naglasúpan festir stál við stál (9)
**18** Tál morar í óværu ef brestir greinast (6)
**21** Kringum allt í grennd úr öfugri átt (7)
**22** Um hreggsvalan streng (8)
**23** Grálynd eru gjörn til grimmdarverka (6)
**24** Náði vöðum á sitt vald og endurheimti því steikina (7)
**28** Kynntir Jolson svo vel að þekktir þrjótar komust við (8)
**33** Pysja er ekki gamall skarfur (7)
**35** Hún keyrði, enda kjörin til þess og laus við verki (7)
**36** Hvað er prentað fyrir brautskráningu? (8)
**37** Nirfillinn og kvölin sem bíður hans í krufningunni (7)
**38** Fæ verðlaun fyrir jarm glitfífils (7)
**39** Snilldarhugur hannar styttur (8)
**40** Griphöfði á Kjalarnesi – hvar Þorsteinn Ingólfsson lagði drög að lýðveldi (7)
**41** Rín kvað vera góð fyrir bangnar og brenglaðar sálir (7)
**42** Ætli kommalufsan myrði fólk með meðlæti? (8)
**43** Kynda utanhúss til að auka þar hlýju (7)
**44** Hulda þegir um það sem börn fá í kaup (7)
**45** Sá freki hefur sitt fylgdarlið í vasanum (6)
**46** Bráðræði Daníels og drauganna sjö (7)

### LÓÐRÉTT

**1** Fæðir fiskimiðin (12)
**2** Er vindsæng Öldu uppspretta hins skammlífa æðis? (12)
**3** Finnið lausn á ljóði svo hreinlífið sigri (10)
**4** Sagan af heyi hins öfuga bónda og broti boltamannsins (12)
**5** Sagan af planinu góða og hvernig það horfir við öðrum (9)
**6** Risavaxin ryðjast þau gegnum storminn (11)
**7** Þau meta það einskis, augnablikið (11)
**8** Þær ólust upp við sönginn um ástandið áður fyrr (12)
**9** Mun öflugri eftir tvær viðbætur (8)
**10** Innlærisvöðvi Össa kokks (8)
**19** Inn með það sem flutt var út! (13)
**20** Hugsum nú til strákanna okkar í Garðaríki (13)
**25** Ýti undir fannkomur og skeinuhætt skeytaregn (10)
**26** Af kosningapípum og öðrum frumstæðum vopnum (10)
**27** Pressa systur vegna sóleyjafrænka hverra ber eru þó ekki í Blue Nun (10)
**29** Auðvelda skokk hests sem fer hið hraða fet (9)
**30** Bernskuárin og blíðan sem einkenndi þau (9)
**31** Skiptum fiski á milli okkar og sneiðum hjá þrasi (9)
**32** Alltaf á flækingi þrátt fyrir sterkar rætur (9)
**34** Tóm sál og flá (7)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 6 | | 2 | | | | |
| | | | | | 1 | | 9 | 5 |
| | 5 | | | 3 | | | 1 | |
| 6 | | | 3 | 9 | | | 8 | |
| 3 | 4 | | 2 | | | | 6 | |
| | | 2 | 4 | 6 | | | | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | | | | | |
| | | | | | | | 4 | 3 |
| 1 | 2 | | | | | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | 9 | | 5 | | | 7 |
| | | 4 | | 6 | | | 5 | 9 |
| | 3 | | | | | | | |
| | 8 | | 3 | | | | 6 | 1 |
| | 6 | | 5 | | | | 3 | |
| | | 7 | | 1 | 6 | | | |
| | | 8 | | 3 | | 9 | | |
| 1 | | | | | 2 | 6 | | |
| 5 | | | | 9 | 7 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | | 1 |
| 3 | 9 | | | 4 | 7 | | | 6 |
| 7 | | 1 | | 8 | 6 | 3 | | |
| | 3 | | | | | 8 | | |
| | 6 | 7 | | | | | 3 | 4 |
| | | | | | | | | 2 |
| | 8 | 3 | | 1 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 5 | 6 | |
| | 7 | | 9 | 3 | | | 4 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 6 | 9 | 8 | 5 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 | 6 | 4 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 5 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 |

## Skák Gunnar Björnsson



Jón Viktor Gunnarsson (2.472) átti leik gegn Þresti Þórhallssyni (2.416) á Íslandsmótinu í skák í Valsheimilinu.
**Svartur á leik**
Jón Viktor virðist í vandræðum með dömuna en hann hafði séð lengra. **33. … Bg5! 36. Hdd1** (36. Bxe5 Rxe5 37. Df2 Bxd2 með muni betra tafli á svart.) **34. … Dh8 35. h4 Bf6 37 fxg6 Bd4+** og svartur vann skömmu síðar. Lokaumferðin hefst kl. 11. Bráðabani kl. 19 ef þörf reynist. **www.skak.is:** Íslandsmótið – úrslitin ráðast.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## BETRI SAMNINGUR

Evrópumótið í bridge er spilað í borginni Ostende í Belgíu dagana 6.-16. júní. Keppt er í opnum flokki, kvennaflokki og eldri flokki (senior) og Ísland er með sveit í öllum flokkum. Keppnin í opnum flokki hófst strax á miðvikudaginn 6. júní, en þá voru spilaðar 4 umferðir í riðlakeppni. Lið Íslands samanstendur af 3 sterkum pörum: Jón Baldursson-Sigurbjörn Haraldsson, Aðalsteinn Jörgensen-Matthías G. Þorvaldsson og Ómar Olgeirsson-Ragnar Magnússon. Á fimmtudag voru spilaðar 3 umferðir (annar dagur mótsins) og hafa allir íslensku leikirnir unnist nema naumt tap fyrir Dönum (37-46). Ísland er í 6. sæti með 90,95-stig eftir 7 umferðir. Efsta þjóðin er Ítalía með 112,99 stig. Í þriðju umferð var andstæðingur Íslendinga Litháen. Góður sigur, 56-29 (16,26-3,74) vannst þar. Í þessu spili í leiknum spiluðu nánast allir í AV 3 grönd sem fóru samstundis niður eftir spaðaútspil. Norður var gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ KDG64
♥ 43
♦ 876
♣ D98

**Vestur**
♠ A9
♥ K62
♦ D42
♣ AK1075

**Austur**
♠ 1053
♥ AG85
♦ KG1053
♣ 4

**Suður**
♠ 872
♥ D1097
♦ A9
♣ G632

Ómar og Ragnar sátu í AV í opnum sal. Þeir náðu miklu betri samningi, 5♦ og þó að útspilið hafi verið spaði, tókst Ragnari að landa samningnum heim. Á hinu borðinu voru spiluð 3 grönd sem fóru 1 niður. Það var 11 impa gróði til Íslendinga.


KRÓNAN
Chili Bernaise fylgir frítt með fyrstu 1000 pökkunum af fyrirliðanum
Gerðu þinn eigin Fyrirliða!
ÍSLENSKA HAMB ORGARA FABRIK KAN 2010
Chili Bernaise sósan, 300 ml
499 kr. stk.
2 hamborgarar og brauð, salt og pipar
1199 kr. pk.
POMMES FRITES
Gestur franskar, 900 g
399 kr. pk.
Taga Serrano Skinka 60g
399 kr. pk.
100% hamborgara-búðin þín!
120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.
NÝ AÐFERÐ
Betri hamborgari!
alltaf 2 stk. í pakka
ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK
GOURMET CHILI-PIPAR BORGARAR NORÐLENSKA
GOURMET GRÁÐAOSTA BORGARAR NORÐLENSKA
GOURMET BEIKON BORGARAR NORÐLENSKA
Fylltir hamborgarar, 2x120 g
599 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 10. júní eða meðan birgðir endast. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRAKKAR

## Konráð 305 og félagar á ferð og flugi



„Þetta lítur nú bara út eins og spilið mylla," sagði Kata þegar hún sá næstu þraut. „Mér finnst nú lúdó miklu skemmtilegra." „Hvað eigum við að gera við þessa myllu," bætti hún svo við. „Við eigum að telja hvað það eru margir ferhyrningar í henni," sagði Lísaloppa. „Ferhyrningar," sagði Kata hugsi. „Ekki teningar?"

„Nei, ferhyrningar," sagði Lísaloppa. Kata horfði á þrautina nokkra stund. „Það er sem ég segi," sagði hún svo. „Ég kann betur við lúdó."

**Getur þú talið hvað ferhyrningarnir eru margir?**



## Listaverkið

Hún **Anna Jóna** sex ára sendi okkur þessa sumarlegu mynd.



**Lausn á gátunni**



Eva Elírós er nýkomin af sumarhátíð í leikskólanum Furuskógi og á fleiri ævintýri fram undan. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ætlar að eiga sirkus og gera alltaf aðalatriðið

Eva Elírós er fimm ára, alveg að verða sex. Hún er oftast kölluð Eva. Þegar viðtalið fer fram er hún nýkomin af sumarhátíð í leikskólanum Furuskógi en í haust byrjar í hún í Vogaskóla.

**En hvað ætlar hún að gera skemmtilegt í sumar?** Ég ætla að fara til útlanda og kannski í annað ferðalag. Ég ætla að fara á bát eitthvert. Ég ætla að veiða og tjalda. Við ætlum að gera alls konar í sumar.

**Þekkir þú einhverja fugla?** Já, marga. Ég þekki, sko, glókoll, súlu, máf, tjald, krumma, fálka, örn, glókoll, maríuerlu, skógaþröst, starra... hmm... lunda, hvað var það aftur svo? Lóa, spói, jaðrakan, súla, hettumáfur, kría, silkitoppa.

**Hefurðu farið í ferðalag sem þú getur sagt okkur frá?** Ég hef farið til Brasilíu, en það gerðist svolítið leiðinlegt þar. Ég stakk mig á marglyttu. Þá fór ég í sjóinn, fyrst sáum við marglyttu og svo sáum við aðra marglyttu og hún stakk mig. Og svo fórum við, hann pabbi þurfti að halda á mér alla leiðina heim á hótel. Ég hélt líka á froski í Brasilíu og fékk að fara á fjórhjól. Það er annað land sem ég hef farið í, ég fór til Parísar og á fjögurra og hálfs árs afmælinu mínu förum við í Disneyland.

**Vá, en hvaða leikir eru í mestu uppáhaldi?** Leikir sem eru margir í, Úlfur, úlfur og Hvað er klukkan? Mér finnst ekki gaman samt þegar ég er úlfur. Þá er einhver búinn að klukka mann og þá missir maður alltaf stig. Svo finnst mér gaman að lita og föndra og gera alls konar.

**Hver er besti maturinn?** Það er steiktur fiskur, sushi, soðinn fiskur með tómatsósu, pulsa, spagettí og hamborgari. Svo eru það líka mandarínur og piparkökur. Svo er það fullt af kjöti, einhvers konar kjöti.

**Hvað langar þig mest að gera þegar þú verður stór?** Vera í sirkus og líka að búa til skartgripi.

**Hvað langar þig að gera í sirkus?** Fullt af atriðum og ég vil alltaf gera aðalatriðið. Syngja lag, gera dans og alls konar.

**Hver á að eiga sirkusinn?** Ég.

## KRAKKAR

# Vilja vita margt um virkjanir



Hópur úr Sæmundarskóla í Grafarvogi naut þess að sleikja íspinna í varmanum í virkjunni nú í vikunni. MYND/KRISTÍN ÝR

Krakkar sem heimsækja Hellisheiðarvirkjun í boði Orku náttúrunnar sýna jarðhitanum, umhverfinu, tækninni og rafmagninu áhuga.

Nemendur úr 9. bekkjum nokkurra grunnskóla í Reykjavík, Hveragerði, á Selfossi, Eyrarbakka og í Þorlákshöfn hafa farið í heimsóknir í Hellisheiðarvirkjun undanfarið. Til að forvitnast meira um þessar ferðir höfðum við samband við Kristínu Ýri Hrafnkelsdóttur sem sér um jarðhitasýningarnar í virkjuninni fyrir Orku náttúrunnar.

Hún segir heimsóknir íslensku skólahópanna ánægjulegar. „Krökkunum þykir spennandi að koma hingað. Þeir eru áhugasamir og spyrja út í efnafræðina, jarðhitann og tæknina. Þeir vilja vita hvort gastegundirnar séu mengandi og velta fyrir sér fleiru í sambandi við umhverfið. Hvaða möguleika orkan gefur og velta fyrir sér rafbílavæðingunni og fleiru sem tengist rafmagni. Eins höfum við fengið spurningu um hver hafi fjármagnað virkjunina. Það fannst okkur athyglisvert miðað við aldur gestsins.“

Hellisheiðarvirkjun er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og þar er tekið á móti um það bil 25.000 erlendum nemendum á ári, að sögn Kristínar. „Útlendingar sækjast eftir að fræðast um hina endurnýjanlegu orku sem þjóðin er svo auðug að. Íslenskir nemendur hafa komið hingað annað slagið en ekki á eins skipulagðan hátt og núna. Við vildum gjarnan kynna fyrir þeim þessa nýtingu jarðhitans svo að þeir fái áhuga á störfum sem tengjast orkuauðlindum okkar og úr varð að bjóða upp á rútuferðir hingað úr skólunum í nærumhverfinu.“

Kristín segir áhuga á að koma fræðslu um jarðhitann inn í skóla. „Það er verið að búa til námsefni sem nemendur geta unnið annaðhvort hér á staðnum eða eftir að þeir koma í skólana aftur. Það verður fjörlegt og snalltækjavænt og verður væntanlega tilbúið í haust.“ **gun@frettabladid.is**



Kristín Ýr hefur umsjón með jarðhitasýningu Orku náttúrunnar.

Lestrarbingó Forlagsins – vertu með!

Klipptu bingómiðann út og skilaðu honum inn í Bókabúð Forlagsins fyrir 25. ágúst 2018 þegar þú er búinn að merkja við alla reitina. Þú færð bók um ***Kaftein ofurbrók*** að eigin vali í verðlaun.




LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**
Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Fremur hæg suðaustanátt í dag og rigning um vestanvert landið en skýjað og þurrt að kalla austan til. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast í innsveitum norðaustanlands.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 28° | Oslo 25° | Stokkhólmur 22° | Gautaborg 25° | Helsinki 13° | Þórshöfn 8° | Nuuk 3° |
| London 21° | Amsterdam 23° | París 25° | Berlín 30° | Madríd 20° | Brussel 24° | Róm 25° |
| Boston 17° | New York 19° | Orlando 23° | Moskva 14° | Singapúr 29° | Tókýó 22° | Sydney 13° |







## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↑5 | 7° ↗4 | 8° ↖7 | 7° ↗7 | 6° ↗4 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ←2 | 6° ↖2 | 6° ←3 | 6° ↗7 | 4° ↘3 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↘2 | 9° →5 | 9° ↙3 | 7° ↗9 | 9° ↓1 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 16° ↗4 | 12° ↘2 | 10° →1 | 11° ↘4 | 10° ↓7 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ↗7 | 11° →4 | 10° ↑4 | 9° ↗7 | 12° ↖3 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM
SHREK
Draumur
CHARMING
KOMIN Í BÍÓ
Trópí
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS
BORGAR BÍÓ
sena

# Eitt ótal heimila sem eru sprengd í tætlur

**Listamaðurinn Anssi Pulkinen átti að verða arkitekt en sýnir núna sýrlenskar húsarústir á vörubílspalli á Listahátíð í Reykjavík.**



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Street View (Reassembled) eftir finnska listamanninn Anssi Pulkinen er áhrifaríkt verk sem enginn ætti að láta óskoðað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þegar komið er að Norræna húsinu í Reykjavík blasir við óvenjuleg sjón þessa dagana. Stórum vörubílspalli hefur verið komið fyrir á túninu framan við húsið, greinilega með talsverðri fyrirhöfn, en á pallinum eru steypugráar húsarústir. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að rústirnar eru langt að komnar eða alla leið frá hinu stríðshrjáða Sýrlandi. Þær eru hluti af sundursprengdu heimili venjulegrar fjölskyldu og hingað komnar á vegum Listahátíðar í Reykjavík í samstarfi við Rauða krossinn og Norræna húsið.

Það er full ástæða til þess að hvetja alla til þess að leggja leið sína að þessu áhrifaríka listaverki sem kallast Street View (Reassembled) og er eftir finnska listamanninn Anssi Pulkinen. Húsarústirnar eru margbrotin táknmynd um missi heimilis og tala beint inn í grimman veruleika sem er okkur hér á þessu friðsæla landi í senn framandi en samt svo nálægur í smækkandi veröld.

### Átti að verða arkitekt

Listamaðurinn Anssi Pulkinen er ungur að árum, hæglátur og viðkunnanlegur maður, sem segir að hans persónulegi bakgrunnur eigi vissulega sinn þátt í að hann hafi ákveðið að skapa þetta verk.

„Ég er fæddur í Helsinki og var víst það sem kallað er innhverfur á barnsaldri. Vildi ekkert gera annað en að sitja og teikna alla daga og þó svo það væri enginn sérstakur áhugi á listum í fjölskyldunni þá naut ég þess að mamma setti mig í myndlist á meðan aðrir krakkar fóru í fótbolta eða íshokkí.

Þetta leiddi mig á þessa braut listarinnar en reyndar vildu amma og afi alltaf að ég yrði arkitekt. En ég er hræddur um að húsarústirnar mínar frá Sýrlandi séu ekki alveg það sem þau sáu fyrir sér,“ segir Anssi og hlær mjúklega.

„Ég valdi höggmyndalistina í listaskóla og fljótlega fór sá áhugi að snúast upp í að byggja rými frekar en hluti. Þannig að þessi tengsl við arkitektúrinn blunduðu í mér. Að auki þá hef ég líka verið að stúdera kvikmyndalist og þá getur rými verið hluti af persónunum, mótað þær og átt sinn þátt í að segja sögu. Árið 2008 var ég til að mynda með verk sem var gangur sem fólk gekk inn í. Þegar inn var komið þá var hann rétthyrndur og venjulegur en eftir því sem lengra var gengið inn eftir ganginum fór hann að krumpast, vindast og í raun falla saman í innri endann.“



Anssi Pulkinen segir að myndir úr Vetrarstríðinu hafi átt sinn þátt í að hann skapaði þetta verk sem fjallar um veruleika flóttamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Tengslin við Vetrarstríðið

Anssi segir að á þessum tíma hafi kvikmyndalistin heillað og hann ákvað því að fara að læra heimildarmyndagerð. „Húsarústirnar frá Sýrlandi eru líkast til einna skýrasta dæmið í minni list um tengsl þessara tveggja greina, mynd- og kvikmyndalistar, þar sem eðli þessa verks er að segja ákveðna sögu. Sýna viðtakendum veruleika sem annars væri þeim hulinn. Þetta er veruleiki sem er sóttur til Sýrlands og síðan settur aftur saman (reassembled) hérna norður í Evrópu. Þetta er veruleiki sem er okkur kannski fjarlægur í dag en það hefur auðvitað ekki alltaf verið þannig.“

Aðspurður hvort hann sé þá að vísa til Vetrarstríðsins og þess hversu áþreifanlegt það er víða í finnskri menningu og listum segist Anssi ekki getað tekið fyrir það. „Ég er samt svo ungur að Vetrarstríðið var fyrir mér fjarlægt. Það var hluti af veruleika ömmu og afa og jafnvel foreldra minna á einhvern hátt. Það er þarna einhvers konar áfallastreituröskun sem hefur flætt í gegnum heilu kynslóðirnar en eðlilega farið dvínandi eftir því sem lengra er liðið. Á hverjum sjálfstæðisdegi þá er alltaf sama Vetrarstríðskvikmyndin í sjónvarpinu og svona, þannig að þetta er enn hluti af okkur.

Árið 2013 var kallað eftir verkum í tengslum við sjálfstæðisafmæli Finnlands og ég tók þátt og lagðist í rannsóknir á Vetrarstríðinu. Skoðaði hundruð þúsunda mynda frá finnska hernum sem voru settar á netið á þessum tíma og svona á einhvern hátt sogaðist ég inn í þennan veruleika. Horfði á þetta mynd eftir mynd og óhjákvæmilega þá sat eitthvað eftir. Þarna voru margar myndir af sundurtættum húsum og þessar myndir lágu áfram þarna í hausnum á mér.

Þegar ég skapaði svo þetta verk árið 2016 út frá flóttamannavandanum sem var þá í brennidepli umræðunnar í Evrópu þá brutust þessar myndir fram. Tengslin urðu til og tengslin snúast einfaldlega um heimili. Þörfina fyrir heimili, réttinn á því að eiga heimili og þá staðreynd að víða í heiminum eru heimili rifin í sundur af sprengjuregni. Þessu verki er ætlað að sýna hvers vegna flóttamenn flæða um heiminn – ætlað að sýna hvaðan fólk kemur og hvers vegna.“

### Þetta er ekkert nýtt

Anssi segir að ferðin sem flóttamenn fara hafi líka verið honum ofarlega í huga. „Ferðin sem flóttafólk leggur á sig með öllum þeim hættum og allri þeirri óvissu sem þeirra bíður. Þegar við horfum til alls þess sem fólk leggur á sig og svo til þess að það er jafnvel auðveldara fyrir mig að flytja húsarústir en fyrir fólkið að flýja í öryggi þá er það umhugsunarvert. Í ákveðnum skilningi er það auðvitað grimmilegt.“

Eftir að verkið kom fyrst fram fékk það á sig gagnrýni í Finnlandi út frá þessum punkti og eins segir Anssi að það hafi truflað suma að hann hafi ekki farið sjálfur til Sýrlands til þess að sækja rústirnar. „Ég fékk ekki vegabréfsáritun til þess að fara en ég sé heldur ekki hverju það hefði breytt. Þetta verk er ekki á nokkurn hátt um mig heldur flóttafólkið og heimili þeirra. Verkið er það sama. Og verkinu er líka ætlað að varpa ljósi á þessa hluti. Varpa ljósi á það að Evrópulöndin eiga í margháttuðum viðskiptum við þessi stríðshrjáðu svæði og það er ekki eins og þau geti staðið í sinni fjarlægð og látið eins og þetta komi þeim ekki við. Eins og þau beri enga ábyrgð.“

Anssi bendir líka á að verkinu sé ætlað að fjalla um þá staðreynd að ISIS stundi það markvisst að bæði stela og eyðileggja stórkostleg menningarverðmæti. „Ég vildi tengjast þessu og vísa til þess að þetta rán á menningarverðmætum er eitthvað sem nýlenduveldin stunduðu markvisst öldum saman. Þetta er ekkert nýtt – ekkert sem er okkur óviðkomandi og það þarf ekki annað en að fara á til dæmis British Museum til þess að sjá það.“

Viðbrögðin við verkinu voru með ýmsum hætti en Anssi segir að viðbrögðin sem verkið fékk frá flóttamannasamfélaginu í Finnlandi hafi skipt hann mestu máli. „Þetta er fólkið sem þekkir þennan veruleika af eigin raun og það tók verkinu gríðarlega vel. Það skipti mig líka miklu máli að ég fékk frábæra aðstoð frá flóttamönnum, einkum frá Írak, til þess að koma verkinu upp. Ég hefði í raun aldrei getað gert þetta án þeirra.

Raddir um að þetta sé einhvers konar menningarnám skipta mig því engu máli í þessu samhengi vegna þess, eins og ég nefndi áðan, þetta snýst ekki um mig. Þetta snýst ekki heldur um eitt tiltekið heimili og þess vegna kaus ég í samráði við flóttamennina sem komu að þessu með mér að halda því leyndu hvaðan rústirnar koma. Ég vildi ekki að þetta yrði persónugerð tragedía heldur að verkið hefði sem breiðasta skírskotun og ég vona að það hafi tekist. Vona að það fái fólk til þess að hugsa um þennan veruleika og láti sig hann meiru varða. Hugsi um að þetta eru ekki aðeins húsarústir heldur eitt ótal heimila sem eru sprengd í tætlur.“

# OFURHETJUUPPGJÖR!

GLÆ-NÝ!




**„Sú besta til þessa.“**
Stephen King

**„Herðir hjartsláttinn til muna - meiri háttar.“**
Independent

**„Child er spennunni trúr; eins og úr smiðju Hitchcocks.“**
Guardian

**„Ef það ætti að drepa mig við sólarupprás mundi ég eyða nóttinni í að lesa spennusögu um Jack Reacher.“**
New York Times

VILDARVERÐ: **3.399.-**
Verð: 3.999.-

**Uppgjör**

Framúrskarandi fyrirtæki




**Ofurhetjuvíddin**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-




**Lífsnautnin frjóa**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Stormfuglar**
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-




**Kapítóla**
VILDARVERÐ: 2.999.-
Verð frá: 3.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 11. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Laugardagur

Hvar@frettabladid.is

## 9. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Tónleikar – Svavar Knútur
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
